allt

Ingibjörg Björnsdóttir:

*Dansar í gegnum sagnfræðina*

• nám

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Vetrarlíf:

*Skíðasvæðin, snjóbretti, ísklifur og fjallaferðir*

Fylgir Fréttablaðinu dag ▶



Villi Naglbítur:

*Kveður bingóið í bili*

• heldur áfram að blóta í haust

SÍÐA 30 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. febrúar 2005 – 52. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

# Fá ekki að hækka útsvarsprósentu

**Umræður um skiptingu tekna ríkis og sveitarfélaga eru á lokastigi. Bæjarstjóri Hafnarfjarðar er ósáttur við niðurstöðuna og segir fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra sýna stöðu sveitarfélaganna skilningsleysi.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sveitarfélögin fá ekki samþykki stjórnvalda til að hækka útsvarsprósentu á íbúa umfram 13,03 prósent. Um það hefur tekjustofnanefnd samið.

Fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra lögðu tilboð ríkisins í hendur tekjustofnanefndar á föstudag með þeim formerkjum að frekari fjármuni væri ekki að fá.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, er ósáttur við tilboðið. Hugmyndir ráðherranna flokkist sem tímabundnar bráðabirgðalausnir þar sem ekki sé tekið á vanda sveitarfélaganna til frambúðar. „Mér finnst þessar viðræður við ríkið hafa verið mikil þrautarganga og skilningur þess á stöðu sveitarfélaganna engan veginn með eðlilegum hætti,“ segir Lúðvík.

Sveitarfélögin höfðu verið sett skilyrði um að þau yrðu ekki rekin með 3,5 milljarða tapi líkt og árið 2003. Þau vildu leyfi stjórnvalda til að hækka þak útsvarsprósentunnar og eiga þannig möguleika á að auka tekjur sínar um 2,5 milljarða.

Sveitarfélögin vildu einnig hlutdeild í veltusköttum svo sem tryggingargjaldi, bensíngjaldi og jafnvel virðisaukaskatti, sem þau hafa ekki haft hingað til. Af því verður ekki. Ríkið mun hins vegar greiða fasteignagjöld af eignum sínum sem hæst mun nema 600 milljónum árið 2008. Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna fær einnig aukið vægi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. - gag

Týndi drengurinn:

## Móðirin leitar dag og nótt

**FÉLAGSMÁL** Móðir 14 ára drengsins sem strauk frá Stuðlum í síðustu viku hefur leitað hans dag og nótt. Hún rekur sögu þeirra mæðgina í Fréttablaðinu í dag, sögu sem alltof margir foreldrar þekkja af eigin raun.

Drengurinn átti í erfiðleikum í skólanum sem hann byrjaði í í haust, truflaði kennslu og átti við hegðunarvandamál að stríða. „Svo skall kennaraverkfallið á,“ segir móðirin í viðtalinu. „Það hafði afar slæm áhrif á hann. Hann hékk mikið heima og lá í rúminu. Hann var ekki búinn að eignast neina vini þá og leið greinilega illa. Þá hvarf hann í fyrsta skipti.“

Drengurinn var ófundinn síðdegis í gær. Þá frétti móðir hans af honum og sendi fósturfaðir drengsins á staðinn. Hann kom of seint.

Sjá síðu 14 og 15



MYND AP

**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON OG SILVIO BERLUSCONI** Forsætisráðherra sat fundinn fyrir Íslands hönd og lagði áherslu á mikilvægi Nató sem samstarfsvettvangs Evrópu og Norður-Ameríku í öryggis- og varnarmálum.

Þjálfun íraskra herforingja:

## Öll ríki hétu stuðningi

**BRUSSEL, AP** Leiðtogar allra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hétu stuðningi ríkja sinna við þjálfunaráætlun bandalagsins sem miðar að því að gera íraska herforingja reiðubúna til að stýra hersveitum og taka við stjórn baráttunnar gegn vígamönnum. Þau ríki sem hafa verið andvíg áætluninni munu hins vegar takmarka þátttöku sína við aðgerðir utan Íraks.

Frakkar voru síðastir til að samþykkja þátttöku í þjálfunaráætluninni en áður höfðu þeir ásamt Þjóðverjum og nokkrum öðrum Evrópuríkjum bannað hermönnum sínum í stjórnstöðvum Nató að taka þátt í áætluninni. Þeirra þátttaka takmarkast þó við störf eins herforingja sem kemur að samræmingu starfsins í hernaðarstjórnstöð Nató í Belgíu.

Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, sagði í viðtali við Allgemeine Zeitung að ágreiningur Þjóðverja og Bandaríkjanna varðandi Íraks hefði verið leystur. George W. Bush Bandaríkjaforseti er væntanlegur til Þýskalands í dag. ■

Heyrnarlausir og heyrnarskertir foreldrar grunnskólabarna:

## Borgin hafnar túlkaþjónustu

**BORGARMÁL** Borgaryfirvöld hafa hafnað beiðni Félags heyrnarlausra um að viðurkennd verði skylda Reykjavíkurborgar til að tryggja endurgjaldslausa túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa foreldra grunnskólabarna. Hafdís Gísladóttir, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra, segist ekki sætta sig við niðurstöðuna. Líklega verði farið með málið fyrir dómstóla.

Í umsögn Kristbjargar Stephensen, skrifstofustjóra á skrifstofu borgarstjóra, segir að síðastliðið haust hafi Fræðslumiðstöð ákvarðað um að borgin greiddi ekki fyrir túlkaþjónustu fyrir heyrnalausa eða heyrnarskerta foreldra. Því væri litið á erindið frá Félagi heyrnarlausra nú sem beiðni um endurupptöku þeirrar ákvörðunar.

Félag heyrnarlausra telur að samkvæmt grunnskólalögum verði borgaryfirvöld að tryggja rétt foreldra til að fylgjast með málum barnanna gagnvart skólanum. Óheimilt sé að boða til foreldrafunda sem heyrnarlausum foreldrum sé ókleift að sækja vegna þess að engin túlkaþjónusta sé fyrir hendi. Máli sínu til stuðnings vísar félagið einnig til jafnréttisákvæðis stjórnarskrárinnar.

Borgarráð hefur fjallað um málið og samþykkt umsögn Kristbjargar en í henni kemur fram að ekki sé skilyrði fyrir því að taka málið upp að nýju.

sjá síðu 4/- th

Kauphöllin:

## Töluverð lækkun

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitala hlutabréfa hefur lækkað um tæp fjögur prósent það sem af er viku.

Í gær lækkuðu hlutabréf í Actavis um tæplega níu prósent. Ársuppgjör Actavis sýndi afkomu sem var nokkuð undir væntingum. Greiningardeild Landsbankans gaf það úr að verðmat á félaginu yrði lækkað í kjölfar uppgjörsins. KB banki ráleggur nú fjárfestum í Actavis að minnka vægi félagsins í eignasöfnum sínum.

Sjá síðu 16/- þk

## MIÐVIKUDAGUR



**LOGANDI ÁTÖK UM LANDSVIRKJUN** Þingmenn, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, lýstu í gær yfir andstöðu sinni við sameiningu Landsvirkjunar, Orkubúsins og Rarik. Varaformaður Framsóknarflokksins gagnrýnir Valgerði fyrir að ræða ekki mögulega einkavæðingu innan þingflokksins. Sjá síðu 2

**SÍMAKOSTNAÐUR HEFUR AUKIST UM 70 PRÓSENT** Útgjöld heimilanna vegna póst- og símakostnaðar hækkuðu um 70 prósent á innan við áratug eftir farsímavæðingu landsins. Um 255 þúsund GSM-símanúmer eru í notkun í dag. Sjá síðu 4

**RÁÐHERRA VILL RÍFA STEINGRÍMSSTÖÐ** Landbúnaðarráðherra lýsir því yfir að hann vilji fjarlægja Steingrímsstöð í Efra-Sogi. Það væri lítil fórn fyrir Landsvirkjun. Upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar segir ekki víst að það yrði urriðanum til bóta að fjarlægja stöðina. Sjá síðu 6

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÍÐAST BJARTVIÐRI** Hætt við þokulofti með ströndum, einkum vestan til. Milt í veðri að deginum en þó fremur svalt í þokunni. Sjá síðu 4

**DAGURINN Í DAG**



**HVATINGARVERÐLAUN VEITT**
Klukkan 17 í dag verða Hvatningarverðlaun ferðaþjónustunnar í Hafnarfirði afhent í Hafnarborg. Allir eru velkomnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 26 |
| Tónlist | 26 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 26 | Sjónvarp | 28 |

Dagblaðalestur á miðvikudögum*




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.



## SPURNING DAGSINS

*Ómar, hvað með að lotta?*

**Vinningslíkurnar eru of litlar og þar af leiðandi áhættan of mikil.**

Súðavíkurhreppur hefur lagt 200 milljónir króna í verðbréfasjóði Íslenskra verðbréfa. Milljónirnar hafa að mestu verið lagðar á áhættulitla sjóði en fimm til tíu prósent í sjóði sem kunna að gefa meira af sér. Lítill bær í Þýskalandi, sá skuldsettasti í landinu, ákvað á dögunum að lotta til að laga stöðuna.

Skjálfti upp á 6,6 á Richter reið yfir fjallahéruð í Íran:

# Hundruð fórust í jarðskjálfta

**ÍRAN, AP** Ekki færri en 500 manns fórust þegar mannskæður jarðskjálfti reið yfir Íran í gærmorgun.

Skjálftinn reið yfir í fjallahéruðum um miðbik landsins snemma morguns meðan flestir voru enn sofandi. Íbúar um 40 þorpa þar sem búa samtals 30 þúsund manns urðu fyrir barðinu á jarðskjálftanum. Eignatjóns varð vart í öllum þorpunum og víða lést fólk þegar heimili þeirra hrundu. Verst var ástandið í minni þorpum í fjallshlíðum þar sem stærstur hluti heimila eyðilagðist.

„Hvert ert þú farin? Ég gerði mér miklar vonir um þig,“ söng Hossein Golestani þar sem hann hélt á líflausum líkama sjö ára dóttur sinnar. Við hlið hans lá önnur dóttir hans sem einnig lést í jarðskjálftanum, átta ára gömul.

Eftirlifendur leituðu ættingja sinna í húsarústunum og hjálparstarfsmenn reyndu að flytja þá sem lifðu skjálftann af til bæja og borga í grenndinni þar sem þeir hefðu þak yfir höfuðið. Á sama tíma höfu 1.500 leitarmenn frá íranska Rauða hálfmánanum leit að fólki í rústunum með hundum og sérþjálfuðum leitarsveitum. ■

**MANNSKÆÐUSTU JARÐSKJÁLFTAR Í ÍRAN FRÁ 1978**

| | |
|---|---|
| 21. júní 1990 | 50.000 fórust í jarðskjálfta í norðvesturhluta landsins. |
| 26. desember 2003 | 26.000 fórust í jarðskjálfta í Bam í suðausturhluta landsins. |
| 16. september 1978 | 25.000 fórust í jarðskjálfta í norðausturhluta landsins. |
| 10. maí 1997 | 1.500 fórust í jarðskjálfta á norðanverðu landinu. |
| 22. júní 2002 | 500 manns hið minnsta fórust í jarðskjálfa í norðvesturhluta landsins. |



**LEITAÐ Í RÚSTUNUM**
Þessi maður slasaðist lítillega í jarðskjálftanum en var fljótlega farinn að leita að fólki sem var fast í rústunum.

Bobby Fischer:

## Fær útlendingavegabréf

**FISCHER-MÁLIÐ** Á fundi hjá Útlendingastofnun í gær var staðfest að stjórnvöld hefðu samþykkt að gefið yrði út útlendingavegabréf til handa Robert James Fischer, fyrrverandi heimsmeistara í skák. Sendiherra Íslands í Japan mun annast afhendingu á vegabréfinu.

Í tilkynningu frá stuðningsmönnum Fishcer segir að þar með sé skákin unnin og Fischer muni öðlast frelsi sitt á ný eftir sjö mánaða vist í innflytjendabúðum. Vona stuðningsmenn hans til að Fischer geti ferðast til Íslands innan tíðar.

- ss

Flokksþing Framsóknarflokks:

## Brynja fær ekki fulltrúa

**STJÓRNMÁL** Ákveðið var í gær að Brynja, nýtt félag framsóknarkvenna í Kópavogi fær ekki að senda fulltrúa sína á flokksþing Framsóknarflokksins nú um helgina. Þær fjórar konur sem valdar höfðu verið fara því ekki í umboði Brynju. Samkvæmt lögum flokksins ákvarðast fulltrúatala á flokksþing af félagatali einum mánuði fyrir flokksþingið.

Landsstjórn mun ekki koma saman fyrir flokksþingið til að ræða málið og kemur því ekki til þess að Siv Friðleifsdóttir eða Una María Óskarsdóttir þurfi að víkja úr sæti á meðan málefni Brynju verða rædd.

- ss

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**SKÍÐASLYS Í BLÁFJÖLLUM** Fjórtán ára stúlka slasaðist í Bláfjöllum á hádegi í gær. Hún var flutt með sjúkrabíl slysadeild Landspítalaháskólasjúkrahúss. Stúlkan er óbrotin en var haldið yfir nótt.

# Logandi átök um Landsvirkjun

**Þingmenn lýstu í gær yfir andstöðu sinni við sameiningu Landsvirkjunar, Orkubúsins og Rarik. Varaformaður Framsóknarflokksins gagnrýnir Valgerði fyrir að ræða ekki mögulega einkavæðingu innan þingflokksins.**

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra mátti sæta harðri gagnrýni í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær um sameiningu Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og Rarik og að breyta sameinuðu orkufyrirtæki í hlutafélag.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði slíkt rekstrarfyrirkomulag einkavædda einokunarstarfsemi. „Ekki bara hefði það fyrirtæki yfirburðastöðu á raforkumarkaði heldur ætti það líka grunnnetið sjálft, háspennulínurnar sem öll önnur fyrirtæki á markaðnum verða að keppa við.“

Valgerður svaraði gagnrýni Helga með því að benda á að núverandi eigendasamsetning raforkufyrirtækja væri ekki heppileg til að ná fram því markmiði raforkulaganna að stuðla að samkeppni í vinnslu og sölu raforku vegna hagsmunaárekstra eigenda Landsvirkjunar sem eiga allir í öðrum raforkufyrirtækjum. Fram kom hjá Valgerði að stefnt verði að því að sameinuðu fyrirtæki verði breytt í hlutafélag í fyrsta lagi 2008.

Í máli Hjálmars Árnasonar, þingflokksformanns Framsóknarflokksins, kom fram að flokkurinn eigi eftir að fara í gegnum þá umræðu að breyta Landsvirkjun í hlutafélag og jafnvel selja, en slíkt hljóti að vera gert á flokksþinginu sem nú er fram undan. Þá gagnrýnir Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, Valgerði fyrir stefnuyfirlýsinguna um að setja Landsvirkjun á markað, þar sem slíkt hafi ekki verið gert í samráði við þingflokkinn. Hann hefur áhyggjur af því að missa völd á orkubúskapnum til erlendra aðila. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir að sameining fyrirtækjanna hefði ekki verið rædd til neinnar hlítar í þingflokknum og er andvígur þeirri ákvörðun, þar sem yfirburðir fyrirtækisins á markaði verður of mikil.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir að enginn þáttur málsins hafi komið honum á óvart, þar sem málið hafi í tvígang verið rætt innan þingflokksins.

Þá hefur risið upp ágreiningur innan Reykjavíkurlistans, hvort Steinunn Valdís Óskarsdóttir hafi haft umboð R-listans til að skrifa undir viljayfirlýsingu um sölu hlutar Reykjavíkurborgar og áskilja Vinstri grænir sér nú rétt til að leggjast gegn sölu á hlut borgarinnar.

Sjá síðu 6/sda@frettabladid.is



**ER RAFORKURISI AÐ FÆÐAST?**
Harðar deilur virðast fram undan innan Framsóknarflokksins um mögulega einkavæðingu Landsvirkjunar.

Val á forsætisráðherra:

## Sjíar völdu Al-Jaafari

**ÍRAK, AP** Ibrahim al-Jaafari, varaforseti Íraks, verður að öllum líkindum næsti forsætisráðherra landsins. Hann var í gær útnefndur forsætisráðherraefni Sameinaða íraska bandalagsins eftir að helsti keppinautur hans, Ahmed Chalabi, dró sig í hlé.



**IBRAHIM AL-JAAFARI**

Niðurstaðan fékkst eftir þriggja daga samningaviðræður. Til stóð að kosið yrði milli al-Jaafari og Chalabi í gær en þrýst var á þann síðarnefnda að draga sig í hlé.

Sameinaða íraska bandalagið er með nauman þingmeirihluta en þarf stuðning flokks Kúrda til að tryggja al-Jaafari stól forsætisráðherra. ■

Verðbólguspá Landsbankans:

## Skot í mars

**VERÐBÓLGAN** Verðbólgan mun taka kipp milli febrúar og mars að mati greiningardeildar Landsbankans og verða 4,8 prósent á tólf mánaða tímabili. Greiningardeildin gerir ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 0,9 prósent í mars.

Helstu ástæður hækkandi verðbólgu er að húsnæðisliðurinn hækkar áfram. Þar við bætast hefðbundin útsölulok sem eru árstíðabundin áhrif á verðbólgu.

- hh

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÁREKSTUR VIÐ FISKILÆK** Tveggja bíla árekstur varð við Fiskilæk í gærkvöldi. Engan sakaði en bílarnir eru mikið skemmdir. Fljúgandi hálka var á þessum slóðum og mikil þoka. Við Narfastaðamela missti ökumaður stjórn á bílnum sínum með þeim afleiðingum að hann valt.






Tveggja ára hjartveik stúlka:

## Fimm aðgerðir á tveimur árum

**STYRKVEITING** Anney Birta Jóhannesdóttir, tveggja ára, vann hug og hjörtu þeirra sem sóttu blaðamannafund Neistans styrktarfélags hjartveikra barna sem haldinn var í Gerðubergi í gær. Þar veitti formaður Neistans, Margrét Ragnarsdóttir, viðtökur á fjögurra milljóna króna gjöf frá góðgerðarfélaginu Stoð og Styrkir. Peningagjöfin er afrakstur sölu á ritröðinni Skáldaval 1 sem gefinn var út í fyrra.

Árlega fæðast 60-70 börn hér á landi sem greinast með mismunandi alvarlegan hjartagalla og segir Margrét það vera ómetanlegan styrk að fá fjárgjöf sem þessa.

Anney Birta er ein af hjartveiku börnunum Hún hefur reynt meira en margur á sinni stuttu ævi. Nýfædd greindist hún með sameiginlegan slagæðastofn og aðeins nokkra vikna gömul fór hún í sína fyrstu hjartaaðgerð þar sem hún fékk grædda í sig gervislagæð.



**STOÐ OG STYRKUR**
Anney Birta afhendir Einari Kárasyni eintak af ritröðinni Skáldaval.

Á aðeins tveimur árum hefur hún farið í fimm hjartaaðgerðir til Boston. Þrátt fyrir allt sem á undan er gengið er Anney Birta lífsglöð stelpa og finnst ekkert skemmtilegra en að púsla á Leynimýri á Völvuborg þar sem hún sækir leikskóla. ■

uppgrip
fyrir þig

# Uppgrip og Placido Domingo

Ef þú verslar hjá Uppgripsverslunum Olís átt þú möguleika á að vinna miða á tónleika með stórsöngvaranum Placido Domingo.



Komdu við á næstu Uppgripsstöð og fáðu þér hressingu og bakkelsi beint úr ofninum.

Croissant & kaffi 249 kr.



**Fylltu út þátttökuseðil á næstu Uppgripsstöð Olís og þú gætir unnið miða á tónleika Placido Domingo 13. mars n.k.**



**Grillpylsa & gos 289 kr.**



**Samloka & gos 380 kr.**



**Sérbakað vínarbrauð & kaffi 209 kr.**

olís Hjá Uppgripsverslunum Olís getur þú bæði nálgast þægindi og nauðsynjar. Þú finnur þær á eftirtöldum stöðum: Álfheimum, Ánanaustum, Gullinbrú, Mjódd, Sæbraut, Garðabæ, Akranesi, Akureyri, Keflavík og Selfossi.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,81 | 61,11 |
| Sterlingspund | GBP | 116,24 | 116,80 |
| Evra | EUR | 80,27 | 80,71 |
| Dönsk króna | DKK | 10,78 | 10,85 |
| Norsk króna | NOK | 9,70 | 9,76 |
| Sænsk króna | SEK | 8,82 | 8,88 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,59 |
| SDR | XDR | 92,96 | 93,52 |

*Gengisvísitala krónunnar*

110,0508 +0,44%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Félag heyrnarlausra er ósátt við niðurstöðu borgaryfirvalda:

# Ætla með málið til Brussel ef þarf

**BORGARMÁL** Hafdís Gísladóttir, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra, segist ekki sætta sig við að borgaryfirvöld skuli hafa hafnað beiðni félagsins um að viðurkennd verði skylda Reykjavíkurborgar til að tryggja endurgjaldslausa túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa foreldra grunnskólabarna.

„Ef grunnskóli boðar heyrnarlausa foreldra á foreldrafund og neitar að borga túlkaþjónustu hljótum við að fela lögmanni félagsins að skoða það mál,“ segir Hafdís. „Félagið lítur svo á að með því að neita heyrnarlausum foreldrum um þessa þjónustu sé verið að brjóta á rétti þeirra og mismuna foreldrum.“



**BÖRN Í GRUNNSKÓLA**
Heyrnarlausir og heyrnarskertir foreldrar telja að borgaryfirvöld eigi að tryggja rétt þeirra til að fylgjast með málum barna sinna gagnvart skólanum.

Hafdís segir að líklega verði málinu skotið til félagsmálaráðuneytisins. Félagið muni síðan skoða málið vandlega eftir að úrskurður og umsögn ráðuneytisins liggi fyrir. Ef borgaryfirvöld breyti ekki afstöðu sinni eftir það sé deginum ljósara að farið verði með málið fyrir dómstóla og alla leið til Mannréttindadómstóls Evrópu í Brussel ef þurfa þykir. **- th**

Væntingavísitala Gallup:

# Bjartsýni minnkar

**VÍSITÖLUR** Væntingavísitala Gallup lækkaði í febrúar um 7,8 stig og stendur nú í 121,2 stigum. Dregið hefur úr bjartsýni, þótt ekki sé hún horfin. Væntingavísitalan er sett saman úr nokkrum undirvísitölum og dró mest úr væntingum til efnahagsástands eftir sex mánuði. Greining Íslandsbanka telur að mögulegar skýringar megi rekja til umræðu um verðbólgu, ofmetna krónu og hækkandi húsnæðisverð. Staða væntingavístölu er talin gefa fyrirheit um einkaneyslu og bendir staða hennar nú til þess að íslensk heimili séu enn bjartsýn. ■

# Símakostnaður hefur aukist um 70 prósent

**Útgjöld heimilanna vegna póst- og símakostnaðar hækkuðu um 70 prósent á innan við áratug eftir farsímavæðingu landsins. Um 255 þúsund GSM-símanúmer eru í notkun í dag.**

**FJARSKIPTI** Útgjöld íslenskra heimila vegna síma- og póstkostnaðar hækkuðu um 70 prósent á árunum 1995 til 2002, eftir að farsímavæðing landsins fór af stað.

Í rannsókn á útgjöldum heimilanna sem Hagstofa Íslands gerði árið 1995 kom í ljós að heildarútgjöld vegna póst- og símakostnaðar yfir árið var 32.376 þúsund krónur á ári, um 2.700 krónur á mánuði. Sjö árum seinna var kostnaðurinn hlaupinn upp í 108.048 krónur, um níu þúsund krónur á mánuði.

Kostnaðaraukinn skrifast að mestu leyti á tilkomu GSM-símans, internetsins og tengdrar þjónustu. Árið 1994 voru GSM-áskriftir rétt rúmlega tvö þúsund. Síðan þá hefur fjöldi GSM-áskrifta stigmagnast og árið 2003 voru þær orðnar rúmlega 256 þúsund manns, þannig að á aðeins áratug höfðu rúm 80 prósent landsmanna eignast GSM-síma. Rétt er að taka fram að óvíst er hvort öll númerin hafi verið í notkun.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir að hjá símanum séu um 175 þúsund símanúmer í notkun. Bjarki Jóhannesson, deildarstjóri hjá Og Vodafone, segir um 80 þúsund virk símanúmer á skrá hjá fyrirtækinu. Heildartala virkra GSM-númera er því um 255 þúsund. Heimasímum hefur aftur á móti fækkað. Árið 2000 voru heimasímar á 95 prósentum heimila í landinu en árið 2002 voru aðeins 89 prósent heimila með heimasíma.





**ÁSTA S. HELGADÓTTIR**
Segir að gera þurfi fólk meðvitaðra um kostnað við notkun farsíma samanborið við heimasíma.

Sem hlutfall af heildarútgjöldum heimila hefur póst- og símakostnaður rúmlega tvöfaldast. Árið 1995 var hann 1,4 prósent af heildarútgjöldum en árið 2002 hafði hlutfallið hækkað í 3,1 prósent. Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, segist verða greinilega vör við þessa þróun hjá þeim sem leita til stofnunarinnar. „Símareikningurinn er að verða sífellt stærri þáttur í útgjöldum heimilanna. Það þarf að fræða fólk meira um gjaldskrár símafyrirtækja og gera það meðvitaðra um farsímanotkunina, því hún er mun dýrari en notkun heimilissíma.“



**bergsteinn@frettabladid.is**

**FJÖLDI GSM-ÁSKRIFTA**

| | |
|---|---|
| 1994 | 2.119 |
| 1995 | 9.702 |
| 1996 | 23.596 |
| 1997 | 40.866 |
| 1998 | 78.569 |
| 1999 | 134.886 |
| 2000 | 187.628 |
| 2001 | 221.231 |
| 2002 | 235.338 |
| 2003 | 256.368 |

**Heimild: Hagstofa Íslands**

**HEILDARVELTA PÓST- OG SÍMAFYRIRTÆKJA (Í MILLJÓNUM KRÓNA)**

| | |
|---|---|
| 1998 | 13.118 |
| 1999 | 16.408 |
| 2000 | 19.865 |
| 2001 | 20.716 |
| 2002 | 21.789 |
| 2003 | 25.512 |

**Heimild: Hagstofa Íslands.**



**SIGSTEINN AFHENDIR GJÖFINA**
Kristján Sturluson formaður Kjósarsýsludeildar Rauða krossins tók við peningunum úr hendi Sigsteins.

Sigsteinn Pálsson 100 ára:

# Gestir gáfu í baukinn

**AFMÆLI** Sigsteinn Pálsson, sem um áratugaskeið var bóndi á Blikastöðum en býr nú í hárri elli á dvalarheimilinu Hlaðhömrum í Mosfellsbæ, lét gott af sér leiða á dögunum. Hann fagnaði aldar afmæli sínu með mikilli veislu í félagsheimilinu Hlégarði og hvatti gesti til að gefa peninga í söfnunarbauk Rauða krossins í stað þess að gefa honum gjafir. Gestir voru á fjórða hundrað og stungu þeir samtals 150 þúsund krónum í baukinn góða sem koma sér að vonum vel í fjölbreyttu og víðtæku hjálparstarfi samtakanna. **- bþs**

Hundahald:

# Tvöhundruð óskráðir

**REYKJAVÍK** Leyfi hefur verið veitt fyrir um 1600 hundum, frá því hundahald í Reykjavík var bannað og þurfti sérstakt leyfi til hundahalds í borginni. Að sögn Katrínar Jakobsdóttur, formanns umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, hefur verið nokkur fjölgun á hundaleyfum undanfarin tvö ár.

Talið er að um tvö til þrjúhundruð hundar í Reykjavík séu óskráðir og hundarnir í borginni því að nálgast 2000. **- ss**



**FREYSTEINN BJARNASON**
„Skip landa hjá okkur daglega og löndunartölur hækka stöðugt. Miðað við sama tíma undanfarin ár þá er þetta gríðarlega gott núna,“ segir Freysteinn.

Lifnar yfir loðnuveiðum:

# Keppst við að frysta

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuveiðar hafa glæðst á ný en skipin hafa undanfarna sólarhringa verið að veiðum við Hrollaugseyjar og Ingólfshöfða. Vinnslur keppast við að frysta á Japansmarkað en hrognafyllingin er um 20% og allt upp í 23%.

Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri útgerðar Síldarvinnslunnar, segist vongóður um að meiri loðna finnist á næstu dögum og kvótinn náist í hús fyrir vertíðarlok.

Loðnuverksmiðjur Síldarvinnslunnar hafa í heildina tekið á móti yfir 121 þúsund tonnum á vertíðinni. **- kk**

Terra Nova Sól:

# Engar bændaferðir

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppnisráð hefur bannað Terra Nova Sól ehf að nota orðið bændaferðir, hvort heldur eitt og sér eða sem hluta af samsettu orði.

Það voru Bændaferðir ehf., sem kærðu Terra Nova Sól ehf. vegna notkunar orðsins. Bændaferðir hafa frá árinu 1966 annast skipulagningu hópferða til útlanda. Terra Nova Sól er ekki í samstarfi við Bændaferðir ehf., um skipulagningu bændaferða. **- ss**




## Veðrið

**HORFUR Á SVIPUÐU VEÐRI ÚT FEBRÚAR**
Veðrið á landinu í dag og næstu daga einkennist af hægviðri og björtu með köflum. Heldur minnkandi líkur eru á þokulofti með ströndum. Hitinn á landinu í dag verður á bilinu 2-10 stig en kólnar aðeins um eða eftir helgi.

**VEÐURHORFUR NÆSTU HELGI**
Laugardagur og sunnudagur: Hæg norðlæg eða breytileg átt og fremur bjart í flestum landshlutum. Hiti víðast yfir frostmarki að deginum.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Hæg breytileg átt.

### Föstudagur




Hæg breytileg átt.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C snjókoma | París | 2°C léttskýjað | Torrevieja | 16°C léttskýjað |
| Osló | -6°C alskýjað | Prag | 0°C snjóél | Róm | 11°C skúrir |
| Stokkhólmur | -3°C alskýjað | Amsterdam | 3°C léttskýjað | New York | 5°C léttskýjað |
| London | 6°C léttskýjað | Varsjá | 3°C alskýjað | Miami | 27°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Hive Lite

Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

# AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ BJÓÐA UPP Á ÞRÁÐLAUST INTERNET MEÐ HRAÐARI TENGINGU OG MEIRA NIÐURHALI EN HINIR Á AÐEINS

# 3.990

## Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

**AF ÞVÍ AÐ VIÐ ERUM HIVE.**

Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



## KJÖRKASSINN

*Drekkur þú mjólk?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 73.40% |
| Nei | 26.60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú í skráð(ur) í stjórnmálaflokk?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Vinstri grænir á Akureyri og í Reykjavík ganga ekki í takt:

# Óeining um sölu Landsvirkjunar

**LANDSVIRKJUN** Valgerður H. Bjarnadóttir, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í bæjarstjórn Akureyrar, er hlynnt því að bærinn selji 5% hlut sinn í Landsvirkjun. Flokksfélagar Valgerðar í borgarstjórn Reykjavíkur leggjast hins vegar gegn því að borgin selji sinn 45% hlut og segja eitt af megin stefnumálum flokksins að grunnþjónusta samfélagsins sé rekin á félagslegum forsendum og í almannaeigu.

Valgerður segist sammála því að grunnþjónustan eigi að vera í almannaeigu og er andvíg hugmyndum iðnaðarráðherra um einkavæðingu Landsvirkjunar. Hún segir afstöðu VG í Reykjavík mótaða af öðrum lögmálum en snúi að VG á Akureyri og segir eignarhlut Akureyrarbæjar í Landsvirkjun það lítinn að erfitt sé að hafa áhrif á stefnu fyrirtækisins. „Þar að auki fer bæjarstjórinn á Akureyri með atkvæðisrétt bæjarins í stjórn Landsvirkjunar og VG á Akureyri hefur lítið með það að segja hvernig hann greiðir atkvæði," segir Valgerður.

- kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**VALGERÐUR H. BJARNADÓTTIR**
Valgerður segir Akureyrarbæ hafa tekið á sig gífurlegar skuldaábyrgðir vegna Landsvirkjunar og gott væri fyrir bæjarfélagið að losna undan þeim.

Starfsleyfi Hringrásar:

## Ákvörðun frestað

**REYKJAVÍK** Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis til Hringrásar ehf var frestað á fundi umhverfisráðs Reykjavíkurborgar á mánudag.

Ný gögn um starfsemi fyrirtækisins voru lögð fram, þar með taldar athugasemdir frá nærliggjandi fyrirtækjum. Flestar athugasemdirnar beinast að brunavörnum í ljósi Hringrásarbrunans í lok síðasta árs.

Var því ákveðið að fresta ákvörðun um veitingu starfsleyfis til 7. mars á meðan farið er yfir gögnin. Jafnframt var ákveðið að framlengja núgildandi starfsleyfi fyrirtækisins til 10. mars.

- ss



**MICHAEL HOWARD**
Stutt er síðan ráðgjafi leiðtoga Íhaldsmanna sagði að kosningarnar væru tapaðar en skjótt skipast veður í lofti.

Skoðanakönnun:

## Aukið fylgi Íhaldsmanna

**BRETLAND** Munurinn á fylgi Verkamannaflokksins og Íhaldsflokksins er innan skekkjumarka samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem birtist í The Guardian. Samkvæmt henni styðja 37 prósent Verkamannaflokkinn og 34 prósent Íhaldsflokkinn.

Þriðji flokkurinn, Frjálslyndir demókratar, mælist með 21 prósents fylgi í könnuninni.

Búist er við því að Tony Blair, forsætisráðherra og leiðtogi Verkamannaflokksins, boði til þingkosninga í maí en rúmt ár er enn eftir af kjörtímabilinu. ■



**UNNIÐ Í RÚSTUNUM**
Fjöldi hermanna vann að björgunarstörfum í rústum fátækrahverfisins.

Yfir 40 látnir:

## Grófust undir ruslaskriðu

**INDÓNESÍA, AP** Í það minnsta 41 lést þegar ruslahaugur hrundi yfir fátækrahverfi nærri bænum Bandung á Vestur Java í Indónesíu. Um það bil sjötíu til viðbótar er saknað og óttast að þeir hafi látist.

Mikil rigning olli því að ruslahaugurinn fór á ferð og færði fjölda heimila á kaf. Meðal þeirra sem létust voru íbúar og fólk sem hafði framfæri sitt af því að leita uppi nothæfa hluti sem aðrir höfðu hent. Sex fundust á lífi fyrstu klukkutímana eftir að ruslahaugurinn hrundi yfir þorpið á mánudag en síðan þá hafa aðeins lík fundist. ■

### ÍRAK

**VILJA HERINN HEIM** Rúmlega 2.000 manns efndu til mótmæla við forsetaaðsetrið í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, og kröfðust þess að úkraínskar hersveitir yrðu kallaðar heim frá Írak. Viktor Júsjenkó forseti sagði hlutverki úkraínskra hermanna í Írak lokið en hafa yrði samráð við aðrar þjóðir um brotthvarf þeirra.

# Ráðherra vill rífa Steingrímsstöð

**Landbúnaðarráðherra lýsir því yfir að hann vilji fjarlægja Steingrímsstöð í Efra-Sogi. Það væri lítil fórn fyrir Landsvirkjun. Upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar segir ekki víst að það yrði urriðanum til bóta að fjarlægja stöðina.**

**ALÞINGI** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra lýsti því yfir á Alþingi í fyrradag að hann væri hlynntur því að rífa Steingrímsstöð í Sogi. Hann lýsti þessu yfir þegar verið var að ræða þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó. Í Steingrímsstöð er virkjað fall Efra-Sogsins úr Þingvallavatni í Úlfljótsvatn. Áður en virkjunin var byggð á sjötta áratugnum hrygndi urriðinn í útfalli Þingvallavatns.

**„Guðni segist telja þetta mikilvægt mál og litla fórn af hálfu Landsvirkjunar eða ríkisins**

Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, spurði ráðherrann hvort hann væri ekki hlynntur því að fjarlægja Steingrímsstöð svo endurreisa mætti urriðastofninn.

„Ég er stuðningsmaður þess," sagði Guðni. „Það væri göfugt af Landsvirkjun að gefa það til málsins í stað þess að þvælast fyrir mikilvægum framtíðarmálum sem snúa að hinni miklu tómstundaiðju Íslendinga, að rækta fisk svo hægt sé að veiða hann."

Guðni segist telja þetta mikilvægt mál og litla fórn af hálfu Landsvirkjunar eða ríkisins að huga að þeim merkilega urriðastofni sem Þingvallavatn geymir. „Mín skoðun er því alveg klár," sagði Guðni.



**STÓR OG KRÖFTUGUR URRIÐI**
Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun, við mælingar á urriðanum í Þingvallavatni síðastliðið haust.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segist ekki viss um að það yrði urriðanum til gagns að fjarlægja stöðina.

„Landsvirkjun hefur verið að vinna að því að reisa við urriðastofninn á undanförnum árum með ágætum árangri," segir Þorsteinn. „Það hefur verið gert með því að laga aðstæður við útfallið úr Þingvallavatni og hafa vatnsrennsli á efra svæðinu. Það liggur ekkert fyrir um að það að það sé til bóta fyrir urriðann að fjarlægja stöðina."

Þorsteinn segir að Steingrímsstöð sé 26 megavött og hún sé að skapa verðmæti fyrir tugi og örugglega hundruð milljóna króna á hverju ári. Hann hafi ekki heyrt neitt um það hvað ætti að koma staðinn ef hún yrði fjarlægð.

trausti@frettabladid.is



**LAUGAVEGUR 17**
Bolli Kristinsson segir húsið vera sérlega fallegt og setja góðan svip á götuna.

Laugavegur 17:

## Framhúsið ekki rifið

**SKIPULAGSMÁL** Ekki er heimilt að rífa framhúsið við Laugaveg 17, að sögn Dags B. Eggertssonar, formanns skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar. Samkvæmt deiliskipulagi eru hús við Laugaveg 17 meðal þeirra sem heimilt verður að rífa en Dagur segir að sú heimild nái aðeins til bakhúsanna á reitnum, þar sem verslanirnar Plastikk og Oni eru meðal annars.

Bolli Kristinsson kaupmaður, sem sat í ráðgefandi starfshópi fyrir Reykjavíkurborg, segir framhúsið vera sérlega fallegt og setja mikinn svip á götuna og leggur hann til að það verði með öllu friðað.

- bs

Netkönnun á fylgi rektorsefna:

## Frestað fram í mars

**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Netkönnun á fylgi rektorsefnanna við Háskóla Íslands hefur verið frestað fram í byrjun mars en hún átti að fara fram um síðustu helgi.

Sigríður Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félags háskólakennara, segir að könnuninni hafi verið frestað þar sem rektorsefnin séu mislangt komin í kynningu sinni. Þá hefur kjörnefndin neitað Félagsvísindastofnun um aðgang að kjörskránni.

Sigríður segir að prófessorarnir hafi ákveðið að vera ekki aðilar að könnuninni. Félag háskólakennara er því eina félagið sem stendur að henni.

- ghs

35 kærðir eftir götueftirlit fíkniefnalögreglunnar í febrúar:

# Götueftirlit komið til að vera

**FÍKNIEFNI** 32 fíkniefnamál hafa komið upp í götueftirliti fíkniefnalögreglunnar í Reykjavík frá 1. febrúar og hafa 35 verið kærðir í kjölfarið.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildarinnar, segir götueftirlitið komið til að vera. Það eigi að hindra að fólk selji og dreifi fíkniefnum á götunni óáreitt.

Tekin voru 457 grömm af hassi, 49 grömm af amfetamíni, 34 grömm af maríjúana, ellefu grömm af kókaíni og einn skammtur af LSD. Auk þess lagði lögreglan hald á 35 steratöflur. Fíkniefnin fundust þegar fylgst var með þekktum mönnum úr fíkniefnaheiminum, við eftirlit á skemmtistöðum og í húsleitum. Gerðar voru þrettán leitir í bílum og átta húsleitir.

Í götueftirlitinu voru fimm menn úr fíkniefnadeildinni þjálfaðir til að fylgjast með sölu og dreifingu. Ásgeir segir þetta ekki hafa verið sérstakt átak heldur verði vinnunni haldið áfram af fullum krafti því hún hafi skilað verulegum árangri.

- hrs



**FÍKNIEFNI**
Fimm úr fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík starfa við götueftirlit.

Óræður vorboði:

## Varað við aurbleytu

**SAMGÖNGUR** Vegna vætutíðar og hlýinda síðustu daga þarf Vegagerðin að takmarka ásþunga ökutækja á vegum í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur – Skaftafellssýslu við tíu tonn. Slitlagsskemmdir voma yfir ef svo þung ökutæki fara um aurblauta vegina.

Takmarkanirnar hindra ferðir allra stærstu og þyngstu bíla en aðrir komast auðveldlega leiðar sinnar. Til samanburðar má nefna að hefðbundinn fólksbíll er um eða rétt yfir eitt tonn að þyngd.

- bþs

» Hyundai Getz
**Verð frá kr. 1.270.000**
Stóri smábílinn frá Hyundai



Með bílinn handa þér

# Geggjaður Getz



"Þessi er alveg ótrúlega léttur og auðveldur í akstri, fyrir utan það hvað hann er kraftmikill. Maður finnur strax muninn. Þá eru litirnir flottir og mælaborðið er töff. Þetta er líka sniðugur bíll með alveg ótrúlega mikinn staðalbúnað. Hann er t.d. með geislaspilara, ABS og meira að segja ISOFIX festingar.
Og farangursrýmið er tvískipt.
Alveg geggjaður bíll!"

**Hyundai Getz GLS 5 dyra, beinskiptur.**
**Þú eignast hann fyrir kr. 1.370.000**
**Bílasamningur kr. 14.300 á mánuði.**
**m.v. 30% útborgun.**
**Einnig er hægt að velja 10% eða 20% útborgun.**
**Við staðgreiðum þann gamla*.**

**Kr. 14.300 á mán.***

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444 Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun. Staðgreiðum þann gamla 45 dögum eftir efhendingu nýja bílsins.Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200. Bíll á mynd: Hyundai Getz 1.6 bsk.



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir nýtt félag framsóknarkvenna í Kópavogi?*

2 *Hver er sektin fyrir hvert gramm sem flutt er inn af munntóbaki?*

3 *Hvaða íslensku söngkonu er fjallað um í marshefti tímaritsins Elle?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Fæðingarorlofssjóður árin 2003-4:

# Greiðslur jukust um milljarð

**FÆÐINGARORLOF** Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækkuðu um milljarð á milli áranna 2003 og 2004.

| 2003 | FJÖLDI | MEÐAL-UPPHÆÐ | FJÖLDI YFIR 600 ÞÚS. |
|---|---|---|---|
| Orlof/karlar | 3.335 | 235.740 | 47 |
| Orlof/konur | 3.289 | 147.074 | 3 |
| Styrkur/karlar | 284 | 74.166 | 0 |
| Styrkur/konur | 902 | 65.172 | 0 |
| **2004** | | | |
| Orlof/karlar | 3.161 | 248.980 | 54 |
| Orlof/konur | 3.394 | 154.986 | 12 |
| Styrkur/karlar | 294 | 76.564 | 0 |
| Styrkur/konur | 862 | 70.283 | 0 |

Þær námu rúmum sex milljörðum króna á síðasta ári, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins. Foreldrar sem fengu greiðslur úr sjóðnum voru hins vegar um eitt hundrað færri á síðasta ári borið saman við árið 2003. Hækkun orlofsupphæðar milli ára var að meðaltali um tíu þúsund krónur, fór úr rúmum 170 þúsundum í rúm 180 þúsund.

Um síðustu áramót varð sú breyting á lögum um Fæðingarorlofssjóð að mánaðarleg greiðsla til foreldris í fullu orlofi getur hæst orðið 480 þúsund eða 80 prósent af 600 þúsund króna meðallaunum. Á milli áranna 2003 og 2004 fjölgaði foreldrum með hærri tekjur en 600 þúsund.

Fram kemur mikill launamunur milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Aðeins tveir af 66 foreldrum með 600 þúsund króna meðallaun á mánuði eða hærri í fyrra áttu heima utan höfuðborgarsvæðisins og áberandi er að meðalgreiðslur eru umtalsvert lægri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Meðalgreiðslur til karla í Reykjavík voru um 250 þúsund krónur en 164 þúsund til reykvískra kvenna. Karlar á landsbyggðinni fá um 230 þúsund en konur um 130 þúsund.

- jss




**TRYGGINGASTOFNUN**
Greiddi út rúma sex milljarða úr Fæðingarorlofssjóði á síðasta ári.

Höfuðborgarsamtökin:

# Harma orð Halldórs

**VATNSMÝRI** Höfuðborgarsamtökin harma ummæli Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra á stjórnmálafundi á Akureyri fyrir skömmu. Halldór sagði að flugvöllur yrði að vera í Vatnsmýrinni til frambúðar til að tryggja greiðar samgöngur landsbyggðarbúa við höfuðborgina.

„Höfuðborgarsamtökin vekja athygli á því að formlega er Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra allra Íslendinga, einnig þeirra 63%, sem búa á höfuðborgarsvæðinu," segir í tilkynningu frá samtökunum. „Með yfirlýsingu sinni gengur hann þó þvert gegn mikilverðustu hagsmunum höfuðborgarsamfélagsins og víkur þeim til hliðar, að því er virðist fyrir eigin hagsmuni og hagsmuni flokks síns."

- th

## AFRÍKA



**MUBARAK MÓTMÆLT** Um það bil 500 manns söfnuðust saman fyrir framan Háskólann í Kaíró til að mótmæla áformum Hosni Mubarak, forseta Egyptalands, um að sækjast eftir fimmta kjörtímabili sínu á stóli forseta. Mótmælendur óttast einnig að Mubarak vilji láta Gamal, son sinn, taka við embætti þegar hann lætur af því.

**STJÓRN FRESTAR HEIMKOMU** Ríkisstjórn Sómalíu, sem mynduð var í Kenýa, hefur frestað komu sinni til Sómalíu enn einu sinni. Ástæðan er órói í Sómalíu, sem búið hefur við stjórnleysi í rúman áratug.

# Óttast um líf sitt í kjölfar morða

**Nokkrar konur sem leituðu á náðir Kvennaathvarfsins á síðasta ári óttuðust um líf sitt í kjölfar tveggja morða. Aldrei hafa fleiri konur leitað til athvarfsins en í fyrra. Fleiri kæra nú en áður.**

**OFBELDI** Komum í kvennaathvarfið fjölgaði í kjölfar tveggja morða og umfjöllunar um þau á síðasta ári. Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf, segir sumar konur sem leituðu til athvarfsins hafa verið hræddar um að ofbeldið sem þær höfðu orðið fyrir gæti endað með morði.

Bæði Hákon Eydal og Magnús Einarsson sitja í gæsluvarðhaldi og bíða meðferðar í dómskerfinu vegna manndrápa. Hákon banaði, Sri Rahmawati, fyrrum sambýliskonu sinni og barnsmóður, í Stórholti í júlí. Magnús varð Sæunni Pálsdóttur, eiginkonu sinni og barnsmóður, að bana í byrjun nóvember. Drífa segir þessi tvö morð hafa gert konur hræddari um líf sitt og ýtt undir að þær taki hótanir alvarlega.

Þrjátíu prósent þeirra kvenna sem leituðu á náðir Kvennaathvarfsins á síðasta ári eru af erlendu bergi brotnar. Meira er um að útlendar konur dvelji á athvarfinu því þær eiga sjaldnar í önnur hús að venda. Drífa segist hafa miklar áhyggjur af þessum hópi kvenna. Þær séu oft mjög einangraðar, kunni ekki málið og hafi enga hugmynd um hvert þær geti leitað.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**DRÍFA SNÆDAL OG ÞÓRLAUG JÓNSDÓTTIR**
Strax stefnir í metár hjá Kvennaathvarfinu en þegar hafa 24 konur og 25 börn leitað til athvarfsins þótt febrúar sé ekki enn liðinn.

Flestar konur sem leitað hafa til Kvennaathvarfsins fara aftur heim í óbreyttar aðstæður að lokinni dvöl í athvarfinu. Í ársskýrslu kvennaathvarfsins kemur fram að fleiri konur kærðu ofbeldi en árin á undan en á síðasta ári kærðu tólf prósent þeirra sem leituðu til athvarfsins. Árið 2003 kærðu sjö prósent en mörg ár þar á undan kærðu aðeins fimm prósent ofbeldið. Drífa þakkar það aukinni umræðu að fleiri konur leiti til kvennaathvarfsins. En hún segir almenning helst geta hjálpað til í baráttunni gegn ofbeldi með opinni umræðu. Á heimasíðu Kvennaathvarfsins er að finna spurningalista ætlaðan körlum þar sem þeir geta gert sér grein fyrir því hvort þeir beiti eiginkonu eða kærustu ofbeldi eða hvort hætta sé á slíku.

hrs@frettabladid.is






Mósa-bakteríur á Landspítala og Hrafnistu:

# Sennilega af sama stofni

**HEILBRIGÐISMÁL** Talið er sennilegt að Mósa-bakteríur þær sem greindust á hjartadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss og Hrafnistu séu af sama stofni, að sögn Guðrúnar Sigmundsdóttur, yfirlæknis hjá sóttvarnarsviði Landlæknisembættisins. Það er þó ekki fullsannað þar sem stofnrannsókn á bakteríunum er ekki að fullu lokið.



**SÝKLAVARNIR**
Guðrún Sigmundsdóttir segir að unnin verði samantekt á tíðni mósa-baktería hér á landi.

Guðrún sagði að á döfinni væri gerð samantektar um tíðni mósa-baktería hér á landi. Þær skytu upp kollinum annað slagið.

„Þessi mósa-baktería er ekkert svo hættuleg heilbrigði fólki," sagði Guðrún. „En við viljum ekki hafa þetta inni á sjúkrastofnunum því ónæmar bakteríur eru óvelkomnar. Þessi baktería veldur gjarnan sýkingu í sárum í tengslum við leggi og annað sem er að gerast á spítalanum. Ef maður er kominn með sýkingar af völdum ónæmrar bakteríu þar er það slæmt mál."

Guðrún sagði að ekki hefðu fundist fleiri tilfelli á Hrafnistu. Til að öðlast fullvissu um að bakterían væri ekki lengur til staðar þar sem hún hefði stungið sér niður væri stofum lokað, þær þvegnar rækilega og ræktanir síðan teknar úr umhverfinu. Þegar allar ræktanir væru neikvæðar væri hægt að nota stofuna aftur.

- jss




DENCON
Club8Company



Rafstillanleg borð
Frá 89.900.-

# skrifstofu húsgögn

Dencon skrifstofuhúsgögn frá Danmörku

Rafstillanleg borð
Sannkölluð heilsubylting

Fundarborð Tilboð
49.900.-



Fundarborð
í öllum stærðum





Skilrúm
Í öllu stærðum og gerðum





Glæsileg
húsgögn fáanleg í
kirsuber, beyki og hlyn.



Tilboð
22.900.-

Team 11
Hæðarstilling á setu og baki.
Veltanlegt bak og seta.
Stillanlegir armar.



Tilboð
29.900.-

Optimum N
Hæðarstilling á setu og baki.
Veltanlegt bak og seta.
Dýptarstilling á setu.
Stillanlegir armar.



Tilboð
27.900.-

Mesz II
Flottur í fundarherbergið.
Leðurseta, leðurarmar.



Tilboð
19.900.-

Mesz
Glæsilegur stóll með leðursetu.



Tilboð
7.900.-

Sitio
Þægilegur stóll á góðu verði.

INNX

InnX innréttingar ehf
Faxafen 8 · Sími 577 1170
innx@innx.is · www.innx.is



**BARIST VIÐ MÚRINN**
Ísraelskum landamæravörðum og palestínskum mótmælendum laust saman nærri þorpinu Bil'lin við múrinn sem Ísraelar hafa reist til að verjast árásum palestínskra vígamanna. Palestínumenn segja að með honum séu Ísraelar að búa sig undir að taka land Palestínumanna eignarnámi.

Mikið álag á ísraelsku lögreglunni næsta sumar:

# Flestir vinna við brotthvarfið

**ÍSRAEL, AP** Stærstur hluti ísraelska lögregluliðsins verður upptekinn næsta sumar við að halda uppi lögum og reglu í tengslum við brotthvarf landnema frá landtökubyggðum Ísraela á Gaza-svæðinu.

Yfirmenn lögreglunnar gera ráð fyrir að 18.000 af 26.000 lögreglumönnum landsins komi að brottflutningnum. 2.500 lögreglumenn sjá um að flytja landnemana á brott, 4.000 lögreglumenn verða við leiðir til og frá Gaza og rúmlega 11.000 hermenn verða til taks í borgum og bæjum Ísraels þar sem búist er við miklum mótmælum.

Yesha, ráð landtökumanna, sagðist geta kallað á hundrað þúsund manns í baráttu gegn brotthvarfinu frá Gaza og að þetta fólk gæti gert mikið til að skemma fyrir áformum ráðamanna.

Gideon Ezra, ráðherra almannaöryggis, sagði að leyniþjónusta landsins hefði upplýsingar um hættulega menn í röðum landtökumanna og bætti við að þeir yrðu afvopnaðir áður en brotthvarfið frá Gaza hæfist. Stjórnvöld óttast að öfgasinnaðir landtökumenn grípi til vopna til að verjast brotthvarfinu. ■



**Í LANDTÖKUBYGGÐ Á GAZA-SVÆÐINU**
Þó börn leiki sér í landtökubyggðum Ísraela eru fullorðnir við öllu búnir eins og sjá má á hermönnunum í bakgrunni. Flestir landtökumenn eru vopnaðir hríðskotarifflum frá ísraelska hernum.

Fyrrum forseti:

# Kærður fyrir þjóðarmorð

**BÓLIVÍA, AP** Gonzalo Sanchez de Lozada, fyrrum forseti Bólivíu, og tveir samráðherrar hans hafa verið ákærðir fyrir þjóðarmorð. 56 manns létust þegar herinn var látinn kveða niður fjölmenn mótmæli gegn stefnu stjórnvalda um útflutning á gasi.

Auk forsetans fyrrverandi, sem flýði til Bandaríkjanna eftir að hann neyddist til að segja af sér í kjölfar mótmælanna, eru tveir fyrrum varnarmálaráðherrar ákærðir fyrir þjóðarmorð og þrettán fyrrum ráðherrar fyrir önnur brot í starfi. Sakborningar hafa hálft ár til að undirbúa og halda uppi vörnum. ■

## EVRÓPA

**PÁFI TÓK Á MÓTI GESTI** Jóhannes Páll II páfi tók í gær á móti Ivo Sanader, forsætisráðherra Króatíu. Sanader er fyrsti þjóðarleiðtoginn sem páfi tekur á móti eftir að hann var lagður inn á sjúkrahús vegna öndunarörðugleika fyrir þremur vikum.

**ÞRÝST Á PÓLVERJA** Leiðtogar Bretlands, Frakklands og Þýskalands þrýsta nú á Pólverja um að þjóðarflugfélagið LOT kaupi nýjar flugvélar af evrópska flugvélaframleiðandanum Airbus frekar en bandaríska fyrirtækinu Boeing. Tony Blair, Jacques Chirac og Gerhard Scröder sendu pólsku stjórninni sameiginlegt bréf þessa efnis.

**LUBBERS HÆTTIR** Ruud Lubbers hefur sagt starfi sínu sem yfirmaður Flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna lausu í kjölfar ásakana um kynferðislega áreitni. Hann neitaði sök í uppsagnarbréfi sínu en sagðist segja af sér vegna þess að hann nyti ekki nógs trausts.

Nýtt hótel í gamla Eimskipafélagshúsinu:

# 800 milljóna króna hótel opnað í apríl

**FERÐAMÁL** Nýtt hótel í gamla Eimskipafélagshúsinu við Pósthússtræti verður opnað í byrjun í apríl. Ferðaskrifstofan Heimsferðir keypti húsið á 510 milljónir króna í fyrra. Tómas. J. Gestsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Heimsferða, segir að samið hafi verið við Radisson-SAS, sem einnig rekur Hótel Sögu, um að reka hótelið.

Framkvæmdir við að breyta húsinu í hótel hófust í september og segir Tómas þær hafa gengið mjög vel. Húsafriðunarnefnd gerði á sínum tíma athugasemd vegna eikarviðarklæðningar sem stóð til að rífa en Tómas segir að það mál hafi verið leyst. Klæðningin, sem er upprunaleg, verði einfaldlega klædd af.

Alls verða 72 herbergi í hótelinu. Tómas segir að hótelið verði fjórar stjörnur plús, sem þýðir að það verði meðal flottustu hótela borgarinnar. Hann segir að byrjað sé að bóka og þegar séu nokkrar helgar í sumar fullbókaðar. Aðspurður segir hann að kostnaður við breytingarnar á húsinu sé um 300 milljónir króna. Heildarkostnaðurinn við þetta nýja hótel sé því ríflega 800 milljónir.

- th



**HÓTEL VIÐ PÓSTHÚSSTRÆTI**
Klætt yfir eikarviðarklæðningu sem Húsafriðunarnefnd vill vernda.


UK TRADE & INVESTMENT

Viðskiptabrú milli landa
- hvar verður fyrirtæki þitt eftir tvö ár?

**Breska sendiráðið** og **UK Trade & Investment**, í samvinnu við *Impru nýsköpunarmiðstöð, Klak nýsköpunarmiðstöð, Samtök iðnaðarins, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja og Seed Forum Iceland*, bjóða til málþings þar sem nýir möguleikar til útrásar verða kynntir.

Íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli sótt til Bretlands og á málþinginu verður kynnt hvernig hægt er að nýta svæðisbundinn styrk og þann stuðning sem breskir viðskiptagarðar bjóða til að auðvelda fyrirtækjum að ná árangri og auka útflutning.

**Tími og staðsetning**

Málþingið verður haldið þann 24. febrúar nk. kl. 14:00 - 16:30 í Nýherjahúsinu að Borgartúni 37. Að loknu málþinginu eru veitingar í boði Breska sendiráðsins.

Skráning fer fram á netfanginu **britishembassy@britishembassy.is**. Nánari upplýsingar veittar í síma 550-5100.

**Dagskrá**

- Ávarp. Alp Mehmet, sendiherra Bretlands á Íslandi.
- Ávarp. Davíð Oddsson, utanríkisráðherra Íslands.
- Stuðningur UK Trade & Investment og svæðisbundnar aðgerðir til stuðnings. Adrian Pinder, UK Trade & Investment.
- "Going International with reduced risks". Bob Hodgson, Zernike UK.
- Kaffihlé
- "A Safe Harbour in the UK market". Jane Davies, Manchester Science Park.
- "Mikilvægi alþjóðahugsunar fyrir íslensk fyrirtæki". Jakob Kristjánsson, Prokaria.
- Kynning á Seed Forum Iceland. Jón Helgi Egilsson, Klak nýsköpunarmiðstöð.
- Nálgun við íslenskar aðstæður og samantekt. Hallgrímur Jónasson, Iðntæknistofnun.
- Veitingar í boði Breska sendiráðsins.

**Fundarstjóri er Hallgrímur Jónasson, Iðntæknistofnun Íslands.**
**Málþingið fer fram á ensku.**
**Aðgangur er ókeypis.**

SI Samtök iðnaðarins · impra nýsköpunarmiðstöð Iðntæknistofnun · Seed Forum Iceland · kl@k nýsköpunarmiðstöð


Simon Davies kaupir íslenskan bát:

# Tottenham-maður á hafnfirsku fleyi

**VIÐSKIPTI** Velski knattspyrnumaðurinn Simon Davies, sem leikur með lundúnska liðinu Tottenham Hotspur, hefur keypt íslenskan bát í félagi við föður sinn og bræður. Verður hann gerður út á humar og krabba og mun Lee, eldri bróðir Simons, stjórna útgerðinni.

Simon þykir skæður knattspyrnumaður en hann leikur á hægri kanti. Hraði og knattleikni eru hans helstu styrkleikar sem og næmt auga fyrir samspili.



**SIMON DAVIES**
Knattspyrnumaður og bátseigandi

Haraldur Jónasson, formaður stuðningsmannaklúbbs Tottenham á Íslandi, er vitaskuld afar ánægður með bátakaup Simon Davies og tengir þau samstundis við þá staðreynd að Hafnfirðingurinn Emil Hallfreðsson er kominn í raðir Tottenham. „Emil hefur eflaust bent honum á gæði íslenskra báta," segir Haraldur en ekki er nóg með að báturinn sé íslenskur heldur er hann hafnfirskur eins og Emil. Hann er smíðaður hjá Trefjum í Hafnarfirði, sem framleiðir báta af ýmsum stærðum og gerðum. „Ég vona bara að þeir feðgar fiski vel á bátinn," segir Haraldur.

Það er annars að frétta af knattspyrnumálum Simon Davies að hann hefur náð sér að mestu eftir vírus sem hrjáði hann lungann úr keppnistímabilinu og hefur hann nú leikið fimm leiki í röð með liðinu. „Þetta er mjög góður leikmaður og liðinu afar mikilvægur," segir Haraldur Tottenham-foringi á Íslandi, sem á þá ósk heitasta að liðið hans blandi sér á ný í röð þeirra allra fremstu á Englandi en Tottenham hefur átt heldur erfitt uppdráttar síðustu ár og áratugi.

Þess má geta að stuðningsmannaklúbbur Tottenham í Cork á Írlandi valdi Simon Davies leikmann ársins 2002.

- bþs

Einkaleyfastofa:

# Bannar Nýju Skátabúðina

**MERKINGAR** Eigendur Nýju Skátabúðarinnar í Faxafeni verða að breyta nafni verslunarinnar eftir að Bandalag íslenskra skáta kvartaði til Einkaleyfastofu.

Einkaleyfastofa hefur ákvarðað Bandalagi íslenskra skáta í vil. Bandalagið hefur rekið Skátabúðina samfleytt í 50 ár en fyrir tveimur árum opnaði fyrrverandi starfsmaður verslunarinnar nýja verslun sem hann gaf nafnið Nýja Skátabúðin. Einkaleyfastofa telur að vegna þess hversu nöfnin séu lík sé hætta á ruglingi. Því hefur skráning merkisins Nýja Skátabúðin verið felld úr gildi. Eigandinn hefur tvo mánuði til að áfrýja málinu til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins.

- th

# Hagkaup

## kynna með ánægju nýjan samstarfsaðila:

## Landslið matreiðslumeistara



Við leggjum mikið upp úr því að vera fremst í flokki þegar mat er lagt á úrval og gæði matvara.  Á síðasta ári bættum við rúmlega 3.000 nýjum vörum við framúrskarandi vöruúrval okkar og erum stolt yfir því að vera sú verslun sem býður upp á landsins mesta úrval matvöru.

Við ætlum okkur að gera enn betur á þessu ári og því er það sérstök ánægja að fá til liðs við okkur landslið matreiðlumeistara.  Samstarfið færir viðskiptavinum Hagkaupa spennandi nýjungar á árinu auk mikils fjölda uppskrifta og ráðlegginga frá fagmönnum í fremstu röð.

Það er spennandi ár framundan því með samstarfinu ætlum við að tryggja enn frekar framúrskarandi vöruúrval og nýjungar í verslunum okkar.

*Nú verður enn skemmtilegra að versla hjá Hagkaupum!*

landslið matreiðslumeistara

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGMAR B. HAUKSSON

# Á skotveiðum í Skotlandi

„Það er allt fínt að frétta. Í fyrsta lagi vorum við skotveiðimenn með námskeið um listina að veiða ref og það var uppfullt og komust færri að en vildu," segir Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands Skotvís. Ekki er það þó svo að menn sækist eftir að veiða rebba til matar heldur segir Sigmar að beinlínis eigi að veita veiðieðlinu útrás.

Mikill áhugi er á hreindýraveiðum um þessar mundir og þannig sóttu 1.600 manns um þau 800 veiðileyfi sem í boði eru. „Við teljum rjúpnaveiðibannið vera aðalástæðuna fyrir því og við erum að spá í að leggja til við ráðherra að við fáum að veiða 200 hreindýr í viðbót," segir Sigmar en að hans mati á stofninn að þola slíkt bærilega en að jafnaði eru



um tuttugu prósent stofnsins veidd. Að sögn Sigmars hefur veiðiferðum skotveiðimanna til útlanda stórfjölgað. „Þar er sprenging," en Sigmar var sjálfur í haust í Skotlandi á krónhjartarveiðum. „Það var alveg rosalega gaman enda er náttúran þarna falleg."

Þrátt fyrir að skotveiðar séu vinsælt tómstundagaman margra þá hefur skotveiðimönnum hlutfallslega fækkað á undanförnum árum sé litið til útgefinna veiðikorta. Þetta segir Sigmar að komi sér á óvart. „Um ellefu þúsund manns hafa sótt að jafnaði um veiðikort og sú tala hefur lítið hækkað. Þvert á móti, þá fór fjöldi veiðikorthafa undir tíu þúsund í fyrra," bendir Sigmar á. Rjúpnaveiðibannið er því hluti skýringarinnar á fækkuninni.

## SVONA ERUM VIÐ



**7.379 STARFSMENN ERU Í GRUNNSKÓLUM LANDSINS**
Af þeim annast 4.725 kennslu.
**Heimild: Hagstofan**

## SJÓNARHÓLL

**HÁTT HÚSNÆÐISVERÐ**



MAGGA MASSI

# Algjört brjálæði

„Mér finnst húsnæðisverðið algjört brjálæði," segir Margrét Sigurðardóttir sem er betur þekkt sem Magga massi. Hún er einkaþjálfari í líkamsræktarstöðinni Pumping Iron og gerir það gott. Hún býr í leiguhúsnæði og getur ekki hugsað sér að kaupa eigin íbúð eins og málum er nú háttað á fasteignamarkaði. „Ég treysti mér ekki til að kaupa núna en ætla að bíða og sjá hvernig málin þróast," segir hún og vonar að verðið þokist niður á við á næstunni. Og henni líst ekki heldur vel á lánin sem eru í boði. „Þau líta æðislega út en svo veit maður ekki hvað býr undir niðri," segir Massinn og tekur á því.

# Tenórarnir tveir að koma

**Stórtenórarnir José Carreras og Placido Domingo syngja báðir á tónleikum í Reykjavík í næsta mánuði, Carreras í Háskólabíói 5. mars og Domingo í Egilshöll 13. mars. Miðar í bestu sætin kosta 30 þúsund krónur. Miðasala gengur vel.**

Unnendur klassískrar tónlistar eiga von á nokkrum góðum dögum í mars. Tveir af þremur frægustu tenórsöngvurum heims halda tónleika í Reykjavík með átta daga millibili. Einhvern tíma hefði þurft góðan lygara til að sannfæra fólk um að þeir Carreras og Domingo héldu tónleika á Íslandi, svo að segja samtímis, en nú þarf ekki lygina til – þetta er beinhörð staðreynd.

**„Ég væri til í að sjá Carreras," segir Þorsteinn**

Yfirbragð hljómleikanna tveggja verður með ólíkum hætti. Carreras kemur fram með strengjakvartett og píanóleikara í Háskólabíói þar sem níu hundruð sæti eru í salnum.

Domingo syngur hins vegar með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Óperukórnum og sópransöngkonunni Ana Maria Martinez í Egilshöll þar sem fimm þúsund sæti eru í boði.



JOSÉ CARRERAS

Fyrirtæki Einars Bárðarsonar, Concert, stendur að hljómleikum Carreras en Þóra Guðmundsdóttir og Þorsteinn Kragh flytja Domingo inn.

Einar og Þorsteinn hafa staðið að fjölda viðburða á tónlistarsviðinu undanfarin ár en Þóra er einkum kunn af flugrekstri enda kennd við Atlanta.

Einar hefur meðal annars staðið að hljómleikum Kiri Te Kanawa, Van Morrison, Diana Krall og Deep Purple en hann tók sín fyrstu skref í umboðsmennsku með hljómsveitinni Skítamóral.

Meðal sveita og listamanna sem Þorsteinn hefur flutt til landsins eru Blur, Pulp og Ash en hann byrjaði í bransanum fyrir sextán árum þegar hann gerðist umboðsmaður Bubba Morthens. Fyrir nokkrum árum stóð Þorsteinn að hljómleikum Carreras í Laugardalshöll en etur nú kappi við hann með Domingo að vopni.



Einar Bárðarson segir miðasölu og undirbúning tónleikanna í Háskólabíói ganga vel. Hún hófst í haust en um eitt hundrað miðar eru eftir. Einar leggur mikið upp úr miklu návígi Carreras og áheyrenda í Háskólabíói enda salurinn lítill miðað við það sem gengur og gerist í þessum heimi. „Þetta verður eins og að vera í partíi með honum," segir hann.

**„Ég myndi fara á Domingo ef ég væri á landinu," segir Einar.**

Andrúmsloftið í Egilshöll verður annað enda húsið eitt það stærsta á landinu. Því verður þó skipt í tvö hólf og aðeins selt í fimm þúsund sæti þó pláss sé fyrir þrefalt fleiri gesti. Veitingasala verður í hinum

DAGSKRÁ MIÐVIKUDAGINN 23. FEBRÚAR

7:00 GÓÐAN DAG SIGURÐUR G. TÓMASSON
Kemur þjóðinni á fætur með fréttum og spjalli.
Gissur Sigurðsson flytur fréttir á 15 mínútna fresti.

9:00 DAGMÁL ODDS ÁSTRÁÐSSONAR OG RAGNHEIÐAR GYÐU JÓNSDÓTTUR
Lífið í landinu, menning, listir, fróðleikur og viðtöl.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

12:00 FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI HÁDEGISÚTVARPIÐ
Í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar og Sigurjóns M. Egilssonar.

13:00 HRAFNAÞING
Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
Fréttir kl. 13:30 og 14:00.

14:00 ER ÞAÐ SVO?
Í umsjón Ólafs B. Guðnasonar.
Fréttir kl. 15:00.

15:00 ALLT & SUMT MEÐ HALLGRÍMI THORSTEINSSYNI OG HELGU VÖLU HELGADÓTTUR
Dægurmálaþáttur.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

18:00 Á KASSANUM
Yfirlit dagsins með Illuga Jökulssyni.

18:30 FRÉTTIR OG ÍSLAND Í DAG

19:30 19:30 Hádegisútvarpið (e) | 20:10 Góðan dag (e)
21:40 Á kassanum (e) | 22:10 Dagmál (e) | 00:40 Hrafnaþing (e)
01:35 Er það svo? (e) | 02:30 Allt & sumt (e) | 05:10 Dagmál (e)



Láta ekki átökin í Framsóknarflokknum hafa áhrif á sig:

# Allt í góðu hjá Brynju og Freyju

Fréttir af átökum framsóknarkvenna í Kópavogi og stofnun framsóknarkvennafélagsins Brynju til höfuðs Freyju sem starfað hefur um árabil hafa ekki náð eyrum vinkvennanna Brynju og Freyju sem búa í Grafarholti í Reykjavík.

Brynja Björk Ásmundsdóttir og Freyja Barkardóttir eru í níunda bekk í Ingunnarskóla og fyrir utan að læra hafa þær áhuga á ferðalögum og öðru því sem stúlkur á fimmtánda ári hafa gaman af að gera. Þær eru hvorki í Framsóknarflokknum né öðrum stjórnmálaflokkum og hafa yfir höfuð ekki áhuga á pólitík. Fyrir vikið láta þær sér fátt um Kópavogslætin finnast.

Brynja og Freyja kynntust í haust þegar þær settust saman í bekk í Ingunnarskóla. Þær kunna vel við sig í hverfinu nýja sem tekur á sig nýja mynd á hverjum degi.

Aðalfundur Freyjunnar í Kópavogi er í dag. Brynja og Freyja ætla ekki á hann.

- bþs


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**FREYJA OG BRYNJA Í GRAFARHOLTINU**
Eiga akkúrat ekkert skylt með samnefndum framsóknarkvennafélögum í nágrannabænum Kópavogi.



**TENÓRARNIR ÞRÍR**
Domingo og Carreras eru væntanlegir til hljómleikahalds á Íslandi. Luciano Pavarotti hélt tónleika í Háskólabíói á Listahátíð í Reykjavík árið 1980.

helmingi hússins og verður stórum hringbar komið fyrir á gólfinu. Þorsteinn segir allt ganga vel og finnur fyrir miklum áhuga. Hann segir fyrirtæki dugleg við að kaupa miða fyrir viðskiptavini og starfsfólk og veit til þess að sumir hafi keypt allt upp í eitt hundrað miða.

Á báðum tónleikum er sölunum skipt upp í svæði og er verðlag með misjöfnum hætti, alllt eftir nálægð við sviðið. Miðar á Carreras í Háskólabíói kosta 14.900, 19.900, 24.900 og 29.900 en á Domingo í Egilshöll fást miðar á 9.900, 14.900 og 30.000 krónur.

Bæði Einar og Þorsteinn segjast hafa spurnir af fólki sem ætli á báða tónleikana og sjálfir eru þeir áhugasamir um tónleika hvors annars. „Ég væri til í að sjá Carreras,“ segir Þorsteinn. „Ég myndi fara á Domingo ef ég væri á landinu,“ segir Einar.

bjorn@frettabladid.is



**PLACIDO DOMINGO**



matur o.fl.
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ



Álegg frá Holtakjúklingi




Fjórar tegundir áleggs frá Holtakjúklingi.
Fitulítið og bragðgott álegg sem hentar öllum.

Holta-kjúklingur
Reykjagarður hf




360 gráður

SÉRFRÆÐINGAR SEGJA

## Þokukenndar lendingar

Svartaþoka hefur grúfað yfir höfuðborginni síðustu daga og hefur flugumferð raskast nokkuð af þeim sökum. Jón Óskarsson, flugumferðarstjóri í flugturninum á Reykjavíkurflugvelli, segir hins vegar að þrátt fyrir þokuna geti menn í ákveðnum tilvikum flogið. „Flugmálastjórn setur ákveðin lágmörk og síðan setja félögin sjálf sín eigin mörk sem mega aldrei vera lægri en lágmörk Flugmálastjórnar. Þetta á bæði við um skyggni og skýjahæð þannig að flugmaður í aðflugi til vallarins má sínum starfsreglum samkvæmt fara niður í vissa lágmarkshæð. Ef hann ekki sér til vallar þegar hann er kominn niður í þá hæð á hann að hætta við lendingu.“ Lítið var að gera var í flugturninum í gær en þó freistuðu einhverjir flugmenn



þess að reyna lendingu. „Einni vél frá Landsflugi, áður Íslandsflugi, tókst að lenda hérna og rétt á hæla henni kom önnur frá Vestmannaeyjum en hún gat ekki lent og varð frá að snúa. Annars hefur verið afskaplega rólegt.“

# Geri allt til að bjarga barninu mínu

**Ung móðir hefur leitað að 14 ára syni sínum síðan í síðustu viku. Hún sá hann í fyrrakvöld og kallaði til hans. Hann lét sig hverfa. Hún frétti af honum á tilteknum stað í gær. Fósturfaðir hans fór þangað í hvelli – en of seint.**



**MÓÐIR TÝNDA DRENGSINS**
„Mér finnst mjög sárt að það skuli ekki hafa verið gert eitthvað fyrir drenginn minn meðan hægt var að hjálpa honum, að hann skyldi þurfa að fara svona langt niður. Einhver sem tekur málið að sér í heild, í stað þess að fara milli fagfólks og segja sömu söguna aftur og aftur.“ Myndin er sviðsett.

Ung móðir hefur leitað að 14 ára syni sínum um allan bæ undanfarna daga. Hún sá hann í svip um ellefuleytið í fyrrakvöld, þegar hún var að svipast um eftir honum. Hún kallaði á hann, en þá lét hann sig hverfa. Hún frétti af honum við skóla í Reykjavík um miðjan dag í gær. Fósturfaðir drengsins rauk af stað – en of seint.

Þessi drengur er einn af að minnsta kosti þremur unglingum sem eru týndir þegar þetta er skrifað. Tvær unglingsstúlkur eru einnig týndar. Önnur stúlkan er búin að vera týnd í um hálfan mánuð, en hin lét sig hverfa í síðustu viku. Drengurinn strauk frá Stuðlum síðastliðinn miðvikudag. Hann var ófundinn í gær þegar Fréttablaðið ræddi við móður hans.

Saga þessa drengs er ekkert einsdæmi í þeim harða heimi sem unglingar lifa og hrærast í. „Þetta hófst í grunnskólanum sem hann byrjaði í,“ segir móðir hans. „Hann truflaði kennslu og var með hegðunarvandamál. Sálfræðingur sagði mér að hann hefði verið lagður í einelti. Það var í það minnsta ljóst að honum leið ekki vel í skólanum.“

Fjölskyldan tók það til bragðs að flytja út á land. Drengurinn undi sér vel í skólanum þar. Hann eignaðist vini þar í fyrsta skipti, góðan og heilbrigðan vinahóp og tók fullan þátt í félagsstarfi.

Að ári liðnu flutti fjölskyldan til baka og drengurinn fór í skóla í haust. Aftur upphófust sömu vandamál, hann truflaði kennslu, tók þátt í alls konar uppistandi og var til vandræða. Starfsfólk skólans kvartaði undan honum og foreldrar annarra barna líka.

„Svo skall kennaraverkfallið á,“ rifjar móðirin upp. „Þá hvarf hann í fyrsta skipti. Hann fór út á land með öðrum strák en kom fljótlega heim aftur. Ég talaði við hann og gerði honum grein fyrir að þetta væri alvarlegt mál.

Verkfallið hafði afar slæm áhrif á hann. Hann hékk mikið heima og lá í rúminu. Hann hitti vini sína á kvöldin og fór þá út með þeim, en leið greinilega illa.“

### Kveðjubréf

„Svo í október skrifaði hann mér kveðjubréf og sagði að sér liði óskaplega illa. Hann skrifaði að sig langaði ekki til að lifa lengur. Ég hafði samband við barna- og unglingageðdeild og barnaverndaryfirvöld, því ég vildi helst koma honum undir læknishendur strax. Um nóttina kom hann svo heim og sagði að ég skyldi ekki taka neitt mark á bréfinu. Hann samþykkti að fara í viðtal við sálfræðing á BUGL.“

Móðurinni var sagt að þetta væri hálfgerð „unglingaveiki“ í drengnum og alveg eðlilegar vangaveltur. En ástandið átti enn eftir að versna. SMS-skilaboð dundu á drengnum og skrif á heimasíðu sem snerust um hvort hann ætti að taka líf sitt eða ekki. Móðir hans fékk hringingar frá foreldrum sem sögðu henni að þau vildu ekki að barnið hennar væri með börnum þeirra. Þannig lokuðust dyrnar hver á fætur annarri í lífi drengsins.

„Í desember komst ég að því að hann var farinn að reykja,“ heldur móðirin áfram. „Hann var að skipta um félagsskap. Hann talaði ekki eins mikið um hvert hann væri að fara, hvað hann væri að fara að gera, en kom seint heim. Ég var í sambandi við skólann,

Foreldrahúsið í forvörnum og stuðningi:

## Ört vaxandi aðsókn

**FÉLAGSMÁL** Aðsókn barna og foreldra í Foreldrahúsið er að aukast hröðum skrefum, að sögn Elísu Wium, sem starfar þar.

Móðirin sem rætt er við hér á síðunni hefur leitað stuðnings í Foreldrahúsinu og segir hann skipta sköpum í þeim erfiðleikum sem hún hefur átt í undanfarna daga.

Elísa sagði að fólk kæmi með börnin sín til að leita aðstoðar. Í sumum tilvikum þyrftu börnin að fara annað í meðferð, en eftir hana væri boðið upp á stuðningsmeðferð sem fram færi í húsinu. Þá mætti nefna námskeið fyrir börn sem lent hefðu í einelti eða öðrum vanda.

„Svo erum við með mjög mikið foreldrastarf,“ sagði Elísa. „Við erum með viðtalstíma, námskeið og fundi fyrir þá. Við erum með þrjá sálfræðinga hérna sem foreldrar í vanda geta leitað til. Sú þjónusta er mikið notuð.“

- jss




**FORELDRAHÚSIÐ**
Sívaxandi starfsemi í forvörnum og stuðningi.

**HVAÐ ERU?** STÝRIVEXTIR

# Mikilvægt hagstjórnartæki sem hefur hemil á verðbólgu

Seðlabankinn hækkaði á dögunum stýrivexti sína um hálft prósent og eru þeir nú 8,75 prósent. Eins og nafnið gefur til kynna eru stýrivextir helsta hagstjórnartæki stjórnvalda enda voru vextirnir hækkaðir eftir að bankinn hafði sent þeim greinargerð um aukna verðbólgu.

**Keðjuverkun vaxta**

Með þeim vaxtakjörum sem Seðlabankinn veitir öðrum lánastofnunum getur bankinn haft áhrif á vexti í viðskiptum þessara lánastofnana hver við aðra og við aðra viðskiptavini sína. Með öðrum orðum, þegar Seðlabankinn hækkar sína vexti þá hækka aðrar lánastofnanir í landinu sína vexti, fyrst og fremst skammtímavexti. Þegar vextir eru háir



**BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON**

sjá fyrirtæki og einstaklingar sér síður hag í að taka lán til að standa undir fjárfestingum sínum og neyslu og því ætti að draga úr lántökum. Lækki Seðlabankinn hins vegar vexti sína lækka bankar og sparisjóðir sína vexti, til dæmis yfirdráttarvexti, og því freistast fólk og fyrirtæki frekar til að taka lán til að fjármagna fjárfestingar sínar.

**Stýrivextir og verðbólga**

Þar sem stýrivextir geta með beinum og óbeinum hætti haft áhrif á spurn eftir vörum og þjónustu er hægt að nota þá til að hafa hemil á verðbólgu. Fyrst vaxtahækkanir draga úr eftirspurn þá hækka fyrirtæki síður verð á vörum sínum og þjónustu. Á sama hátt er hægt að lækka stýrivexti til að koma hjólum efnahagslífsins af stað á ný.

**Gengið**

Stýrivextir hafa jafnframt áhrif á gengi krónunnar, háir vextir hafa áhrif til hækkunar en lágir til lækkunar. Þetta stafar af því að ef vextir eru háir í einu landi þá sjá fjárfestar sér frekar hag í að fjárfesta í eignum í þeim gjaldmiðli og að sama skapi vilja þeir síður taka lán í þeirri mynt. Af þessu leiðir að spurn eftir þessum gjaldmiðli eykst og þar með ætti verð hans að hækka, með öðrum orðum á gengið hans að hækka. Vandi fylgir hins vegar vegsemd hverri. Ef Seðlabankinn reynir að sporna við verðbólgu með því að hækka stýrivexti hækkar gengi krónunnar. Það þýðir að verð á innfluttum vörum lækkar. Lágt verð leiðir af sér meiri eftirspurn og því getur þensla aukist með styrkingu krónunnar.

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands.



**NÝR JÁRNKANSLARI?**

Þessi maður er þingmaður kristilegra demókrata í Þýskalandi. Það væri svo sem ekki í frásögur færandi ef maðurinn héti ekki Eduard von Bismarck. Langalangafi hans var sjálfur Otto von Bismarck en hann sameinaði Þýskaland á 19. öld og gekk undir nafninu Járnkanslarinn.

umsjónarkennara, félagsráðgjafa og fleiri. Hann fékk meðferðaraðila sem átti að fylgjast með honum. Ég sagði þá strax að ég vissi að eitthvað væri að drengnum mínum, en ég vissi ekki hvað.“

Drengurinn sneiddi hjá sambandi við meðferðaraðilann, en hélt sig þeim mun meira með strákum sem voru í dópneyslu, sem voru miklu eldri en hann.

„Það var eins og það væri aldrei nóg að honum til að hægt væri að gera eitthvað,“ segir mamma hans. „Fyrst þurfti hann að fara niður á botn.“

**Símaútköll**

„Nokkru síðar strauk hann að heiman, en fannst og var settur í neyðarvistun á Stuðlum. Það var milli jóla og nýárs. Þaðan strauk hann ásamt öðrum dreng með því að brjóta rúðu. Þá kom hann heim, því hann hafði engan stað til að fara á. Ég keyrði hann rakleiðis aftur að Stuðlum. Hann kláraði vistina eftir það. Þegar hann kom út aðstoðaði félagsráðgjafi frá barnaverndarnefnd okkur við að gera samkomulag sem drengurinn átti að fara eftir. Hann braut það og fór aftur á neyðarvistun. Þegar hann kom út aftur fór hann í félagsskap stráka sem fengust við ýmislegt misjafnt. Í þriðja skipti lenti hann í neyðarvistun á Stuðlum, en fékk síðan forgang í meðferð þar. Þaðan strauk hann á miðvikudaginn. „Hann var kominn undir einhvers konar pressu,“ sagði móðir hans. „Hann fékk símaútköll og varð að fara út hvenær sólarhrings sem var, oft um miðja nótt. Hann fékk hótanir um að hann yrði líflátinn ef hann mætti ekki á tiltekinn stað. Þeir náðu jafnvel til hans þegar hann var inni á Stuðlum með því að reyna að hringja í hann.“

Þessi móðir, ein af allt of mörgum sem hafa þungar áhyggjur af börnum sínum, er vel á vegi stödd, ef undan er skilinn harmleikurinn með týnda soninn hennar. Hún er langt komin í námi, á fjögurra ára dreng með eiginmanni sínum og fallegt og gott heimili.

„Þegar maður lendir í svona er maður tilbúinn að gera allt til þess að barnið manns fái hjálp. Jafnvel að láta fara illa með sig sem foreldri. Fólk horfir stundum á mig eins og þetta sé allt mér að kenna, en mér er orðið alveg sama. Bara að ég fái drenginn minn aftur og að hann fái hjálp.“

jss@frettabladid.is



**FÉLAGAR**
Drengurinn er einhvers staðar í hópi annarra ungmenna , að því er talið er. Myndin er ekki tengd fréttinni.




## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.730 **-2,25%**

**Fjöldi viðskipta:** 398
**Velta:** 2.984 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Síminn** | 9,45% | **Actavis** | -8,98% |
| | | **Landsbankinn** | -3,03% |
| | | **Burðarás** | -3,00% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 37,50 -8,98% ... Atorka 5,90 -0,84% ... Bakkavör 25,80 -2,27% ... Burðarás 12,95 -3,00% ... Flugleiðir 13,80 -2,13% ... Íslandsbanki 12,30 – ... KB banki 513,00 -1,16% ... Kögun 49,90 -1,19% ... Landsbankinn 14,40 -3,03% ... Marel 54,00 -1,10% ... Medcare 5,95 – ... Og fjarskipti 3,83 -0,78% ... Samherji 11,00 -1,35% ... Straumur 9,85 -1,50% ... Össur 84,50 -2,31%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Vonbrigði fyrir tölvudeildina

Í annað sinn á hálfu ári gerðist það að fyrirætlaðri baráttu um setu í stjórn Íslandsbanka var afstýrt á síðustu stundu. Fyrir hluthafafund í byrjun nóvember var útlit fyrir að níu sæktust eftir sjö sætum í stjórninni en rétt fyrir fund drógu tveir sig til baka. Í gær var útlit fyrir að átta byðu sig fram í sjö sæti en nokkrum mínútum fyrir fundinn barst fjölmiðlum bréf frá Helga Magnússyni þar sem hann dró framboð sitt til baka. Vísast eru margir í bankanum fegnir því að ekki þurfi að koma til beinna kosninga um forystu í fyrirtækinu en þeir eru þó til sem hljóta að vera orðnir pirraðir á því að sífellt sé verið að blása af kosningar. Tölvudeildin í Íslandsbanka hefur nefnilega lagt töluvert á sig til að útbúa traust kerfi til að halda utan um kosninguna en enn hefur ekkert reynt á þá vinnu.



### Meira í menningu

Allt hafði gengið snurðu- og athugasemdalaust á aðalfundi Íslandsbanka í gær þar til kom að tillögu stjórnar um framlag í Menningarsjóð Íslandsbanka og Sjóvár. Stjórnin hafði lagt til að framlagið yrði 50 milljónir. Þá kvaddi sér hljóðs Hulda Styrmisdóttir og gerði athugasemd við að framlagið væri ekki hækkað í takt við batnandi afkomu. Fleiri voru á sama máli og spunnust fjörugar umræður sem enduðu á því að stjórnarformaðurinn, Einar Sveinsson, lagði fram breytingartillögu um að framlagið yrði hækkað í 100 milljónir. Sú tillaga var samþykkt. Þessi tillaga var þó ekki samþykkt samhljóða eins og aðrar tillögur því nokkrir hluthafar voru andsnúnir breytingunni.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Greiningardeildir **KB banka** og **Landsbanka** breyttu vogunarráðgjöf sinni um **Actavis** í gær. Báðar deildirnar færður bréfin í undirvogun.

Annan daginn í röð hækkaði ekkert félag í **Úrvalsvísitölunni** í verði. Eina félagið sem hækkaði var **Síminn** sem tók stökk upp á við og hækkaði um 9,45 prósent.

Á aðalfundi **Íslandsbanka** í gær var ákveðið að nafni æðstu stofnunnar fyrirtækisins yrði breytt úr bankaráð í stjórn.

**Vísitala byggingarkostnaðar** í mars er 313 stig og lækkar um 0,1 prósent frá því í febrúar. Hækkunin á síðustu tólf mánuðum er 8,1 prósent.

# Lánstraust í Kazakstan

Creditinfo Group, sem er móðurfélag Lánstrausts hf., hefur gert samning um sölu á hugbúnaði og þjónustu til Kazakstan. Félag í eigu allra banka í Kazakstan kaupir þjónustuna og ráðgjöf.

Íslenskir sérfræðingar verða meðal annars fengnir til þess að þjálfa upp starfsmenn í fjármálageiranum í Kazakstan.

Í fréttatilkynningu frá Lánstrausti kemur fram að samningurinn hafi mikla þýðingu fyrir fyrirtækið. Það sé áhugavert auk þess sem það sé viðurkenning fyrir Lánstraust að fá þetta verkefni eftir alþjóðlegt útboð þar sem alþjóðleg stórfyrirtæki kepptu um samninginn.

Kazakstan er eitt af fyrrum ríkjum Sovétríkjanna og býr yfir miklum náttúruauðlindum, sérstaklega olíu.

Í frétt Lánstraust segir að stjórnvöld þar í landi vinni nú að því að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og vilji draga úr vægi olíuvinnslunnar í hagkerfinu. ■


# Aðalfundur Flugleiða hf.

Aðalfundur Flugleiða hf. verður haldinn fimmtudaginn 10. mars 2005 í aðalþingsal Nordica Hotel að Suðurlandsbraut 2 og hefst fundurinn kl. 14:00.

## Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og starfsemi á hinu liðna starfsári.
2. Endurskoðaður reikningur lagður fram til staðfestingar.
3. Tekin ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins.
5. Kosin stjórn félagsins.
6. Kosnir endurskoðendur.
7. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins:
   Breyting á 1. grein samþykkta um nafn á félaginu og breyting á 3. grein því til samræmis.
8. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum skv. lögum um hlutafélög.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthöfum er sérstaklega bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.icelandair.is eða á aðalskrifstofu Flugleiða hf. frá sama tíma.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 13:00 á fundarstað Nordica Hotel.

Stjórn Flugleiða hf.

FLUGLEIÐIR HF.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27466 02/2005


# Snörp lækkun á hlutabréfum

**Úrvalsvísitalan hefur hikstað í upphafi vikunnar eftir samfelldan uppgang frá áramótum. Actavis lækkaði um tæp 9 prósent. Sérfræðingur hjá Íslandsbanka segir verðið hátt á markaði en að rök séu fyrir því.**

Snörp lækkun varð á verði hlutabréfa í Kauphöll Íslands í gær. Bréf í Actavis lækkuðu um tæp níu prósent í kjölfar uppgjörs félagsins sem kynnt var á mánudag. Ekkert félag í Úrvalsvísitölunni hefur hækkað það sem af er vikunni.

Hlutabréfaverð hefur hækkað mjög það sem af er ári þvert á spár flestra sérfræðinga sem hafa um langt skeið haldið því fram að verðlagning á hlutabréfum á Íslandi sé óeðlilega há. Það sem af er ári hefur Úrvalsvísitalan hækkað um ellefu prósent og á föstudaginn var gildi vísitölunnar farið að nálgast það sem hæst varð í október áður en nokkuð kraftmikil niðursveifla hófst á markaðinum.

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segir að enn sé verð hlutabréfa nokkuð hátt. „Flest fyrirtæki eru fyrir ofan, eða innan, þess mats á verði sem við höfum gert,“ segir Ingólfur. Hins vegar segir hann að verð á markaði sé í heildina litið ekki svo hátt að áhyggjur þurfi að hafa. Hann segir að hækkanirnar megi meðal annars rekja til þess að fyrirtækin séu að sýna mjög góða rekstrarafkomu og hafi verið að brydda upp á nýjungum í rekstrinum.

„Ef við lítum á þau örfáu fyrirtæki sem mynda Úrvalsvísitöluna þá hefur orðið grundvallarbreyting á rekstri þessara fyrirtækja á síðustu árum.Við getum til dæmis skoðað bankana sem voru ríkisfyrirtæki fyrir nokkrum árum en eru nú alþjóðleg fjármálafyrirtæki,“ segir Ingólfur.



**INGÓLFUR BENDER** Forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka segir að góður rekstrarárangur og nýjungar i rekstri réttlæti hátt verð á íslenskum hlutabréfum.

Ingólfur segir að þótt grundvöllur virðist til staðar til þess að verð hlutabréfa sé hátt þá geti breytingar í efnahagsaðstæðum haft þau áhrif að verð lækki. Hann nefnir til dæmis að hröð lækkun á gengi krónunnar gæti haft þau áhrif á stemningu á markaði að söluþrýstingur myndist. Hins vegar segist Ingólfur telja að hröð veiking á gengi krónunnar hefði ekki sömu áhrif nú eins og árið 2001 þegar lækkun á mörkuðum varð mikil í kjölfar gengisfalls meðal annars vegna þess að eðli fyrirtækja á markaði er annað nú, til dæmis eru sjávarútvegsfyrirtækin færri.

**thkjart@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**FORSTJÓRINN Í RÆÐUSTÓL** Bjarni Ármannson gerði grein fyrir ársreikningunum á aðalfundinum í gær.

# Ekki slegist um stóla

**Helgi Magnússon dró framboð í bankaráð til baka á síðustu stundu.**

Helgi Magnússon dró framboð sitt til setu í stjórn Íslandsbanka til baka rétt áður en aðalfundur félagsins hófst í gær. Það var því sjálfkjörið í stjórnina.

Einar Sveinsson, Jón Snorrason, Karl Wernersson, Róbert Melax, Steinunn Jónsdóttir og Úlfar Steindórsson voru endurkjörin í stjórn. Þórarinn Viðar Þórarinsson kemur nýr inn í stjórnina í stað Helga Magnússonar.

Nokkur spenna hafði ríkt um kosninguna þótt almennt hafi verið talið að möguleikar Helga á stjórnarsetu væru fremur litlir, enda naut hann ekki stuðnings neins af stærstu hluthöfum í fyrirtækinu.

Helgi sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagðist meðal annars viss um að hann hefði stuðning meðal hluthafa en drægi sig í hlé í ljósi þess að forystumenn í bankanum hefðu beitt sér harkalega gegn framboði hans. „Ég tel kröftum mínum betur varið í jákvæðara umhverfi,“ segir Helgi í tilkynningu til fjölmiðla. **- þk**

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 8.55 | 13.41 | 18.28 |
| AKUREYRI 8.46 | 13.26 | 18.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ





**nám o.fl.**

Gullsmíðanámið lengist

BLS. 3





SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000


*Góðan dag!*

**Í dag er miðvikudagur 23. febrúar, 54. dagur ársins 2005.**





**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**



Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar



**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingibjörg var í skemmtilegum tíma hjá Sveinbirni Rafnssyni þegar ljósmyndarinn hitti hana í Árnagarði. Þar fræddist hún um rætur íslenskrar sagnaritunar á 12. og 13. öld.

# Dansar gegnum sagnfræðina

***Ingibjörg Björnsdóttir hefur kennt listdans í yfir 30 ár og er enn að. Nú dansar hún líka gegnum sagnfræðina í Háskólanum og þótt hún sé í náminu fyrst og fremst til gamans brýst gamli metnaðurinn fram – að vilja standa sig vel á sviðinu.***

Ingibjörg er í mastersnámi í sagnfræðinni. Vinnudagurinn er stundum langur hjá henni því eftir fyrirlestrana í Háskólanum hendist hún suður í Hafnarfjörð að kenna dans í sviðslistabraut hjá námsflokkunum. Auk þess vinnur hún á skrifstofu nokkra tíma í viku og sinnir barnabörnunum sjö eftir bestu getu, ekki síst þegar veikindi og verkföll steðja að.

„Ég hef alltaf haft óskaplega gaman af sagnfræði og það kom að því haustið 1998 að ég stakk mér á bólakaf í hana," segir hún brosandi þegar hún er spurð um tildrög þess að hún settist á skólabekk. Til að ljúka BA-gráðunni kveðst hún hafa tekið 60 einingar í sagnfræðinni og 30 í þjóðfræði. „Þjóðfræðin er ægilega skemmtileg líka," segir hún sannfærandi.

Sjálf kenndi Ingibjörg danssögu í Listdansskóla Þjóðleikhússins sem breyttist í Listdansskóla Íslands en hún var skólastjóri í þeim skólum í 20 ár.

Fyrir utan það sem upp hefur verið talið er hún líka formaður Dansfræðafélagsins, sem stendur að ýmsum námskeiðum og meira að segja alþjóðlegum ráðstefnum. Nú kveðst hún þurfa að fara að hespa af ráðstefnuriti sem hvíli á hennar samvisku. „Það er dálítil samkeppni um tímann hjá mér," viðurkennir hún en segir þó sagnfræðina númer eitt. „Ég var dálítið hrædd til að byrja með en svo kom upp í mér kappið og það voru svo margar skemmtilegar námsgreinar að ég vildi helst engri sleppa. Ég fór í námið með því hugarfari að vera ekkert að rembast við að fá góðar einkunnir en hef átt erfitt með að læra það. Gamli metnaðurinn kemur upp og maður vill standa sig vel á sviðinu."

*gun@frettabladid.is*

# Stytting náms til stúdentsprófs

***Áhrif styttingar náms til stúdentsprófs á stærðfræðinám og stærðfræðikennslu verða aðalefni fundar sem Flötur, samtök stærðfræðikennara, og Kennaraháskóli Íslands efna til í kvöld kl. 20.***

Fundurinn verður haldinn í salnum Bratta í nýbyggingu Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð. Þar munu fulltrúar skólastiganna velta fyrir sér fyrirhuguðum breytingum, kostum þeirra og göllum í skólakerfinu. Fulltrúi menntamálaráðuneytis og fulltrúar hvers skólastigs verða frummælendur á fundinum og sitja við pallborð. Að loknum framsöguerindum þeirra verða fyrirspurnir og umræður. Fundurinn verður sendur til Egilsstaða, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á Ísafirði og Háskólans á Akureyri með fjarfundarbúnaði KHÍ.



Stúdentsprófið er alltaf merkur áfangi í lífi einstaklinga.

## LIGGUR Í LOFTINU
*í námi*

**Skráning** stendur yfir á þriggja daga, tólf klukkustunda ljósmyndanámskeiði í stafrænni ljósmyndun og myndvinnslu á vegum ljosmyndari.is. Námskeiðið er í fimm hlutum; myndavélin, myndatakan, ljósmyndastúdíóið, tölvan og Photoshop. Námskeiðin eru tvö, það fyrra er 7., 9. og 10. mars frá klukkan 18 til 22 en það síðara er 14., 16. og 17. mars frá klukkan 18 til 22. Námskeiðin eru haldin á Völuteigi 8 í Mosfellsbæ en leiðbeinandi er Pálmi Guðmundsson. Skráning og nánari upplýsingar eru í síma 898 3911 og á vefsíðunni ljosmyndari.is.



**Danskennarinn** Darrin Henson mun heimsækja Ísland helgina 4. til 5. mars. Henson er heimsfrægur danskennari sem hefur samið spor fyrir stjörnur á borð við Britney Spears, Justin Timberlake og Usher. Hann mun kenna í Dansstúdíói World Class í Laugum föstudaginn 4. mars frá klukkan 18.30 til 20.30 og laugardaginn 5. mars frá klukkan 14 til 16. Verð er 9.900 krónur en nánari upplýsingar fást hjá Dansstúdíóinu í síma 553 0000.



**Kynning á bókinni Lífsleikni** verður haldin 24. febrúar klukkan 15 í Námsgagnastofnun á Laugavegi 166, annarri hæð. Í bókinni er leitast við að varpa ljósi á hugtakið lífsleikni og hvernig það tengist uppeldisstarfi og menntun. Bókin hefur einnig að geyma ábendingar og hugmyndir sem gagnast kennurum jafnt sem foreldrum. Öllum er heimill aðgangur að kynningunni án endurgjalds en tilkynna þarf þátttöku á netfangið ellen@nams.is.

**Námskeið um neyðarlýsingu** verður haldið dagana 3. og 4. mars í Iðnskólanum í Reykjavík í stofu 415 eins og kemur fram á heimasíðu skólans, ir.is. Námskeiðið er á vegum Brunamálastofnunar, Iðnskólans í Reykjavík og Ljóstæknifélags Íslands og er ætlað rafverktökum og starfsmönnum þeirra, hönnuðum og þeim sem sjá um eftirlit og umsjón með mannvirkjum. Skráning er hjá Iðnskólanum í Reykjavík í síma 522 6500 og með netpósti á ir@ir.is.

*nam@frettabladid.is*


FJARNÁM MEÐ NÝJU SNIÐI BYRJAÐU NÚNA!

ÞÚ LÆRIR Á ÞÍNUM HRAÐA OG KEMUR Í PRÓF ÞEGAR ÞÉR HENTAR



WWW.MENNTAVEFURINN.IS

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS

**PhotoReading**

*Næstu námskeið:*
25. - 27. feb.
1. - 9. mars
18. - 20. mars

Viltu finna aðalatriðin?
Viltu margfalda lestrarhraðann?
Viltu bæta einbeitingu, skilning og minni?

**Skráning í síma 899 4023 og á www.photoreading.is**






**Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970**
w w w . s j o n a r h o l l . i s
Frumkvöðull að lækkun gleraugnaverðs á Íslandi





JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

**Notaðu Jurtir til að bæta heilsuna**

**Kolbrún grasalæknir kennir eftirtalin námskeið.**

*7. mars* **Tíu helstu lækninga jurtir.**
*10. mars* **Jurtir og mataræði fyrir gigt.**
*14. mars* **Jurtir og mataræði fyrir taugakerfið.**

**Opið: Virka daga 10-18**
**Laugardaga 11-14**

Hvert námskeið kostar 4900 kr.
Skráning í síma 552 1103

**Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is**



**NÝI ÖKUSKÓLINN**

**Öll vinnuvélaréttindi**
**Öll ökuréttindi**
**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**





**Nýi ökuskólinn** **et** **húsinu Klettagörðum 11**
**S: 588-4500 www.et.is**




**Námstexti**
Til að muna og skilja textann sem maður les er gott að lesa hann þrisvar yfir. Fyrst skal renna yfir hann hratt og lauslega. Næst skal lesa hann ítarlega og fletta upp öllum orðum sem maður skilur ekki og renna svo yfir hann í þriðja sinn svo allt festist vel í minninu.




FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Þorvaldur og Helena byggja námskeiðin á marghattaðri reynslu sinni og viðhorfum til lífs og lista.

# Kenna fólki að virkja eigin hugsun og hæfileika

***Þorvaldur Þorsteinsson og Helena Jónsdóttir eru lífskúnstnerar sem hafa miklu að miðla. Parið hefur sett upp nýja námskeiðs- og fræðslumiðstöð, www.kennsla.is***

„Við viljum að fólk geti notið óformlegs listnáms og einnig opna augu þess fyrir því sem það hefur sjálft til brunns að bera,“ segir Þorvaldur, inntur frétta af þessari nýju starfsemi. Hann situr einn fyrir svörum því Helena er á fullu að undirbúa frumsýningu á eigin dansleikhúsverki, Open Source, sem verður í Borgarleikhúsinu nú á sunnudagskvöld.

Ljóst er að þau skötuhjú búa yfir marghattaðri reynslu hvort á sínu sviði, hún úr dans- og stuttmyndaheiminum, hann úr heimi skrifta og myndlistar, og bæði hafa þau kennt í listaháskólum í Evrópu og Bandaríkjunum. Auk þess hafa þau laðað fleiri listamenn að kennslu á námskeiðunum, þá Kára Halldór leikstjóra, Lárus Ými kvikmyndagerðarmann og Guðna Gunnarsson, höfund Rope Yoga heimspekinnar.

Þótt upplýsingar um námskeiðin séu öllum aðgengilegar á vefnum www.kennsla.is skautum við með Þorvaldi í gegnum þær. „Skapandi skrif“ eru þar efst á blaði og það er rithöfundurinn Þorvaldur sem þar leiðbeinir. Fyrsta námskeiðið fylltist strax en annað verður í boði í lok mars. „Má ég líka“ sem búið er að prufukeyra bæði í borginni og úti á landi með góðum árangri segir Þorvaldur vera eins kvölds námskeið. „Þetta eru ofsalega þéttir fjórir klukkutímar. Ég fer ofan í allt sem mér finnst skipta mestu máli af öllu því sem ég hef lært. Fólk hefur miklum skammti úr að moða því það er svo margt sem rótast upp,“ útskýrir hann. „Að skrifa texta sem skilar sér“ er námskeið sem Þorvaldur segir ætlað fyrirtækjum og er byggt á reynslu hans sem hugmynda- og textasmiðs.

Þá er komið að námskeiðum Helenu og hinna kennaranna sem Þorvaldur lýsir svo. „Það geta allir dansað“ gengur út á að dans er eitthvað sem við getum öll notið, svo framarlega sem við áttum okkur á því að hann er okkur eiginlegur, burtséð frá reglum og þjálfun. Helena hefur líka unnið mikið við stuttmyndir og það er form sem gaman er fyrir hvern og einn að leika sér með. Tjáningin, stuttmyndin og meðvitundin um líkamann er einnig inntak námskeiða sem eru fyrirhuguð með Kára Halldóri og Lárusi Ými og í apríl verður Guðni Gunnarsson með kynningu á Rope Yoga fræðum. En aðaltilgangur námskeiðanna er að kenna fólki að bera virðingu fyrir sínu innra lífi, eigin hugsunum og hæfileikum.“

*gun@frettabladid.is*


# 12 klst. námskeið
## í stafrænni ljósmyndun og myndvinnslu

**MYNDAVÉLIN:** Farið er inn á allar helstu stillingar á myndavélinni, þ.a.m. hraði, ljósop, dýptarskerpa, ljósmæling, lýsing, linsur, súmm, ISO, White balance, pixlar, RAW/JPEG
**MYNDATAKAN:** Myndbyggingarreglur. Myndataka – almennt, landslandsmyndatökur, næturmyndatökur, norðurljósamyndatökur, nærmyndir, portrett. Ýmis góð ráð við myndatöku veitt sem koma að góðum notum.
**LJÓSMYNDASTÚDÍÓ:** Myndataka - Portrett í Studíói. Notkun ljósa í stúdíói, mismunandi lýsing, notkun flassmælis, hvernig á að búa til einfalt og ódýrt heima stúdíó.
**TÖLVAN:** Færa myndir yfir á tölvuna, setja myndir í möppur, koma skipulagi á myndasafnið og skráningu mynda, setja leitarorð á myndir, afrita myndir á milli mappa, skipta um nafn á myndum, snúa myndum við, skoða allar upplýsingar um myndir, setja myndir yfir á geisladisk eða DVD, senda myndir með tölvupósti, prenta út myndir.
**PHOTOSHOP:** Lagfæra myndir, taka burt atriði úr myndum, kroppa myndir, skipta um bakgrunn, gera myndir svart/hvítar, gera myndir brúntóna, setja lit á hluta af myndum, breyta myndum með effectum, setja ramma utan um myndir, minnka myndir, dekkja og lýsa myndir, auka og minnka kontrast í myndum, vista myndir.

**Hópur A 7. 9. og 10. mars kl. 18 - 22.** **Hópur B 14. 16. og 17. mars kl. 18 - 22.** **Verð kr. 14.900.**

**Skráning og nánari uppl. á ljosmyndari.is eða 898-3911. Leiðb. Pálmi Guðmundsson**



Fleiri þættir starfsnáms gullsmiða verða teknir inn í skólann ef nýju drögin verða samþykkt.

# Gullsmíðanámið lengist

***Skólanám í gull- og silfursmíði lengist úr 58 einingum í 97 samkvæmt drögum að nýrri námskrá menntamálaráðuneytisins. Nám á vinnustað styttist hins vegar úr 120 vikum í 72.***

Meðalnámstími verðandi gull- og silfursmiða í skóla eykst úr þremur önnum í fimm samkvæmt nýju drögunum. Þar kemur einkum til þörf fyrir aukið nám á sviði hönnunar og tölvutækni og einnig verða fleiri þættir starfsnámsins teknir inn í skólann. Heildarnámstíminn eykst því ekki. Drögin, sem eru unnin af starfsgreinaráði hönnunar-og handverksgreina, eru aðgengileg á vefsvæðinu www.menntamalaraduneyti.is. Hagsmunaaðilum og almenningi gefst kostur á að senda athugasemdir og ábendingar um þau til 18. mars á netfangið namskra@mrn.stjr.is.

## Bóklegt hraðnám í einkaflugi

FIMM VIKNA NÁMSKEIÐ Í BOÐI OG SKRÁNING ER HAFIN.

Flugskóli Íslands er nú að taka við skráningum á bóklegt einkaflugmannsnámskeið sem hefst miðvikudaginn 1. júní 2005. Boðið verður upp á PPL-hraðnám/dagnám sem tekur aðeins fimm vikur auk skriflegra prófa, en kennt verður alla virka daga frá klukkan 8.30-13.30. Nemendur á þessu námskeiði ættu að geta hafið atvinnuflugmannsnám hjá skólanum í september 2005. Hins vegar er PPL-kvöldnám sem tekur ellefu vikur auk skriflegra prófa. Kennt verður með hefðbundnu sniði öll virk kvöld vikunnar frá klukkan 18.30-22.


*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna á vorönnina hjá Tölvuskóla TV*

**Tölvuþekking fyrir konur**

www.tv.is

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

Námskeiðið hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Hringdu núna í síma 520 9000.

**Helstu kennslugreinar**

- Tölvugrunnur og Windows, ritvinnsla Word
- Töflureiknir Excel, Internetið og tölvupóstur

Þær konar sem sótt hafa námskeiðið eru sammála um að það hafi aukið þeim traust og öryggi í umgengni við tölvurnar.

**Lengd:** 60 stundir/40 klukkust. **Verð:** 45.900 staðgr.

**Tímar:** Tvisvar í viku 9:00-12:00 eða 19:30-22:30

**Tölvumennt TV til betri verka – hringdu núna í síma 520 9000 – eða líttu við á www.tv.is**

Tölvuvísir www.tv.is PEARSON VUE AUTHORIZED CENTRE Microsoft CERTIFIED Partner

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is










TT námskeið

Frá Toppi til Táar

# Viltu ná *glæsilegum* árangri?

***Námskeiðin sem slegið hafa í gegn***
***Ný TT-Námskeið hefjast 13. mars 2005***

**Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega.**

Við höfum þróað TT námskeiðin í 15 ár og búum því yfir reynslu og þekkingu til að veita konum leiðsögn um lífshætti sem skila árangri.
Við veitum persónulega þjónustu í notalegu umhverfi þar sem alger trúnaður ríkir.

***Námskeiðin fela í sér leiðbeiningar um mataræði og líkamsbeitingu, líkamsrækt, fundi, vigtun og mælingar.***
**Einnig veita sérfræðingar í förðun, tísku og hári ráðleggingar.**

***Tvenns konar TT-námskeið eru í boði:***
***TT-1** ef þú ætlar að standa í stórræðum*
***TT-2** ef þú ert vel á veg komin og vilt aðhald*

**Vertu velkomin!**

***Innritun er hafin***
***Vinsamlega staðfestu fyrir 7. mars***

www.jsb.is

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 803-05



**SÝNIKENNSLA í kortagerð í dag frá 12 til 15**

**Nú er auðvelt að gera falleg kort**

**Ný mót í Sizzix vélina komin**

OPIÐ FRÁ 10-18 VIRKA DAGA 11-16 LAUGARDAGA

Föndur og gjafavara FÖNDRA

Dalvegur 18 Sími 568 6500 www.fondra.is



birta

**SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »**



# Ný námskeið að hefjast á næstunni

*Eitthvað við allra hæfi*

- **Enska fyrir fólk í ferðaþjónustu - fjarnám,** 10 vikur frá 4. mars. Umsjón: Caroline Nicholson og Þorvaldur Pálmason
  Námið er ætlað þeim sem hafa litla enskukunnáttu. Lögð er áhersla á orðaforða sem tengist ferðaþjónustu og það sem henni fylgir.
- **Sakamálasögur.** Mi. kl. 20:30-22, 3 vikur frá 2. mars. Umsjón: Katrín Jakobsdóttir
  Fjallað verður um sakamálasögur frá 19. öld til okkar daga. Rætt verður um uppruna sakamálasagna sem tegundar. Skoðaðar verða nokkrar gamlar sögur, innlendar sem erlendar. Þá verður litið á helstu strauma og stefnur í sakamálasögum samtímans og íslenskar sögur skoðaðar í samhengi við það sem er á döfinni í útlöndum.
- **Til móts við Marokkó - saga og menning,** 3. og 10. mars kl. 20-22. Umsjón: Jóhanna Á.H. Jóhannsdóttir og Brahim Boutarhroucht
  Á námskeiðinu verður farið stuttlega yfir sögu Marokkó og landshætti, sagt frá menningu þjóðarinnar í máli og myndum. Einnig verður fjallað um handverk, fatnað, trúarbrögð, matargerð og mismunandi tungumál landsins.
- **Kransakökugerð,** 10. mars kl. 19-22. Umsjón: Halldór Sigurðsson
  Farið er í gerð á kransakökum, sem henta við fermingar, skírnir, brúðkaup og önnur tækifæri. Hver nemandi gerir 40-50 manna kransaköku sem hann tekur með sér heim.

MÍMIR SÍMENNTUN

**Innritun fer fram á Grensásvegi 16A, í síma 580 1800 eða á heimasíðunni www.mimir.is**

# VETRARLÍF



Fréttablaðið/GVA


Brettastrákur svífur bls. 2
Kraftdrekar bls. 4
Nýjustu skíðin bls. 6
Dansar á skíðaskónum bls. 8
Bláfjöllin stærst bls. 10
Kikkið í ísklifri bls. 12






*Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldann og þarft aldrei að skafa!*

*Kveikt er á hitaranum með:*
*fjarstýringu • gsm síma • eða klukku*

Webasto Feel the drive

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330


Kaffihúsið Bláa kannan er algjörlega reyklaust og hefur verið frá upphafi.

# Fjölskrúðugt kaffihúsalíf

**_Eftir langan og strangan dag er tilvalið að leyfa sér smá unað, bragða á góðu kaffi og jafnvel sporðrenna eins og einni kökusneið. Á Akureyri eru nokkur kaffihús þar sem hægt er að teygja úr sér og fylgjast með lifandi mannlífi._**

„Þetta er bæði kaffihús með hefðbundnum kaffihúsaréttum eins og kökum og samloku, en auk þess er þetta veitingastaður, með fínum réttum, góðri þjónustu og gæðavínum,“ segir Einar Geirsson, matreiðslumaður, sem nýverið keypti kaffi- og veitingahúsið Kaffi Karólínu. „Staðurinn er opinn frá klukkan hálf tólf til eitt á virkum dögum, en til fjögur um helgar,“ segir hann og bætir við að um helgar sé mikið líf á staðnum og yfirleitt einhverjar uppákomur. Staðurinn er reyklaus að hluta og þar er hægt að tengjast þráðlausu neti.

Kaffihúsið Bláa kannan er við Hafnarstræti 96 og er alfarið reyklaust. „Við opnuðum fyrir sjö árum og það hefur alltaf verið reyklaust. Ef mér skjátlast ekki er þetta fyrsta stóra kaffihúsið sem býður upp á veitingar í reyklausu umhverfi.“ segir Sigmundur Einarsson hjá Bláu könnunni. Staðurinn er með sitt eigið bakarí og býður upp á nýjar kökur.

„Þá erum við líka með hádegismat, súpu, nýbakað brauð og einhvern rétt sem fer eftir því hvaða dagur er.“

Ekki er þráðlaus tenging fyrir hendi en hægt er að fá afnot af tölvu á staðnum. Staðurinn er opinn frá níu á morgnana til hálf ellefu og kvöldin á virkum dögum en til hálf sjö um helgar.

Á Kaffi Torgi sem er á Glerártorgi er hægt að fá nánasta allan mat, allt frá heimilismat í ætt við þann sem mamma gerir til fínni kaffihúsamatar. „Við erum með pasta, súpur, salöt, kaffi, heimalagað súkkulaði og eiginlega allt milli himins og jarðar,“ segir Regína Hákonar, eigandi Kaffi Torgs. „Svo erum við alltaf með einn rétt í hádeginu sem er fiskur,“ segir hún og bætir við að þar að auki sé kaffihúsið reyklaust, en enginn þráðlaus nettenging er fyrir hendi. „Við tökum líka á móti hópum og getum boðið upp á hópmatseðil.“


Kaffi Karolína er bæði kaffihús og hefðbundinn veitingastaður






# Svífur niður brekkurnar á bretti

**_Brynjar Karl Pálsson er knár strákur í Reykjavík sem fer alltaf upp í fjöllin þegar færi gefst, rennir sér á snjóbretti og reynir ýmsar kúnstir._**

„Ég fékk snjóbrettabakteríuna fyrir fjórum árum, þegar ég var tíu ára,“ segir Brynjar Karl og kveðst fyrst hafa kynnst þessu sporti gegnum vini sína sem voru byrjaðir að leika sér á brettum. Hann segist hafa óskað þess að fá bretti í jólagjöf og fengið þá ósk uppfyllta. Nú er það hins vegar að verða of lítið fyrir hann en hann ætlar að láta það duga fram á vorið og reyna að stækka við sig fyrir næsta vetur.

Brynjar er þokkalega ánægður með snjóinn það sem af er vetri hér á suðvesturhorninu, að minnsta kosti í samanburði við undanfarna vetur. Hann kveðst hafa farið upp í skíðabrekkurnar í grennd við Reykjavík næstum alla daga sem lyfturnar hafi gengið og þá oftast í Skálafell.

Leiknin á brettinu eykst í réttu hlutfalli við fjölda ferða og Brynjar Karl segist hafa gaman af að gera ýmsar kúnstir, stökkva og snúa sér. Aðeins einu sinni hefur hann meiðst. Þá tognaði hann á hálsi og var í kraga í hálfan mánuð en lét það ekki aftra sér frá æfingum á brettinu. Brynjar Karl er greinilega duglegur strákur því hann vílar ekki fyrir sér að vakna klukkan hálf sex á morgnana og bera út Fréttablaðið áður en hann fer í skólann. Svo lærir hann á gítar og á sumrin spilar hann golf. Handboltinn er líka eitt af stóru áhugamálunum og hann stefnir að því að verða Íslandsmeistari í 4. flokki í handbolta með félagi sínu ÍR. Nú hlakkar hann til páskaleyfisins og vonar að þá verði nægur snjór.


Brynjar Karl kominn glaðbeittur með brettið í brekkur Skálafells.

Fréttablaðið/GVA

# Nýja lyftan er fljótari og öruggari en sú gamla

**_Glæsilegasta skíðalyfta landsins verður vígð formlega sunnudaginn 6. mars._**

Lyftan verður sunnanmegin í Kóngsgili, en gamla lyftan var norðanmegin. Lyftan eykur flutningsgetu Bláfjalla um 2.200 manns, og verður hægt að flytja tæp 10.500 manns á klukkustund eftir að nýja lyftan hefur verið vígð.

Haukur Þorsteinsson, umsjónarmaður Bláfjallasvæðisins, segir lyftuna færa svæðið fram til nútímans. „Gamla stólalyftan er gamall gripur og hin nýja lyfta er bæði mun fljótari og öruggari. Hún hefur þægilegri setu og það er hægt að keyra hana í meiri vindi,“ segir Haukur og bætir við að nýja lyftan taki við fjórum í einu, í stað tveggja eins gamla lyftan gerði.

„Þetta er án nokkurs vafa stærsta og glæsilegasta lyfta landsins og á eftir að bæta þjónustuna í Bláfjöllum til muna,“ segir Haukur, augljóslega spenntur fyrir opnuninni.

Þess má þó til gamans geta að undanfarið hefur staðið yfir nafnasamkeppni um nöfn á allar lyftur í Bláfjöllum og því verður spennandi hvort nýja lyftan fái sitt nafn við vígsluna.


Nýja lyftan í Bláfjöllum er eins og sjá má glæsilegt tæki og á eftir að breyta aðstöðunni til muna.


Tilvalið fyrir Smuguna, Jan Mayen
og allar styttri ferðir niður Laugaveg.
Kringlan Reykjavík, Lækjargata 4 Reykjavík, Faxafen 12 Reykjavík
Miðhraun 11 Garðabæ, Glerárgata 32 Akureyri og söluaðilar um land allt.
Klæddu þig vel

# Góðar brekkur og ungmennafélagsandi

***Skíðasvæðið á Sauðárkróki er mjög gott skíðasvæði fyrir alla fjölskylduna enda eru þar góðar brekkur fyrir jafnt byrjendur sem lengra komna.***

„Fyrstu þrjú hundruð metrarnir eru einkar hentugir fyrir byrjendur en svo geta hinir farið lengra, og í raun alveg upp á topp," segir Viggó Jónsson, umsjónarmaður skíðasvæðisins.

Tiltölulega ný lyfta er á skíðasvæðinu. Lyftan var vígð árið 2000 og þykir hún mjög fullkomin og þægileg. „Þá eru hér Lambárbotnar sem eru mjög góðir fyrir brettafólkið enda leggjum við töluvert mikið upp úr aðstöðu fyrir það," segir Viggó. Hann ungmennafélagsandann vera ríkjandi á svæðinu því ekki sé boðið upp á neitt sælgæti á svæðinu heldur einungis djús, kakó og kaffi ásamt samlokum og skíðasvæðið sé allt upplýst auk þess sem göngubrautin sé troðin reglulega þegar aðstæður leyfa.



Lagt upp úr því að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi á skíðasvæðinu.

| | |
|---|---|
| **Lyftur:** | Ein lyfta á svæðinu |
| **Fallhæð:** | 245 metrar |
| **Flutningsgeta:** | 900 manns á klukkustund |
| **Lengsta brekka:** | Lambárbotnar eru um 3 km á lengd |
| **Göngubraut:** | 3 km |



Laugin er 25 metra löng. Auk þess er rennibraut og tvær vaðlaugar fyrir yngstu kynslóðina.

# Sundlaugin er stolt bæjarins

***Skemmtileg sundlaug fyrir börn sem fullorðna er á Dalvík. Þar er líka gufubað og fullkomin líkamsræktarstöð.***

Sundlaugin í Dalvík var opnuð fyrir tíu árum og hefur síðan verið eitt helsta stolt bæjarins. Jón Heiðar Rúnarsson, forstöðumaður sundlaugarinnar, segir sundlaugina, sem er 25 metra löng, hina glæsilegustu og auk þess séu tveir heitir pottar, gufubað og fullkomin líkamsræktarstöð á staðnum.

„Sundlaugin er stórskemmtileg fyrir börn og við erum með rennibraut ásamt tveimur vaðlaugum," segir Jón. Hann segir auðvelt að panta laugina fyrir hópa utan venjulegs opnunartíma en bendir líka á innilaugina við Húsabakkaskóla sem hópar geta leigt. „Þetta er ein fyrsta sérbyggða innilaugin á landinu," segir Jón. Sundlaugin á Dalvík er opin virka daga frá klukkan sex á morgnana til átta á kvöldin og frá tíu til fjögur um helgar.






Kraftdrekarnir komast ótrúlega hratt og hægt er að gera ýmsar kúnstir með þeim.

# Kemst í ósnert púður á kraftdreka

***Hópur fólks er farinn að stunda hér á landi snjódrekasport þar sem flugdreki er notaður til að draga sig áfram á skíðum eða snjóbretti. Einar Garðarsson segir drekann virka eins og eigin skíðalyftu.***

Einar Garðarsson er einn þeirra ofurhuga sem leika sér á kraftdreka eins og flugdrekinn kallast og fékk hann bakteríuna þegar hann var leiðsögumaður hóps manna sem komu hingað til lands til að vinna auglýsingamynd um sportið. „Það er hægt að gera meiriháttar kúnstir með þessum drekum, stökkva hátt og langt og ná miklum hraða," segir Einar, sem stundar þetta meira og minna allt árið.



„Þetta gerir manni kleift að komast í ósnert púður þar sem maður er ekki háður sérstökum skíðasvæðum, heldur getur farið hvert sem er, hvenær sem er. Það er gott að vera laus við mótor til að komast upp brekkurnar – og er þetta eins og að vera með eigin skíðalyftu alla daginn," segir Einar og bætir hlæjandi við að maður þurfi ekki heldur að standa í neinni biðröð í lyftunni.

Hann og félagar hans fara yfir Bláfjöllin og leika sér mikið þar með drekana en á sumrin fara þeir á Langjökul. Einnig bjóða þeir upp á námskeið fyrir áhugasama og er hægt að nálgast upplýsingar um þau á vefsíðunni vindsport.is.

„Það tekur innan við klukkutíma að kenna fólki á kraftdrekann að því gefnu að það kunni á skíði eða snjóbretti," segir Einar. Hann á varla orð yfir það hversu ótrúlega spennandi og skemmtilegt sport þetta er og hvetur alla til að prófa kraftdrekann.

# Fyrsta skíðakeppnin á Ísafirði endurvakin um páskana

***Ísafjarðarbær verður allur á iði um páskana. Þá verður haldin skíðavika en liðin eru sjötíu ár síðan hátíðin var haldin fyrst.***

„Hátíðin verður formlega sett miðvikudaginn 23. mars á Silfurtorginu, en þá verður í boði margvísleg tónlist, leikhópar munu troða upp, gönguskíðakeppni og kakó og lummur." segir Rúnar Óli Karlsson hjá Ísafjarðarbæ.

„Við munum endurvekja fyrstu skíðakeppnina á Ísafirði sem bar heitið Rennsli með sneiðingum árið 1909 og fá keppendur þá gamlan skíðabúnað frá Byggðasafninu til þess að keppa á, auk þess sem snyrtilegur klæðnaður er skilyrði," segir Rúnar Óli og bætir við að verðlaun verða einnig veitt fyrir besta búninginn. Þá gefst skíðafólkinu einnig kostur á því að láta mæla hraðann hjá sér og hin sívinsæla garpakeppni verður á sínum stað.



Ungir Ísfirðingar að leik í snjónum á Silfurtorginu á Ísafirði.



Steming á tónlistarhátíðinni Aldrei fór í suður. Hátíðin verður haldin í páskavikunni.

„Þá mætast allir gömlu skíðagarparnir og etja kappi," segir Rúnar Óli. Það verða þó ekki eingöngu snjór og skíði í boði á Ísafirði, heldur verður tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður haldin sömu viku. Þar munu tónlistarmenn eins og Mugison, Írafár, Kímónó og Þórir trúbador og Lonesome Traveller stíga á stokk, svo einhverjir séu nefndir. „Þetta eru tíu stunda tónleikar á miðvikudeginum fyrir páska." segir Greipur Gíslason, verkefnastjóri tónleikanna. Hann segir að þetta sé endurtekning frá tónleikunum í fyrra, sem hafi heppnast það vel að ekki hafi verið komist hjá því að halda aðra hátíð.




## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

*Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

**Veldu það besta!**




## Rýmum fyrir nýjum 2005 Chiropractic heilsudýnum

Allar eldri gerðir á 25% afsl.

Verðdæmi: Health Care
Queen verð áður kr. 99.900 stgr. nú 74.925 stgr.
King verð áður kr. 129.900 stgr. nú 97.425 stgr.

Gildir meðan birgðir endast.

## EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

**Betri verð á stillanlegum rúmum**



BIFLEX með IQ-CARE heilsudýnu 80x200 cm.
Verð aðeins kr. 94.950 stgr.




**Eitt með öllu**




Eitt mest selda stillanlega rúm í heimi




**Leðurhægindastólar**
Verð aðeins
59.000.- stgr.



## Útsöluhorn




25-70% afsláttur

Af ýmsum vörum.

## FERMINGAR- OG SUMARHÚSADÝNUR Á TILBOÐI

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING




Svefn & heilsa
★★★★★

Látið sjá ykkur!

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



Guðfinna komin upp í fjall með brettið. Henni var nokk sama þótt fólk sæi hana detta hundrað sinnum til að byrja með.

# Maður á bara að láta vaða

***Guðfinna M. Hreiðarsdóttir sagnfræðingur á Ísafirði steig fyrst á snjóbretti þegar hún var 36 ára og var þá langelst í brekkunni.***

„Mig langaði að prófa snjóbretti og varð að útvega mér mitt eigið þar sem sonur minn var tregur til að lána mér sitt,“ segir Guðfinna. „Mér var nákvæmlega sama þó fólk sæi mig detta hundrað sinnum í lyftunni og hundrað sinnum í brekkunni, en maður kemst ekki öðruvísi upp á lagið með þetta. Fólk á bara að láta vaða, verst er að þegar maður er kominn á þennan aldur þá er maður svo ragur,“ segir Guðfinna, sem nær því ekki einu sinni að vera miðaldra. Hún segir brettaíþróttina hafa loðað við ungdóminn en þeir sem eldri eru eigi alls ekki að vera smeykir við að prófa.

„Eftir að ég fór að gera mig að athlægi í brekkunni fóru fleiri og fleiri að prófa og starfsmennirnir í skíðabrekkunni fóru að grínast með að búið væri að stofna Brettafélag eldri borgara. En þetta er ekkert bara fyrir krakka og unglinga,“ segir Guðfinna og leggur áherslu á að fólk eigi bara að fara sér hægt þegar það byrjar. „Það er engin nauðsyn að kunna á skíði áður en farið er á bretti því þetta er tvennt ólíkt. Maður er bara eins og hver annar byrjandi,“ segir Guðfinna.

Sjálf hefur hún stundað skíði mestalla ævi og daglega fer hún á gönguskíði. „Hér er aðstaðan öll svo góð að ég á ekki orð til að lýsa því hvað þetta er frábært,“ segir Guðfinna.




# Þægilegra en áður

***Skíðabúnaðurinn hefur tekið framförum undanfarin ár, og keppast nú framleiðendur við að gera hann eins þægilegan og mögulegt er.***

Það er orðið auðveldara að standa á skíðum, og svo eru nú komnir tölvukubbar í sum skíði og bretti sem laga þau að þeim aðstæðum sem skíðamaðurinn er í. Sérstök fjallaskíði eru ekki seld hér á landi. Það kostar um fjörutíu þúsund að koma sér upp góðum búnaði í bæði carving-útbúnaðinum og brettunum, en í kringum tuttugu þúsund krónur á gönguskíðunum.



**Skíðaskór**
Ekki hefur mikið breyst í eiginlegri hönnun skíðaskónna, en þó hefur einn hlutur bæst við, og það er hitasokkurinn. Hann lagar skóna að fæti skíðamannsins og gerir þá þægilegri. Þá eru skíðaskórnir ekki heldur jafn stífir og þeir voru.



**Carving-skíði**
Þau eru eins og stundaglas í laginu og gera það að verkum að átakaminna og auðveldara er að beygja. Þó að grunnefnin séu þau sömu eru Carving-skíðin bæði minni og þægilegri. Í stað þess að miða við hæð einstaklingsins, eins og með gömlu skíðin, er nú miðað við að skíðin nái milli höku og nefs.



**Snjóbretti fyrir byrjendur**
Fyrir byrjendur er langbest að byrja á mýkri brettum sem auðveldara er að stýra.



**Snjóbretti fyrir lengra komna**
Þau bretti eru aðeins stífari en þau sem eru fyrir byrjendur. Þetta bretti er til að mynda með tölvukubb sem býr til rafmagn í brettinu og mýkir það eða herðir eftir þeim aðstæðum sem brettamaðurinn er í.



**Brettaskór fyrir byrjendur**
Þeir eru aðeins mýkri en eru nægilega stífir til þess að styðja við ökklann. Þeir eru einnig með þennan hitapoka sem lagar fótinn að skónum. Ein af ástæðum þess að brettin hafa náð svo mikilli útbreiðslu er einmitt skórnir, því auðveldara er að ganga í þessum skóm en í hinum hefðbundnu skíðaskóm.



**Brettaskór fyrir lengra komna**
Þessir skór eru aðeins stífari en fyrir byrjendur, og styðja vel við ökklann.



**Hefðbundin gönguskíði** Þessi gerð af gönguskíðum hentar vel fyrir þá sem ganga á hefðbundnum og troðnum göngubrautum.



**Göngu-skíðaskór**
Þessi gerð af skóm er ögn mýkri, en veitir engu að síður nauðsynlegan stuðning.



**Gönguskíði**
Þetta eru gönguskíði fyrir þá sem hafa hugsað sér að ganga ef til vill fyrir utan troðnar gönguleiðir skíðasvæðanna. Þau eru einnig þægilegri til þess að renna sér niður brekkur, vegna stálkantsins, sem gefur betra jafnvægi.



**Gönguskíðaskór** Öllu hefðbundnari skór, með þessari þekktu tá.



**Mikill munur** Eins og sjá má er mikill munur á þessum hefðbundnari gönguskíðum og þeim þykkari.

Myndir/Fréttablaðið/GVA

# Nýuppgert gistihús í gömlu húsi



Mikið verður um að vera á Sauðárkróki um páskana og bærinn mun taka á móti gestum sínum af alkunnri gestrisni.

Töluvert er um að skíðafólk dvelji á gistiheimilinu Miklagarði á Sauðárkróki.

Gistiheimilið Mikligarður stendur við Kirkjutorg á Sauðárkróki og er í hjarta bæjarins. Húsið er gamalt en hefur verið gert upp.

„Við getum tekið við tuttugu og átta manns í eins manns, tveggja manna og þriggja manna herbergjum,“ segir Efemía Björnsdóttir á gistiheimilinu. Í hverju herbergi er sjónvarp, og aðgangur er að sameiginlegu eldhúsi, sem og borðstofu. Gestir geta fengið morgunmat á 900 krónur ef þess er óskað,“ segir Efemía og bætir við að töluvert af skíðafólki dvelji hjá henni yfir vetrartímann.








Svæðið býður upp á góða aðstöðu fyrir brettafólk og er auk þess allt upplýst.

# Hefðbundið og fjölbreytilegt skíðasvæði

***Skíðasvæðið á Dalvík er mjög hefðbundið svæði sem býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir alla, byrjendur jafnt sem lengra komna.***

„Það eru tvær lyftur hérna, sem fara nánast beint upp úr þéttbýlinu, ein sem fer 500 metra en hin fer 700 metra. Við reynum síðan þegar er góður snjór að vera með góða aðstöðu fyrir brettafólk,“ segir Jón Halldórsson, umsjónarmaður skíðasvæðisins, og bætir við að skíðasvæðið á Dalvík sé upplýst frá toppi og niður.

Þá er einnig að finna góðar gönguleiðir fyrir þá sem eru á gönguskíðum. „Fólk getur gengið frá skálanum hérna, niður í bæ og framhjá sundlauginni, tveggja kílómetra ganga, en svo er líka hægt að ganga um dalinn og það er um fimm kílómetra hringur.“

| | |
|---|---|
| Lyftur: | Tvær lyftur eru á svæðinu, ein 500 metra löng, hin 700 metrar |
| Fallhæð: | 322 metrar |
| Flutningsgeta: | 500 manns í lengri lyftunni á klukkutíma, 300 manns í þeirra styttri |
| Lengsta brekka: | 1.200 metrar |
| Göngubraut: | 2 kílómetrar |

# Toppurinn að dansa „moonwalk“ í grjóthörðum skíðaskónum

***Laufey Jörgensdóttir, ráðgjafi í Oracle hjá Skýrr hf., fór í sína fyrstu skíðaferð út fyrir landsteinana í byrjun árs. Laufey stundaði fótbolta og handbolta grimmt á árum áður en nú hefur golfið tekið við á sumrin og skíðin á veturna.***

„Já, loksins létum við af því verða við vinkonurnar að fara í skíðaferð til Madonna di Campiglio á Ítalíu og sú ferð var vægast sagt draumum okkar líkust. Ítalía var alveg mögnuð þegar maður var ekki týndur í brekkunum,“ segir Laufey og skellihlær en þær vinkonurnar voru ekki á skíðum allan tímann. „Það er sko alveg á hreinu að það er einstök stemmning með söng og heitum fjalladrykkjum í lok vel heppnaðs skíðadags og maður kemst að því að grjóthörðu skíðaskórnir eru hinir fínustu dansskór. Svo góðir að þegar stemningin náði hámarki var tekinn „moonwalk“-dansinn að hætti Jackson í skíðaskónum.“

Laufey segir skíðaferð mun meira gefandi en sólarlandaferðir. „Að vera í rólegum skíðabæ lengst uppi á fjalli er svo sérlega afslappandi og dagurinn svo einfaldur. Það er skíðað yfir daginn, slappað af í heitum potti í lok dags, út að borða á frábæru ítölsku veitingahúsi um kvöldið og kannski smá skrens á dansgólfinu áður en lagst er til hvílu um miðnætti til að vera klár í fjallið daginn eftir. Svo er þetta ótrufluð samvera með ferðafélögum og því einstaklega hentugt til fjölskylduferða,“ segir Laufey, sem greinilega er heilluð af skíðaferðinni.

Laufey segir að þær vinkonurnar hafi haft eina reglu í hávegum þegar lagt var af stað. „Það er algjör skylda að fá sér ítalskan skíðakennara. Við vinkonurnar bókuðum okkur kennara einn daginn og vorum fljótar að breyta bókuninni þegar við komumst að því að við áttum að fá stelpukennara. Maður fer nú ekki alla leið til Ítalíu nema til þess að fá sér súkkulaðigaur sem kennara og hann þarf helst að heita Fabio eða eitthvað álíka,“ segir Laufey og hlær við endurminninguna og segir blaðamanni aðeins frá sæta skíðakennaranum. „Svo ef maður stóð sig ekki í brekkunum þá þóttist maður bara vera bauni frá lálendi Danmerkur. Það er snilldarafsökun. Maður er nefnilega ekki slakur skíðamaður og frá Íslandi – það bara passar ekki.“



Laufey í skíðabrekkum Madonna di Campiglio á Ítalíu.



# Fjölbreytt gistiaðstaða fyrir skíðafólk sem sækir Dalvík heim

*Gistiaðstaðan á Dalvík er mjög fjölbreytt, því þar er að finna tvö gistiheimili, annars vegar gistiheimilið við Stórhólsveg, sem er staðsett í hjarta bæjarins og hins vegar gistiheimilið Árgerði sem er rétt við skíðasvæðið.*

Árni Júlíusson hjá gistiheimilinu við Stórhólsveg segir það vera mjög heimilislegt og að boðið sé upp á fimm tveggja manna herbergi. „Öll herbergin eru með baði og sjónvarpi, auk þess sem hér er sameiginlegt eldhús,“ segir hann og bætir við að gistiheimilið sé einnig með heitan pott sem gestir hafa aðgang að.

Kolbrún Reynisdóttir hjá gistiheimilinu Árgerði segir það vera tilvalið fyrir þá sem hafa hugsað sér að renna sér á skíðum, enda sé það í næsta nágrenni við Böggvisstaðafjall, þar sem skíðasvæði Dalvíkur er. „Við erum á mjög fallegum stað og getum tekið við tólf manns í uppábúin rúm,“ segir hún og bætir við að þó herbergin séu tveggja manna sé hægt að bæta við beddum fyrir börnin. „Við reynum að vera eins sveigjanleg og við getum fyrir fjölskyldufólkið.“



Dalvík er vinsæll viðkomustaður meðal skíðaáhugafólks og eru gistiheimilin nálægt skíðasvæðunum.

**Gistiheimilið Árgerði:** Tekur við tólf manns í uppbúnum rúmum. Nóttin kostar 6.000 krónur í tveggja manna herbergi, en hægt er að bæta við bedda fyrir börnin og er ókeypis fyrir börn yngri en fimm ára, 1.000 krónur fyrir 6 til 12 ára og 2.000 krónur fyrir eldri.

**Gistiheimilið Stórhólsvegi:** Tekur við tíu manns í fimm tveggja manna herbergjum. Öll herbergin eru með baði og sjónvarpi auk aðgangs að heitum potti og kostar nóttin 6.900 krónur.



Snjókast getur alveg verið löggilt íþrótt – er það ekki?

# Furðulegar íþróttir

*Búðu til þína eigin vetraríþrótt.*

Margar furðulegar íþróttir flokkast undir vetraríþróttir. Eins og vetraríþróttin skeleton, sem myndi vera beinagrind á íslensku. Þar renna tveir og tveir sér saman á litlum sleða en íþróttin fékk nafn sitt árið 1892 því sleðarnir litu út eins og beinagrindur. Þátttakendur geta líka brotið í sér hvert einasta bein ef eitthvað fer úrskeiðis.

En hvaða íþróttir ætti að gera að löggildum vetraríþróttum? Það gætu verið klessuskautahlaup þar sem skautafólk reynir að slá niður aðra keppendur með því að lemja þá með skautunum meðan það gerir hinar ótrúlegustu kúnstir á svellinu. Verðlaunin eru veitt þeim sem nær að lemja sem flesta og standa sig vel í snúningum og hoppum í leiðinni. Einnig væri hægt að keppa í snjókasti. Það er elsta og örugglega skemmtilegasta vetraríþróttin. Hvað er betra en að ná sér í lúku af ferskum snjó og grýta honum í einhvern nálægan?

# Eintóm skemmtun

*Kerlingarfjallamót vélsleðamanna verður haldið um helgina.*

Þetta er fjórða árið í röð sem Kerlingarfjallamótið er haldið og hefur það notið mikilla vinsælda. Ríkharður Sigmundsson, formaður LÍV Reykjavík, segir að þarna ætli vélsleðamenn alls staðar að af landinu að hittast til að skiptast á sögum og gamanmálum, keyra um svæðið og njóta góðrar samveru. Hægt er að fá frekari upplýsingar um mótið og skráningu á vefsíðunni snow.is/liv. Verð ásamt gistingu og mat er 4.900 kr. á mann.



Fréttablaðið/PÖK

Vélsleðamenn ætla að hittast í Kerlingarfjöllum um helgina.


# Breyttu skímu í dagsbirtu



**Luminator Xenon**
Ljóskastari fyrir atvinnubílstjóra. Mjög sterkbyggður og með meira ljósmagn en áður hefur sést í ljóskastara af þessarri stærð. Einkum hugsaður fyrir flutningabíla, stóra jeppa og rally bíla.
**Verð 59.909 kr.**

**Jumbo Xenon**
Hinn heimsfrægi Jumbo kastari er nú fáanlegur með Xenon tækni. Ný hönnun á linsugleri og hágæða spegill sem kemur birtunni allri til skila.
**Verð kr. 36.500 kr.**



**Rallye Xenon**
Breyttu skímu í dagsbirtu með þessum frábæra kastara sem býðst nú á áður óþekktu verði. Takmarkað magn
**Verð 34.900 kr.**



HELLA®

Bílanaust
Sími 535 9000
www.bilanaust.is

# Bláfjöllin stærsta skíðasvæðið

*Við Reykjavík liggja þrjú skíðasvæði; Bláfjöllin sem verða að teljast stærsta skíðasvæði landsins, Hengill og Skálafell. Hvert af þessum svæðum á sér sinn aðdáendahóp enda eru svæðin ólík að mörgu leyti.*





Skíðasvæðið í Hamragili þykir einstaklega fjölskylduvænt og hentar vel fyrir þá sem vilja kenna börnunum sínum á skíði.



Bláfjöll eru eitt stærsta útivistarsvæði Reykvíkinga og aðstaðan þar með besta móti.



Gilin í Skálafelli hafa verið vinsæl meðal brettafólks.

Skíðasvæði eru að mörgu leyti hálfgerð trúarbrögð, þar sem sumir fara aldrei í Bláfjöll, á meðan aðrir fara aldrei í Skálafell.

Það leikur ekki nokkur vafi á því að Bláfjöll eru stærsta skíðasvæði landsins. Þar eru flestar lyftur og mesta flutningsgetan og hægt verður að flytja rúmlega 10.500 manns á klukkutíma, þegar nýja lyftan verður vígð. „Þetta svæði býður kannski ekki upp á mestu fallhæðina á landinu, en svæðið er ótrúlega fjölbreytt og ekki skemmir fyrir að það er örskammt frá höfuðborgarsvæðinu,“ segir Haukur Þorsteinsson, umsjónarmaður Bláfjalla og Skálafells.

Bláfjallasvæðið hefur verið eitt aðalvetraríþróttarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá því snemma á áttunda áratugnum og hefur verið í stöðugri uppbyggingu. „Við höfum gert aðgengi þeirra sem eru að byrja á skíðum mun betra og höfum verið að víða að okkur þekkingu og reynt að koma til móts við hinn nýja hóp vetraríþróttamanna, brettafólkið,“ segir Haukur.

Bláfjöll eru mikil snjókista og því safnast þar vel snjór auk þess sem aðstaða fyrir skíðagöngufólk er með miklum ágætum. Þá er einnig mjög góð veitingaaðstaða í Bláfjöllum auk þess sem fjögur íþróttafélög hafa sína skála með léttum veitingum á opnunartíma.

Skálafell er margfalt minna svæði en Bláfjöll, en á sér mjög traustan aðdáendahóp. „Þetta er mjög fjölskylduvænt svæði,“ segir Haukur, en í Skálafelli er meðal annars lengsta lyfta landsins, sem fer 1.200 metra. „Þetta tryggir fólki lengri bunu.“

Skálafell hefur verið ótrúlega vinsælt svæði, og í raun má segja að Bláfjöll og Skálafell vinni vel saman. „Í austanáttinni er veðrið vont í Bláfjöllum en blíða í Skálafelli, en svo snýst þetta við í norðanáttinni,“ segir Haukur.

Skálafell snýr í suður og er því mjög sólríkt, en að sama skapi helst snjórinn skemur þar. Svæðið hefur einnig verið mjög vinsælt meðal brettafólksins, enda sækir það mjög í gilin á svæðinu. Þá þykir Skálafell einnig fjölbreyttara, það býður upp á fjölbreyttari leiðir.

Hengilssvæðið er fyrst og fremst íþróttasvæði enda hafa þar bæði ÍR og Víkingur aðstöðu. Um áttatíu til níutíu prósent af þeim sem standa á skíðum á Hengilssvæðinu eru vetrarkortshafar. Engu að síður segir Ómar Skarphéðinsson umsjónarmaður svæðið vera úrvalsfjölskyldusvæði. „Þarna eru mjög góðar brekkur fyrir foreldra til þess að koma með börnin og kenna þeim á skíði.“ Hann segir þá ekki hafa troðið göngubrautir fyrir fólk á gönguskíðum í nokkur ár, enda sé svæðið mjög neðarlega, aðeins í 246 metra hæð. „Við erum hins vegar með snjóframleiðslu, og höfum haft opið núna í þrjátíu og tvo daga. Þá er líka sama vegalengd milli Reykjavíkur og Bláfjalla og Reykjavíkur og Hengilssvæðisins.“ segir Ómar.

### *Bláfjöll*

| | |
|---|---|
| Lyftur: | 14 lyftur eru á svæðinu, þar af 2 stólalyftur |
| Fallhæð: | 220 metrar |
| Flutningsgeta: | 8.447 manns á klukkustund |
| Lengsta brekka: | 1200 metrar |
| Göngubrautir: | 3-5 kílómetra gönguleið og 10 kílómetra Gönguleiðir troðnar daglega þegar aðstæður leyfa. |

### *Skálafell:*

| | |
|---|---|
| Lyftur: | 4, þar af 1 stólalyfta |
| Fallhæð: | 350 metrar |
| Flutningsgeta: | 3.500 manns |
| Lengsta brekka: | 1.200 metrar |
| Göngubrautir: | 3-6 kílómetra og 10 kílómetra gönguleiðir troðnar daglega þegar aðstæður leyfa |

### *Hengilssvæðið*

| | |
|---|---|
| Lyftur: | 6 lyftur á svæðinu |
| Fallhæð: | 153,3 metrar |
| Flutningsgeta: | 3.757 manns |
| Lengsta brekka: | 500-600 metrar |
| | Troðnar eru göngubrautir út frá svæðinu þegar aðstæður leyfa |

# Miðstöð vetraríþróttanna

***Snjósleðaferðir, skíðaferðir, ísklifur og ísdorg er meðal þess sem er í boði hjá Paradísarferðum.***

Það er ekki ofsögum sagt að Tröllaskagi sé miðstöð vetraríþróttanna enda segja gárungarnir fyrir norðan að ef það er snjór á annað borð þá sé hann að finna þar. Snjósleða – og vetraríþróttafyrirtækið Paradísarferðir býður upp á margvíslega afþreyingu á þessu svæði, þar á meðal ísdorg, snjósleðaferðir, skíðaferðir og ísklifur.

Birgir Guðnason hefur haft veg og vanda að þessum ferðum og segir hann svæðið vera miðdepil vetraríþróttanna. „Við leggjum megináherslu á snjósleðaferðirnar, en við skipuleggjum ferðir okkar eftir þörfum og getu hvers og eins," segir hann og bætir við að útsýnið í þessum ferðum sé ótrúlega fjölbreytt. „Það breytist með nokkurra mínútna millibili, enda sífellt verið að keyra upp á nýja og nýja fjallstoppa."

Fyrirtækið býður einnig upp á ísdorg á Ólafsfjarðarvatni þegar veður leyfir og segir Birgir vatnið í raun hálfgert náttúruundur. „Vatnið er lagskipt og því eru menn að veiða sjávarfiska eins og kola hérna." Þá segir Birgir það líka mögulegt að fara með menn í ísklifur sem vilja, en undanfarið hafi ekki viðrað vel til þess, þó hafi reyndir ísklifrarar varla haldið vatni yfir aðstæðunum hér. „Þá er sá möguleiki einnig fyrir hendi að fara með fólk í skíðaferðir, þannig að það geti rennt sér niður bratta brekkur. Þetta er þó allt vegið og metið eftir getu og þörfum hvers og eins," segir Birgir.



Það er ekki ónýtt útsýnið og svæðið er mikil snjókista þannig að ekki ætti að skorta snjóinn.




Skíðafólk getur látið dekra við sig með ýmsum hætti hjá Hári og heilsu.

# Þreytan líður burt

***Eftir erfiðan skíðadag uppi í Hlíðarfjalli er fátt betra en að skella sér í nudd og láta þreytuna líða úr sér.***



Hjá Hári og heilsu er nánast hægt að fá allan pakkann, því þar er ekki eingöngu boðið upp á nudd heldur er þar einnig snyrtistofa og hárgreiðslustofa. Ekki skemmir fyrir að staðurinn er fyrir neðan Sjallann þannig að fyrir skemmtanaþyrsta skíðamenn er þetta úrvalsbyrjun á kvöldinu.



Júlía Brynjólfsdóttir, nuddari hjá Hári og heilsu, segir staðinn bjóða upp á fjölbreytt nudd við allra hæfi. „Við erum með slökunarnudd sem tekur sextíu mínútur, pott og nudd í klukkutíma og sjúkranudd," segir Júlía og bætir við að vinsælast af þessu öllu sé hið svokallaða steinanudd.



Þetta er aðferð sem hefur verið þróuð í samvinnu við háskóla í Arizona og er unnin af fagmönnum. Í dag stunda aðeins þrjár þetta nudd, og þarf fólk að hafa allan vara á og panta með góðum fyrirvara. Í stuttu máli byggist þetta á því að einstaklingurinn er látinn liggja á steinum, með efni á milli, ýmist köldum eða heitum og síðan nuddaður með þeim. „Þetta eru mjög snöggar hreyfingar, þannig að steinarnir brenna ekki, og köldu steinarnir eru látnir vega upp á móti hitanum. Þetta er algjörlega djúp slökun," segir hún og bætir við að þetta sé ekki eingöngu nudd, heldur einnig meðferð. Þetta jafnar út bólgur, losar líkamann við mjólkursýru og kemur jafnvægi á hormónaflæðið," segir Júlía.















Ívar Freyr fær aldrei nóg af ísklifri og er búinn að klifra 26 daga á þessum vetri.

# Kikkið í ísklifrinu

***Að þjást, ögra sér og verða hræddur.***

Ívar Freyr Finnbogason hefur stundað ísklifur í 13 ár og finnst fátt skemmtilegra „Ég gekk í Íslenska Alpaklúbbinn 15 ára og eftir það varð ekki aftur snúið," segir Ívar, sem nú er orðinn atvinnumaður í ísklifri og fer með hópa upp um fjöll og firnindi. „Maður verður að hafa gaman af að þjást og verða hrædd-ur, gera eitthvað „macho"," segir hann og hlær, en strákarnir sitja ekki þó ekki einir að gamninu því nokkrar stelpur eru í klúbbnum. „Þetta eru samt mikið við strákarn-ir að leika okkur."

Ívar segir íþróttina snúast um að takast sífellt á við erfiðari verkefni en hann hefur sjálfur komist í hann krappan nokkrum sinnum. „Ég hef tvisvar lent í snjóflóði og einu sinni braut ég niður ísfossinn sem ég var að klifra. Þá dinglaði ég í lausu lofti, rak ísöxina í lærið á mér og þurfti að fá björgunarsveit til að sækja mig. Það voru tekin 12 spor en ég var kominn aftur í klifrið viku seinna."

Ívar fer með mest með útlend-inga í ísklifur og segir það almennt frekar spræka. „Þeir sem hafa áhuga á þessu á annað borð eru yfirleitt í fínu formi, en við bjóðum líka upp á styttri og auðveldari ferðir fyrir óvana. Þangað fáum við alls konar fólk." Í Amazing Race-þættinum sem var tekinn upp á Íslandi fóru keppendur einmitt í ísklifur en Ívar segist ekki hafa orðið var við aukn-ingu í framhaldi af því. „Bandarík-jamönnum hefur reyndar fjölgað en margir þeirra hafa aldrei heyrt minnst á Amazing Race."

Nú fer hver að verða síðastur að klifra í ís á Íslandi á þessum vetri, „nema eitthvað stórkostlegt gerist," segir Ívar og hlær. „Við getum reyndar enn farið upp í hæstu fjöll í Öræfasveit."






# Erró sýnir um páskana



Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri.

Listasafnið á Akureyri er vinsæll viðkomustaður þeirra sem sækja bæinn heim. „Akureyri er mynd-listarbær og áhugi fyrir myndlist er gífurlega mikill," segir Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafns Akureyrar. „Þegar safnið var opnað 1993 var ekki eitt einasta kaffihús í bænum en núna eru þau fjölmörg auk þess sem hér er myndlistarskóli."

Hannes tók við safninu fyrir fimm árum og hefur sett upp list frá Arabíu, sýningu um út-rýmingar og dauðarefsingar, rússneska og indverska list. Þá hefur safnið einnig sýnt verk eftir stóru meistarana Goya og Rembrandt.

Nú um mundir stendur yfir sýningin Stríðsmenn hjartans en þar eru meðal annars hundrað milljónir til sýnis auk portrett-ljósmynda íranska listamannsins Ashkan Sahihi af ellefu einstak-lingum á ellefu mismunandi eit-urlyfjum en þeirri sýningu lýkur 6. mars. Um páskana verður svo sjálfur Erró með sýningu um listasöguna þar sem hann sýnir portrett af fólki sem er hans helstu áhrifavaldar.






Lyftu þér upp!!
-allir í fjöllin!
Upplýsingar um aðstæður uppfærðar daglega
á heimasíðu skíðasvæðanna og í upplýsingasíma.
Rútuferðir alla daga frá Mjódd og Mosfellsbæ,
Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi.
Skíðaleiga, veitingasala og góð aðstaða fyrir gesti.
SKÍÐASVÆÐIN
www.skidasvaedi.is
Upplýsingasími 530 3000
Skíðasvæðin, eitthvað fyrir alla!









Einar á leið sinni upp á Hvannadalshnjúk. Útsýnið frá Hvannadalshnjúki ætti ekki að svíkja neinn og ferðin sjálf þykir mikið ævintýri.

# Ekið á Hvannadalshnúk og skíðað niður

*Einar Sigurðsson leiðsögmaður lóðsar fólk upp á Vatnajökul og jafnvel alla leið upp á sjálfan Hvannadalshnjúk. Ferðast er á jeppum, gönguskíðum og tveimur jafnfljótum.*

Flest getum við verið sammála um að Skaftafell og allt svæðið í kringum Vatnajökul sé eitt fallegasta svæði okkar Íslendinga, enda er þjóðgarðurinn einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins á sumrin. Þeir eru hins vegar fáir sem hafa gert sér grein fyrir því að lítið mál er að komast upp á toppinn með leiðsögn reyndra manna.

Einar Sigurðsson leiðsögumaður hefur undanfarin ellefu ár staðið fyrir fjalla-, jeppa- og gönguskíðaferðum á og við jökulinn. „Við erum með ferðir sem henta bæði reyndu skíðafólki og óreyndu,“ segir Einar, sem sjálfur byrjaði að stunda fjallaskíðamennsku þegar hann var 25 ára. „Ég get farið með óreynt fólk í gönguskíðaferð níu kílómetra inn á jökulinn, þar sem við ferðumst fyrst á jeppa, en göngum til baka. Sú ferð fer frá 1.300 metrum yfir sjávarmáli niður í 800 metra og bæði er hægt að ganga leiðina til baka sem og báðar leiðir.“

Þá býður hann einnig ferð í samstarfi við Jöklajeppa upp á sjálfan Hvannadalshnjúk, þar sem keyrt er upp að tindinum og svo skíðað niður. „Þetta er ferð fyrir alla, því þeir sem ekki treysta sér til þess að skíða niður geta að sjálfsögðu fengið að sitja í niður en fá tækifæri til þess að njóta þessa ótrúlega útsýnis.“

Sennilega er þó mesta ævintýraferðin fjallaskíðaferð upp á jökul, en sú ferð tekur allt að tólf tíma. „Þetta er náttúrlega alveg frábær ferð, en er ekki fyrir hvern sem er og formið skiptir hér meginmáli.“

Einar segir að þó að þetta kunni allt að hljóma spennandi sé allur vari hafður á og fyllsta öryggis gætt. „Það er ekki anað út í neitt, og við hættum við ferðir ef okkur líst ekki á hlutina,“ segir Einar, sem er í óða önn að skipuleggja tíu daga ferð með Svisslendingum um hálendi Suðurlands.



Það er ekki amalegt útsýnið frá fjallstoppunum.

# Tilbreyting frá skíðasvæðunum

*Útsýnis- og skíðaferðir eru í boði á Grenivík. Farið er á toppinn með snjótroðara.*

Þeir sem vilja njóta útsýnis og standa á skíðum lengur en í korter ættu að hafa samband við Sigurbjörn Höskuldsson í Grýtubakkahreppi, en hann stendur fyrir útsýnis- og skíðaferðum í Grenivík. „Ég fer með snjótroðara upp á Kaldbak, og held þar smá tölu um það sem fyrir augu ber. Síðan rennir fólk sér niður í Grenjárdal, þar sem ég sæki það, og keyri með það upp á Grenivíkurfjall, þar sem skíðafólkið getur rennt sér niður.“

Sigurbjörn hefur staðið fyrir þessari þjónustu síðan 1998 og hefur aðsóknin yfirleitt verið mjög góð, og þá sérstaklega um páskana, en hann segir þó fallegast útsýni í ferðinni á vorin. „Það hefur verið rólegt að undanförnu enda veðrið ekki verið upp á marga fiska.“

Það tekur eingöngu hálftíma að keyra frá Akureyri til Grenivíkur, sem er aðeins styttra en til Dalvíkur. Tekur þessi útsýnisferð um tvær og hálfa klukkustund og kostar tvö þúsund og fimm hundruð krónur fyrir fullorðna, en helmingsafsláttur er veittur fyrir börn á aldrinum sex til tólf ára. „Þetta er um sex kílómetra skíðaferð og samsvarar því að fara frá toppi Hlíðarfjalls og alveg niður á bryggju,“ segir Sigurbjörn og bætir því við að ekki séu fastar ferðir heldur geti áhugasamir einfaldlega haft samband við hann.

www.flugfelag.is | 570 3030




# Njóttu dagsins
# **Taktu flugið**

**Aðeins fimm skref á Netinu og þú ferð á loft**

Það getur ekki verið auðveldara.
Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.
**Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
*Taktu flugið*




# Verðlaunajeppinn frá KIA

**KIA SORENTO er íburðarmikill jeppi sem jafnast á við þá allra bestu - nema hvað verðmunurinn er töluverður.**

**Verðlaunajeppi sem eftir er tekið.**
Þriðja árið í röð var **KIA SORENTO** valin í efsta sæti í sínum flokki af NWAPA (Northwest Automotive Press Association) í Bandaríkjunum! Í umsögn segir ma: *„Þessi bíll býður upp á alla kosti mun dýrari jeppa og er því öruggur sigurvegari sem bestu kaupin í þessum flokki. Staðalbúnaður Kia Sorento, akstursfæfni á vegum sem vegleysum, útlit, öryggisatriði og alhliða gæði á ótrúlega lágu verði gera hann að sterkum keppinaut á jeppamarkaðnum.“*

**Á fyrsta farrými á lægsta verðinu!**
Sorento LX Bensín beinskiptur **kr. 2.690.000.-**
Sorento LX Dísil sjálfskiptur **kr. 3.175.000.-**

LX Dísil sjálfskiptur:
kr. 3.175.000.-

GRAFÍSKA SMIÐJAN EHF. 2.05





# SPORTAGE

## Nýtt ár
## Nýtt upphaf
## Nýr Sportage

2.0 Dísil sjálfskiptur:
kr. 2.545.000.-

Það er kominn tími til að endurnýja gleðina með nýjum **KIA SPORTAGE**. Hvort sem þú vilt kalla hann fólksbíl, jeppa, jeppling, fjölnotabíl eða fjölskyldubíl, þá stendur hann undir öllum þessum nöfnum og gott betur! Þessi nýi frábæri bíll frá KIA er hannaður með aðeins eitt í huga: Að hjálpa þér að takast á við áskoranir daglegs lífs hratt og auðveldlega! Þetta er útivistarbíllinn þinn! Og það besta við hann er fjölvirknin. Þú getur alltaf aðlagað hann að nýjum og nýjum aðstæðum. **KIA SPORTAGE** er notadrjúgur og skemmtilegur ferðafélagi.



***...afl til að ögra!***

KIA MOTORS

**ÁRFELL - KIA ÍSLAND EHF. • VIÐ KAPLAKRIKA • 220 HAFNARFJÖRÐUR • SÍMI 555 6025**

brimborg
Taktubíl

Daihatsu Gran Move, skrd. 04/1999, e. 70.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr. Tilboð 580.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Nissan Almera Luxury, skrd. 02/2001, e. 95.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 990.000 kr. Tilboð 890.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 02/2002, e. 99.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.190.000 kr. Tilboð 1.040.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 02/2002, e. 99.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.190.000 kr. Tilboð 1.040.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Renault Laguna, skrd. 09/1996, e. 103.000 km. 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. Tilboð 440.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Hyundai Accent, skrd. 08/1999, e. 100.000 km, 1500cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. Tilboð 360.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Nissan X-Trail, Skrd. 09/2002, e. 37.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.320.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Kia Sorento, skrd. 07/2004, e. 10.000 km, 2400cc, beinskiptur. Ásett verð 2.480.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 06/2003, e. 38.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.610.000 kr. Tilboð 1.490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Subaru Legacy Outback H-6, skrd. 08/2002, e. 37.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 3.150.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus Trend, skrd. 06/1999, e. 95.000 km. 1600cc, bensín, beinskiptur. Ásett verð 910.000 kr. Tilboð 790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo S80 LPT-Turbo, skrd. 01/2001, e. 81.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.390.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Fiesta Finesse, skrd. 05/2000, e. 73.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Subaru Legacy GL, skrd. 08/1998, e. 144.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.070.000 kr. Tilboð 890.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Honda Accord station, skrd. 04/2004, e. 36.000 km, 2400cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.930.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

VW Transporter, skrd. 09/1998, e. 151.000 km, 2400cc, diesel, beinskiptur. 'sett verð 750.000 kr. Tilboð 640.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

VW Golf Variant, skrd. 02/2002, e. 36.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.290.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo S40 SE-Line skrd. 03/2003 e. 35.000 km, 2000 cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.290.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Hyundai Elantra skrd. 12/1999 e. 100.000 km, 1600 cc, Sjálfskiptur. Ásett verð 760.000 kr. Tilboð 490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Renault Megane skr. 8/1999 e. 106.000 km, 1600 cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100 % lán. S. 515 7000.

Volvo S80 LPT-Turbo, skrd. 11/2002, e. 52.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.170.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus Ambiente, skrd. 05/2000, e. 92.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 850.000 kr. Tilboð 720.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Mazda Demio, skrd. 06/1999, e. 131.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Xsara Picasso, skrd. 10/2003, e. 15.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.940.000 kr. Tilboð 1.820.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Berlingo Multispace, skrd. 05/2003, e. 52.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.170.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Honda CRV, skrd. 07/1998, e. 140.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.150.000 kr. Tilboð 1.020.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus H/S station, skrd. 11/2000, e. 80.000 km, beinskiptur. Ásett verð 1.120.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

VW Golf 4-Motion 4x4, skrd. 03/2000, e. 72.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.220.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Berlingo Van, skrd. 07/2002, e. 41.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 940.000 kr. Tilboð 790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo Ambiente, skrd. 07/2003, e. 30.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.050.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

MMC Lancer GLXi station, skrd. 08/1997, e. 131.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 480.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

VW Golf 4Motion station, skrd. 09/2003, e. 29.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 2.070.000 kr. Tilboð 1.920.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Xsara Picasso, skrd. 11/2001, e. 91.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.090.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daihatsu Charade CX, skrd. 05/1998, e. 83.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daewoo Nubira station, skrd. 03/1999, e. 106.000 km, bensín, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

VW Passat Basicline, skrd. 05/1999, e. 101.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 970.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Chrysler Intrepid, skrd. 01/1994, e. 207.000 km, 3500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo S60 LPT-Turbo, skrd. 05/2004, e. 15.000 km, 2000cc, sjálfskiptur, m/öllu. Ásett verð 3.950.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo V70 XC "Cross Country", skrd. 12/2002, e. 64.000 km, 2400cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 3.990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Berlingo Multispace, skrd. 04/2001, e. 91.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 960.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daihatsu Sirion CX 4x4, skrd. 01/2002, e. 20.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 930.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo Ghia, skrd. 05/2003, e. 24.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.220.000 kr. Tilboð 1.990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo Ghia, skrd. 03/2003, e. 67.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.020.000 kr. Tilboð 1.890.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Renault Megane, skrd. 09/2000, e. 72.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 940.000 kr. Tilboð 790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Subaru Legacy GL, skrd. 06/2000, e. 90.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.430.000 kr. Tilboð 1.270.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Xsara VTR, skrd. 01/2001, e. 61.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 970.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Ranger Crew Cab, skrd. 12/2002, e. 88.000 km, 2500cc, diesel, beinskiptur 31" breyttur. Ásett verð 1.850.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Opel Vectra station, skrd. 03/1999, e. 82.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 970.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Renault Megane, skrd. 05/2000, e. 101.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 890.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

**Brimborg**
**Bíldshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

HEKLA

Hyundai H-1 8 manna árg. 2001, sjálfskiptur bíll í toppstandi. Nýskoðaður, álfelgur, dökkar rúður. Fæst á yfirtöku á bílaláni 790.000. Uppl. í síma 420 5000.

**Hekla Söluumboð**
**Sími: 420 5000**
**www.heklakef.is**

BÍLASALAN
HÖFÐA HÖLLIN

Chrysler Crossfire Ltd. 3.2 V6 12/2004. Ek. 1500 km. Leður, rafdr. vindskeið, 18" felgur. Sjón er sögu ríkari. Verð 5.590. 2ja ára ábyrgð. Innflutt nýtt. Skipti á ód. skoðað.

M. Benz E 240 Avantgarde, árg. 1998, ek. 161 þús. km. Sjálfsk., heilsársd., álfelgur, leður og fl. Verð 2250 þús. Skoðar öll skipti, dýrari og ódýrari ..

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

VÍKUR
V·E·R·K

LMC - Hjólhýsin. Eru komin til landsins. Glæsileg þýsk hjólhýsi. Nánari upplýsingar gefur Víkurverk Tangarhöfða 1, sími 557 7720.

**Víkurverk**
**Tangarhöfði 1, 110 Reykjavik**
**Sími: 567 2357**
**www.vikurverk.is**

ÞJÓNUSTA

**Er bíllinn of lágur?**
Upphækkunarsett fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa.
Málmsteypan HELLA
Kaplahrauni 5 Hafnarfirði 5651022 www.hella.is

# PHOTOSHOP EXPERT



*„Adobe Certified Expert gráðan er tvímælalaust einhver bestu meðmæli sem fólk getur fengið hvað Photoshop CS varðar. Þetta er námskeið fyrir ákafa notendur.“*

**Christopher Lund ljósmyndari er kennari námskeiðsins**

## MARKMIÐ

Markmiðið með þessu námskeiði er að gera nemendur mjög færa um að vinna sjálfstætt með Photoshop myndvinnsluforritið. Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Kennt er á forritið með það í huga að það nýtist fólki í starfi. Námið hentar því þeim sem hafa grunn en vilja fá dýpri þekkingu og skilning á nær óendanlegum möguleikum þessa vinsæla verkfæris. Innifalið í námskeiðinu er alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna:
- *Adobe Certified Expert.*

## INNTÖKUSKILYRÐI

Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa góða undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu og einhverja reynslu af Photoshop eða hafa lokið grunnnámi í Photoshop. Einnig er góð enskukunnátta nauðsynleg þar sem mikið af námsgögnum er á ensku.

## KENNSLUHÆTTIR

Námið byggir bæði á fyrirlestrum og verklegum æfingum og þarf að gera ráð fyrir nokkru heimanámi.

## TÍMI

Kennt er á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum kl. 18:00 - 22:00. Námskeiðið hefst 3. mars og lýkur 10. maí.

Athugið! Flest stéttarfélög styrkja félagsmenn til náms hjá NTV.

**Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu skólans www.ntv.is**



ntv.is

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn | Hlíðasmára 9 | 201 Kópavogur | Sími 544 4500

---

TOYOTA Akureyri

# Bifvélavirki

Toyota á Akureyri auglýsir eftir bifvélavirkja til starfa á viðgerðar- og þjónustuverkstæði.

### Starfssvið:

Almennar viðgerðir og þjónusta á bifreiðum, söluskoðanir og persónuleg ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Menntun í Bifvélavirkjun. Reynsla æskileg. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, eiga auðvelt að vinna með öðrum og með ríka þjónustulund.

**Umsóknum skal skila fyrir 1. mars.**

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Rafnsson í síma 460-4316 eða á staðnum.

Stórholt ehf. er umboðsaðili Toyota á Akureyri. Hjá Stórholti starfar um 20 manna samheldinn hópur. Stórholt ehf. starfar í nýlegu og glæsilegu húsnæði þar sem vinnu- og starfsmannaaðstaða er til fyrirmyndar.

---

365

Óskum eftir öflugum sölumönnum í úthringiverkefni 2 - 4 kvöld í viku. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónus.

## Vantar þig aukavinnu?

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043. Umsóknir með ferilskrá sendist á hrannar.arnarsson@365.is

digital ísland DV

---

# Verkamenn

háfell

**Vegna mikilla verkefna framundan óskum við eftir að ráða vana verkamenn til starfa.**

Viðkomandi þarf að vera stundvís og reglusamur. Um er að ræða röralagnir og aðra verkamannavinnu.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu fyrirtækisins www.hafell.is.

**Frekari uppl. eru veittar á skrifstofu Háfells ehf í síma 587-2300.**

---

# AUGLÝSING

**um breyting á deiliskipulag í Vatnsleysustrandarhreppi**

Hér með er lýst eftir athugasemdum við deiliskipulag í Vatnsleysustrandarhreppi, nánar tiltekið við Heiðardal, Miðdal, Lyngdal og Leirdal.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu hreppsins til og með 23. mars 2005.

Athugasemdum við tillöguna skal skila á skrifstofu hreppsins fyrir 6. apríl 2005. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.

Vogar, 23. febrúar 2005.
F.h. sveitarstjórnar
Jóhanna Reynisdóttir, sveitarstjóri

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Spuna og brellum stjórnmálamanna eru takmörk sett

## Bretar eru þreyttir á Blair

Sumir stjórnmálamenn virðast trúa því að lítil takmörk séu fyrir því hvað hægt sé að bjóða kjósendum upp á. Ráðið við geðshræringu, gremju og hneykslan almennings sé að tefla fram spunakörlum og vefurum stjórnmálaflokkanna rétt eins og brunaliðsmenn eru sendir til að ráða niðurlögum eldsvoða. En það vill gleymast í þessu sambandi að stundum er slökkviliðið of seint á vettvang eða eldurinn óviðráðanlegur. Fyrir kemur að byggingar brenna til kaldra kola. Eins er það með álit fólks á stjórnmálamönnum. Stundum hafa þeir gengið svo fram af fólki að spuni og brellur gera aðeins illt verra.

**Könnun Guardian leiddi í ljós að meginskýringin á hrapandi fylgi ríkisstjórnarinnar er vaxandi vantraust á stjórnarforystu Blairs sem um árabil hefur notið víðtæks persónufylgis þvert á flokkslínur. Enginn vafi leikur á því að ástæðan fyrir óvinsældum Blairs og Verkamannaflokksins er Íraksmálið.**

Ekki er um það deilt að Tony Blair, sem nú hefur verið forsætisráðherra Breta í átta ár, er snjall stjórnmálamaður sem fylgir á ýmsum veigamiklum sviðum fram skynsamlegri þjóðmálastefnu. Hann hefur verið kallaður ástríðustjórnmálamaður en það dylst engum sem með honum fylgist að ástríða hans snýr meira að völdum og þjóðfélagsstöðu en málefnum eða hugsjónum. Enginn breskur stjórnmálaforingi fyrr og síðar hefur látið spinna fyrir sig með sama hætti og hann. Athygli vakti að fyrir nokkrum vikum kvaddi hann til starfa fyrir sig á nýjan leik hinn eitursnjalla en ófyrirleitna spunameistara Alastair Campell sem hraktist úr ráðgjafaembætti á skrifstofu forsætisráðherrans fyrir ekki löngu síðan. Það þótti skýr vísbending um tvennt, annars vegar að þingkosningar væru í vændum eins og spáð hafði verið og hins vegar að í kosningabaráttunni yrði óvönduðum meðulum beitt. Hið síðara hefur þegar gengið eftir þótt enn sé beðið eftir formlegri yfirlýsingu um að kosningar verði nú á vordögum.

Kannski hefur Tony Blair misreiknað sig að þessu sinni. Í gær birti dagblaðið Guardian niðurstöður skoðanakönnunar sem sýnir að aðeins munar um 3 prósentustigum á fylgi Verkamannaflokksins og Íhaldsflokksins. Er langt síðan munurinn hefur verið svona lítill. Í desember studdu 40% kjósenda Verkamannaflokkinn en nú 37%. Íhaldsflokkurinn nýtur stuðnings 34% kjósenda. Raunverulegur möguleiki er á því að íhaldsmenn komist á ný til valda.

Könnun Guardian leiddi í ljós að meginskýringin á hrapandi fylgi ríkisstjórnarinnar er vaxandi vantraust á stjórnarforystu Blairs sem um árabil hefur notið víðtæks persónufylgis þvert á flokkslínur. Enginn vafi leikur á því að ein meginástæðan fyrir óvinsældum Blairs og Verkamannaflokksins er Íraksmálið. Almenningur í Bretlandi er orðinn þreyttur á endalausum uppákomum í því máli, mótsagnakenndum upplýsingum og ótrúverðugum málflutningi. Blair hefur brugðist við öllum vandræðunum með öflugri spunasókn og í hvert skipti sem öldur hafa risið virðist hann hafa náð landi og unnið sig út úr vandræðunum þótt oft hafi tæpt staðið. En nú er svo að sjá að hin pólitíska innistæða hans hjá kjósendum sé þrotin. Kannski verður brugðist við því með því að tefla fram nýjum foringja eins og til dæmis Gordon Brown fjármálaráðherra. En ánægjulegt er að sjá að kúnstum og brellurm stjórnmálamanna eru takmörk sett. Á þessu sviði sem öðrum holar dropinn steininn. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn eitt rifrildið

Þá er enn eitt rifrildið byrjað hjá R-listanum í Reykjavík. Að þessu sinni um söluna á eignarhlut borgarinnar í Landsvirkjun en aðeins eru liðnir nokkrir dagar síðan Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri undirritaði viljayfirlýsingu þar um við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Vinstri grænir hafa rokið upp til handa og fóta – ekki út af sölunni að því er virðist – heldur vegna yfirlýsinga Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um að kannski verði Landsvirkjun einkavædd í kjölfar þess að Reykjavík og Akureyri selja hluti sína. Vinstri grænir sjá eins og allir vita rautt þegar einkavæðing er nefnd á nafn.



### Hvað gerist?

Nú verður fróðlegt að sjá hvað gerist. Hættir Steinunn Valdís við að selja? Verður Árni Þór kallaður heim úr lúxusnum í Brussel? Eða er andstaða Vinstri grænna stormur í vatnsglasi? Varla munu þeir tefla samstarfinu í borgarstjórn í tvísýnu út af málinu eða hvað? Annars er það einkennileg afstaða að vilja selja en jafnframt ráða því hvað kaupandinn gerir við hinn keypta hlut. Svo dæmi sé tekið úr daglega lífinu þá getur Jón varla gert það að skilyrði að Gunna selji ekki öðrum bílinn sem hún keypti af honum. Blasir ekki við að á sama hátt hefur Reykjavíkurborg ekkert um það að segja hvað verður um Landsvirkjun þegar hún hefur selt hlut sinn í fyrirtækinu?

### Gull í Hveragerði?

Hvað er að gerast í Hveragerði? Hefur fundist gull þar? Eða er bara svona gott að búa þar, steinsnar frá Reykjavík en samt í friðsæld landsbyggðarinnar? Þannig er spurt eftir að fréttist af því að íbúum bæjarins virðist ætla að fjölga um 30% á næstu tveimur árum. Þeir eru núna 2000 að tölu en gætu orðið 2600 eftir nokkra mánuði ef spár sem byggja á íbúðarbyggingum og lóðaúthlutunum í bænum ganga eftir. Ef sama þróun væri í gangi í Reykjavík væri höfuðborgarbúum að fjölga um nokkra tugi þúsunda. Á heimasíðu Hveragerðisbæjar, hveragerdi.is, segir að um 85 íbúðir séu núna á byggingarstigi í bænum og lóðum fyrir 115 íbúðir til viðbótar hafi verið úthlutað. Búast megi við því að flutt hafi verið inn í allar þessar íbúðir innan tveggja ára.

gm@frettabladid.is

## Lýðræði frá Líbanon

Í DAG
LÝÐRÆÐI OG MIÐ-AUSTURLÖND

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON



Það er rétt hjá forseta Bandaríkjanna að Sýrland siglir á móti straumi tímans. Og það er líka rétt hjá honum að einn öflugasti og gleðlegasti straumur samtímans, hreyfing til aukins lýðræðis, nær nú loksins til Miðausturlanda. Það er hins vegar rangt hjá honum að Sýrland sé sérstakt vígi áhugamanna um hryðjuverk eða alræðisríki undir stjórn manna með einhverja sérstaka pólitíska hugmyndafræði sem heimurinn þurfi að óttast. Sýrland er ekki vígi róttækra hugmynda um heiminn, heldur veikburða ríki undir fálmkenndri og úrræðalausri stjórn spilltra valdahópa sem nærast á aðstöðu til efnahagslegrar einokunar og forréttinda sem vald yfir hernum veitir þeim. Þar stjórna ekki hugmyndafræðingar, heldur alveg hugmyndalausir einstaklingar sem einbeita sér nú að því að verja flókið og spillt kerfi sem veitir þeim efnhagsleg forréttindi. Með morðinu á Hariri í Líbanon hefur sýrlenska valdaklíkan enn frekar misst tök á atburðarásinni því morðið ýtti úr vör einarðri baráttu fyrir lýðræði í Líbanon. Það er ekki nema þriggja tíma akstur í gömlum leigubíl frá Beirút til Damaskus og flestir menntaðir Sýrlendingar eiga frændur eða vini í Líbanon eða tengjast landinu með einhverjum hætti. Lýðræðisbylgja gæti því flætt yfir landamærin sem Frakkar teiknuðu eftir eigin hentugleikum þegar þeir bjuggu til Sýrland og Líbanon, en þetta er sá hluti Miðausturlanda þar sem franskir en ekki breskir hagsmunir réðu landamærum. Þótt Líbanon sé smáríki er það líka mikilvæg miðstöð menningar í Arabaheiminum.

**Sýrland er ekki vígi róttækra hugmynda um heiminn, heldur veikburða ríki undir fálmkenndri stjórn spilltra valdahópa.**

Sá sem gengur um götur Damaskus eða hlýðir á óminn af spjalli manna á tehúsum borgarinnar fær miklu frekar tilfinningu um efnahagslega stöðnun og pólitíska lömun en um ógn af einbeittri alræðisstjórn, en áhrif ógnarstjórna á mannlífið leyna sér sjaldnast. Dæmi um heimskulega stjórn efnahagsmála í þágu fámennra valdahópa er hins vegar að finna á hverju götuhorni. Stjórnvöld eltast líka við einstaka hópa og beita þá harðræði en eins og allt annað í Sýrlandi einkennist kúgunin af fálmkenndum viðbrögðum óttasleginna valdamanna sem hafa tapað trúnni á eigin afsakanir fyrir að stjórna í krafti laga um neyðarástand sem var lýst yfir fyrir áratugum síðan.

Mikilvægasta og lífseigasta afsökunin fyrir vondu stjórnarfari hefur verið sú að stríðsástand ríki vegna hernáms Ísraels á hluta Sýrlands, skika af Líbanon og allri Palestínu. Þótt þetta sé vond afsökun fyrir afleitu stjórnarfari er þarna líklega að finna mikilvægustu skýringuna á því að almenningur í Sýrlandi hefur ekki megnað að rísa upp gegn þeim sérkennilegu klíkum sem stjórna landinu. Þetta er líka örugglega skýringin á því að Líbanir hafa ekki losað sig undan sýrlensku hernámi. Sumir hafa kallað Ísraelsríki krabbamein Miðausturlanda og hversu ósmekkleg sem mönnum kann að finnast sú samlíking er ákveðna vísbendingu í henni að finna.

Af þeirri ástæðu og fleirum til er líka skiljanlegt að margir lýðræðissinnar í Miðausturlöndum taki því afar illa þegar þeir heyra Bush þakka Bandaríkjunum almennt og sjálfum sér sérstaklega fyrir að þróun í átt til lýðræðis skuli loksins hafin í þessu horni heimsins. Engin tvö ríki í þessum heimshluta stunda heldur eins kerfisbundin brot á einföldustu mannréttindum og nánustu bandamenn Bandaríkjanna í Miðausturlöndum, Ísrael og Sádi-Arabía. Flestar einræðisstjórnir í þessum heimshluta hafa líka notið stuðnings Bandaríkjanna, allt frá Egyptalandi til einvaldsríkja Arabíuskagans. Stjórnin í Sýrlandi og stjórn Saddams Hussein í Írak voru ekki undantekningar frá þeirri reglu. Eftir að bandalag Bandaríkjanna við Saddam Hussein fór útum þúfur, sem var raunar ekki fyrr en eftir að Saddam hafði framið flest af sínum verstu glæpaverkum, og Bush eldri ákvað að ráðast til atlögu við Írak, fékk hann stuðning Sýrlendinga sem fengu í staðinn að hernema Líbanon.

En nú hafa kviknað vonir um að alþjóðlegir straumar til aukins lýðræðis nái að lokum til Miðausturlanda. Það er ekki síst í tveimur hersetnum löndum; í Líbanon sem enn er undir hæl sýrlensku stjórnarinnar, og í Palestínu undir hernámi Ísraels, sem sjá má merki um raunverulega og djúpstæða þróun í átt til lýðræðis. Menn skyldu raunar ekki heldur vanmeta þá möguleika sem felast í lýðræðisþróun í Írak, þótt henni hafi verið hrundið af stað með svo skelfilegum hætti að önnur og öllu verri útkoma sé þar fyllilega möguleg. ■




SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Umsátrið um Freyju í Kópavogi

UMRÆÐAN
MÁLEFNI FRAMSÓKNARFLOKKSINS



SALVÖR GISSURARDÓTTIR

Frjáls félagasamtök og tjáningarfrelsi eru fjöregg lýðræðis í hverju landi. Í mörgum sveitarfélögum á Íslandi eru stjórnmálafélög sem vinna að velferð síns byggðarlags. Þannig er það einmitt í Kópavogi og þar hafa þau þrjú Framsóknarfélög sem starfa í bænum verið í fjölmiðlum undanfarnar vikur vegna smölunar á aðalfundi. Í tveimur félögum hafa strákarnir skipt með sér túninu því eingöngu voru karlmenn kosnir þar í stjórn.

Þriðja félagið, Freyja, er félag Framsóknarkvenna í Kópavogi. Móðir mín sem nú er látin starfaði í Freyju í fjölmörg ár og var þar formaður um tíma. Freyja er opið félag og þar er glaðst yfir hverjum nýjum liðsmanni. Það stendur í lögum félagsins að félagi getur orðið hver sú Framsóknarkona, sem búsett er í Kópavogi eða dvelur þar langdvölum. Á boðuðum aðalfundi Freyju þann 27. janúar mættu óvænt á fundinn 43 nýjar konur og sögðust vera gengnar í félagið. Það hefði átt að vera gleðiefni en það var það ekki. Þetta var dapurleg stund, ekki eingöngu fyrir Framsóknarkonur og allar konur sem hafa starfað í stjórnmálahreyfingum á Íslandi því þetta var líka smánun á öllum þeim íslensku konum sem hafa í gegnum tíðina starfað í kvenfélögum á sinni heimaslóð.

Hvers vegna tek ég svona sterkt til orða? Jú, þegar skoðað var betur hvernig staðið var að þessari yfirtöku þá var hún bæði óheiðarleg og siðlaus. Aðalheiður Sigursveinsdóttir, kona Páls Magnússonar aðstoðarmanns iðnaðarráðherra, kemur nafnalista 43 kvenna til starfsmanns Framsóknarflokksins nokkrum tímum áður en aðalfundur hefst og tölvupóstur er sendur til formannsins um hina nýju félaga eftir að vinnudegi lýkur og berst honum ekki fyrir fundinn. Af þessum 43 á listanum eru einungis 26 konur búsettar í Kópavogi en 17 eru utanbæjarkonur, þar af 12 úr Reykjavík en aðrar búsettar lengra í burtu, í Hveragerði, Selfossi, Patreksfirði, Seltjarnarnesi og Bessastaðahreppi. Þess má geta að af þessum 43 konum voru einungis 22 nýskráðar í Framsóknarflokkinn þennan dag, hitt voru flutningar á milli framsóknarfélaga. Það var augljóst á öllu að það átti að yfirtaka félagið með skyndiáhlaupi og koma aftan að sitjandi stjórn. Nýliðarnir tóku öll völd í félaginu á fundinum sama kvöld og þær voru skráðar í félagið, höfnuðu fundarritara og fundarstjóra sem sitjandi stjórn kom með uppástungu um og kusu konur úr sínum hópi í þrjú sæti af þeim fjórum sem kosið var um í stjórn Freyju.

> **Lýðræði og virðing fyrir leikreglum eru kjölfesta í vestrænum samfélögum. Látum ekki fótum troða það góða starf sem Freyjukonur og konur í kvenfélögum á Íslandi hafa unnið í þágu mannréttinda og félagshyggju.**

En var þetta nokkuð svo slæmt? Var þessi yfirtaka ekki bara klókindabragð hjá konum sem þyrstir í völd og hafa lært að nota sömu vinnubrögðin og strákarnir? Því þegar betur er að gáð og skoðað hverjar þessar 43 konur eru þá kemur hræðilegt mynstur í ljós. Það bendir margt til að nokkrir karlmenn í forustusveit og trúnaðarstörfum fyrir Framsóknarflokkinn í Reykjavíkurkjördæmi norður hafi staðið bak við þessa yfirtöku og sent konur sér tengdar á fundinn. Þeir eru Árni Magnússon þingmaður og félagsmálaráðherra, Guðjón Ólafur Jónsson varaþingmaður, Þorlákur Björnsson, formaður kjördæmissambands Framsóknarflokksins í Reykjavík norður, og Gestur Gestsson, formaður Félags framsóknarmanna í Reykjavík norður. Allt bendir til að þessir menn hafi smalað eiginkonum, mæðrum, dætrum, mágkonum og öðrum nákomnum ættingjum sínum og vinum, mörgum úr öðrum kjördæmum, til þess að hrifsa til sín meirihlutavald í stjórn framsóknarkvennafélagsins Freyju í Kópavogi.

Allt bendir líka til að Kópavogsbúarnir Páll Magnússon varaþingmaður og aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, Sigurjón Örn Þórsson aðstoðarmaður Árna Magnússonar félagsmálaráðherra og Einar Kristján Jónsson bróðir Guðjóns Ólafs Jónssonar hafi tekið þátt í þessari kvennasmölun en eiginkonur þeirra og mæður og fleiri konur þeim tengdar voru á 43 manna listanum. Rétt er að taka fram að móðir Árna og Páls hefur verið lengi í Freyju og unnið ötullega í Framsóknarstarfi í Kópavogi í marga áratugi en líklega er hún sú eina af þeim félagsmönnum sem fyrir voru í Freyju sem vissi af fyrirhugaðri yfirtöku.

Aðalfundur Freyju hefur nú verið úrskurðaður ólöglegur vegna formgalla og er boðað til nýs aðalfundar þann 23. febrúar næstkomandi. Ég vona að þessi hópur kvenna hugsi sig um hvort þær vilji láta bendla sig á þennan hátt við svona ruddalega aðför að lýðræði og taka þátt í að kæfa öflugt starf í kvenfélagi í Kópavogi. Þær eru með þessum aðgerðum orðnar handbendi og peð í valdatafli nokkurra karlmanna. Það er einnig næsta öruggt hver örlög verða hjá kvenfélagi sem væri yfirtekið á þennan hátt og þess er ekki að vænta að þaðan spretti kröftug jafnréttisbarátta. Yfirtökuhópurinn hefur stofnað nýtt kvenfélag og þó að stofnun þess beri einkennilega að þá vona ég að hið nýja félag beri gæfu til að vinna með konum að því að efla jafnréttisstarf í íslenskum stjórnmálum en ali ekki á sundrung Lýðræði og virðing fyrir leikreglum eru kjölfesta í vestrænum samfélögum. Látum ekki fótum troða það góða starf sem Freyjukonur og konur í kvenfélögum á Íslandi hafa unnið í þágu mannréttinda og félagshyggju. Látum ekki strákana stela af okkur kvenfélögunum!

*Höfundur er félagsmaður í Framsóknarfélagi í Reykjavík norður.*

# Okkar er valdið

Við, sem erum kjósendur í þessu landi, göngum heiðarlega á kjörstað og veljum okkur „heiðarlega“ fulltrúa í kosningum til alþingis, borgarstjórnar og sveitastjórna. Við höfum flest velt því fyrir okkur hvað hin og þessi stefnumál flokkanna muni gera fyrir okkur og greiðum atkvæði samkvæmt því. Við erum jú að ráða menn til starfa fyrir okkur og í framhaldinu fara þessir einstaklingar á launaskrá hjá okkur og setjast í æðstu stöður þjóðfélagsins til næstu fjögurra ára. Við eigum að gera þær kröfur til þeirra sem fá brautargengi hverju sinni í kosningum að þeir framkvæmi það sem þeir boðuðu í aðdraganda kosninganna og varð til þess að við kusum þá. Ef þeir uppfylla ekki loforð kjósenda á kjörtímabilinu þá er málið ósköp einfallt. Við kjósum nýja fulltrúa fyrir okkar hönd í næstu kosningum. Við íslendingar erum innan við 300.000 talsins og getum haft öll þjóðþrifamál í hendi okkar ef við viljum. Við kjósendur höfum valdið, ekki stjórnmálamennirnir. Stjórnmálamenn hafa í áraraðir brotið á rétti öryrkja, farið og fara illa með eldri borgara sem lögðu grunninn að okkar nútíma þjóðfélagi, svo ekki sé minnst á forsjárlausa foreldra í þessu landi. Við segjum hingað og ekki lengra. Ef kosnir stjórnmálamenn vinna ekki sitt starf samkvæmt fyrirfram gefnum samningum ber að reka þá eins og tíðkast á hinum frjálsa markaði. Við kjósendur eigum að stofna félag sem vakir yfir kosningaloforðum og athöfnum stjórnmálamanna undir heitinu Almannavaktin. Áhugasamir um stofnun slíks félags sendi tölvupóst til dalros@islandia.is ■



ÁSGERÐUR JÓNA FLOSADÓTTIR

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





Miðað við Bílasamning með 20% útborgun til 84 mánaða. Einnig er möguleiki á 10% útborgun. Bendum á hagstæða rekstrarleigu möguleika. Nánari upplýsingar hjá ráðgjafa í síma 575 1200.

# Síðustu kaupin eru bestu kaupin

Fáðu þér hreinræktaðan BMW þrist á enn betra verði.

| | |
|---|---|
| **316i LIFESTYLE** | **kr. 2.990.000** (+250 þús. kr.afsl. takmarkað magn.) |
| **316iA LIFE STYLE** | **kr. 3.310.000** (+250 þús. kr.afsl. takmarkað magn.) |
| **318iA LIFESTYLE** | **kr. 3.660.000** (+250 þús. kr.afsl. takmarkað magn.) |
| **318IA EXCLUSIVE SE** | **kr. 3.860.000** (+250 þús. kr.afsl. takmarkað magn.) |

**316 línan LIFESTYLE**
Metalic lakk, samlitir hurðahúnar og ristar, sjálfvirk loftkæling, fjarstýrð hljómtæki, 16“ álfelgur, hvít stefnuljós, þokuljós í stuðara, leður-tau innrétting, leðurstýri, armpúði milli sæta, BMW geislaspilari.

**318 línan LIFESTYLE**
Metalic lakk, samlitir hurðahúnar og ristar, 16“ álfelgur, hvít stefnuljós, cruise-control, þokuljós í stuðara, leður-tau innrétting, leðurstýri, armpúði milli sæta, BMW geislaspilari, aðgerðastýri, sjálfvirk loftkæling, fjarstýrð hljómtæki, krómgrill, króm á sílsum, króm á mælum, aksturstölva og rafmagn í afturrúðum.

**318 línan EXCLUSIVE SE**
Metalic lakk, samlitir hurðahúnar og ristar, 16“ álfelgur, hvít stefnuljós, Cruise-control, þokuljós í stuðara, leður innrétting, leðurstýri, armpúði milli sæta, sjálfvirk loftkæling, BMW geislaspilari, aðgerðastýri, krómgrill, króm á sílsum, króm á mælum, aksturstölva og rafmagn í afturrúðum.

Með bílinn handa þér

BMW 3 Línan
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure

**Umboðsaðili BMW á Íslandi**
**B&L | Grjóthálsi 1 | 110 Reykjavík | Sími 575 1200**

**EDNA FERBER (1885-1968)**
lést þennan dag.



*„Rithöfunda á að lesa, en ekki horfa á. Þeir eru sjaldnast augnayndi.“*

***Edna Ferber skrifaði á ferli sínum margar bækur og leikrit. Nokkrar kvikmyndir hafa verið byggðar á verkum hennar. Þar á meðal er söngvamyndin Show Boat, Giant með Rock Hudson, Elizabeth Taylor og James Dean í aðalhlutverkum, Saratoga Trunk og Cimarron, sem fékk Óskarsverðlaun. Árið 1925 fékk hún Pulitzer-verðlaunin fyrir bókina So Big.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Ökumanni rænt á Kúbu*

Ein af hetjum kappaksturssögunnar, Argentínumaðurinn Juan Manuel Fangio, kom óvænt við sögu í frelsisbaráttu Kúbu þennan dag árið 1958. Daginn áður en hann átti að keppa í öðrum Formúlukappakstrinum sem haldinn var í Havana á Kúbu, var honum rænt af skæruliðum kommúnista sem fylgdu Fidel Castro og Che Guevara að málum. „Við vildum sýna heiminum fram á að á Kúbu ríkti stríðsástand þar sem barist væri gegn einræði Batista,“ útskýrði Arnol Rodriguez, einn mannræningjanna. Fangio hélt í fyrstu að verið væri að grínast þegar skæruliðinn Manuel Uziel vatt sér að honum inni á hóteli og beindi að honum skammbyssu. Hann sá þó fljótlega hvers kyns var þegar fleiri skæruliðar bættust í hópinn vopnaðir vélbyssum og hlýddi rólegur á þá útskýra fyrirætlan sína um að halda honum þar til keppnin væri afstaðin. Þegar Fangio hafði verið látinn laus og var kominn í Argentínska sendiráðið sýndi hann samkennd með málstað mannræningjanna, neitaði að hjálpa til við að bera kennsl á þá og bar áleiðis boð þeirra um að ránið hafi verið pólitísk yfirlýsing. Í kappakstrinum sjálfum hafði hins vegar átt sér stað mikið slys og taldi Fangio jafnvel æðri mátt hafa haldið honum frá keppninni.



**23. FEBRÚAR 1958**
Juan Manuel Fangio varð fimm sinnum heimsmeistari á ferli sínum.

Mörgum árum síðar kom hann aftur til Kúbu og var þá tekið á móti honum sem sérlegum gesti ríkisins. Fangio þakkaði hæglætislega fyrir sig og sagði: „Nú hafa ræst tveir drauma minna, annar að snúa aftur til Kúbu og hinn að hitta Fidel Castro.“

## MERKISATBURÐIR

**1574** Fimmta trúarstríðið brýst út í Frakklandi.

**1933** Japanir hefja hernám Kína norðan Kínamúrsins.

**1983** Video-son hættir útsendingum, en fyrirtækið hafði rekið kapalsjónvarp í tvö ár og náði til um 6.000 íbúða á höfuðborgarsvæðinu.

**1987** Anna Bella Harðardóttir og Ágústa Þorkelsdóttir eru fyrstar kvenna aðalfulltrúar á Búnaðarþingi, frá því Búnaðarfélags Íslands var stofnað árið 1899.

**1938** Fyrsta olían finnst í Kúvæt.

**2000** Blökkumaðurinn Preston King snýr aftur til Bandaríkjanna eftir 39 ára útlegð.Hann flúði herkvaðningu á sjöunda áratugnum þegar herkvaðningarnefndin, skipuð hvítum mönnum, neitaði að ávarpa hann „herra“ (eða „Mr.“).



†

*Við þökkum innilega öllum þeim, sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu*

**Valgerðar Þórðardóttur**
*Funalind 13, Kópavogi.*

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sunnuhlíðar í Kópavogi fyrir frábæra umönnun.

**Guðni B. Guðnason, Gunnar Guðnason, Erna Olsen, Þórólfur Guðnason, Sara Hafsteinsdóttir, Guðni B. Guðnason, Ásta Björnsdóttir og barnabörn.**

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát mannsins míns, föður okkar, fósturföður, afa, tengdaföður, bróður, mágs og frænda,

**Finns Gíslasonar**
**yfirvélfræðings,**

og þakkir fyrir stuðning til handa börnum hans.

**Guðlaug Pétursdóttir og börn hins látna.**





†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Anna Aðalbjörg Sigfúsdóttir**
Miðstræti 13, Vestmannaeyjum,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 21. febrúar. Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 26. febrúar kl. 10.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Margrét Pétursdóttir, Ingibergur Óskarsson, Sigfús Pétur Pétursson, Salome Ýr Rúnarsdóttir, Valdimar Helgi Pétursson, Anna Valsdóttir, Björg Ólafsdóttir, Óskar Pétur Ingibergsson, Stefán Örn Ingibergsson, Súsanna Sif Sigfúsdóttir og systkini.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Friðgeir Grímsson**
verkfræðingur, fyrrverandi öryggismálastjóri ríkisins, Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis á Sundlaugavegi 24, Reykjavík,

sem andaðist þriðjudaginn 15. febrúar, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 24. febrúar kl. 15.00.

**Bergþóra B. Friðgeirsdóttir** **Baldur M. Stefánsson**
**Gísli H. Friðgeirsson** **Lilja Sigurðardóttir**
**Grímur R. Friðgeirsson** **Halldóra Björnsdóttir**
**Sigríður S. Friðgeirsdóttir** **Leifur Þorsteinsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

**TÍMAMÓT**: NÝR FORMAÐUR FÉLAGS ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK

# Formaður fyrst kvenna

Margrét Margeirsdóttir félagsráðgjafi var kjörin formaður Félags eldri borgara í Reykjavík á aðalfundi þess á laugardag. Margrét var áður varaformaður félagsins og tekur við formennskunni úr hendi Ólafs Ólafssonar, fyrrverandi landlæknis, sem gegndi embættinu í sjö ár.

Margrét er fyrsta konan sem kjörin er formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, sem hefur starfað í hartnær tuttugu ár. „Já, ætli það hafi ekki verið kominn tími á konu í formannssæti,“ segir hún og hlær.

Félag eldri borgara í Reykjavík er öflugur félagsskapur og sóttu um tvö hundruð manns aðalfundinn á laugardag. Á honum voru samþykktar ályktanir um fjölmörg hagsmunamál aldraðra og nefnir Margrét sérstaklega ályktun um að ný lög um málaflokkinn verði sett. „Við viljum að ný löggjöf verði byggð á mannréttindum en það skortir talsvert þar á eins og sakir standa. Lögin eru komin til ára sinna, þau eru að stofni til frá 1982 og samræmast illa nútímasjónarmiðum.“

Margrét er vel heima í félags- og réttindamálum enda var hún deildarstjóri málefna fatlaðra í félagsmálaráðuneytinu í 20 ár. „Á þeim tíma byggðist upp nútímaþjónusta fyrir fatlaða en hún byggist á að fatlaðir njóti allra gæða sem aðrir njóta.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MARGRÉT VALDIMARSDÓTTIR** Margrét tekur við af Ólafi Ólafssyni, fyrrum landlækni, sem formaður Félags eldri borgara í Reykjavík.

Markvisst var unnið að því að leggja niður stórar stofnanir fyrir fatlaða og skapa þeim heldur heimili á smærri sambýlum. „Þetta gekk vel og hefur reynst ágætlega en þessar stóru stofnanir eru enn við lýði hjá öldruðum,“ segir Margrét. „Í Reykjavík einni búa á milli tólf og þrettán hundruð manns á stofnunum. Þessu viljum við breyta.“

Margt annað þarf að færa til betri vegar og eru félags- og kjaramál efst á blaði.

Margrét Margeirsdóttir ætlar ekki að sitja við orðin tóm heldur gera allt sem í hennar valdi stendur til að þoka málum áfram. ■

## ANDLÁT

**Guðrún Þorgeirsdóttir**, Logafold 120, Reykjavík, lést miðvikudaginn 2. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðrún Sigríður Bjarnadóttir**, frá Lækjamóti, Fáskrúðsfirði, lést þriðjudaginn 15. febrúar.

**Jón Eiríksson**, frá Þrasastöðum í Fljótum, lést þriðjudaginn 15. febrúar.

**Svafar Helgason**, Sauðármýri 3, Sauðárkróki, lést þriðjudaginn 15. febrúar.

**Hafdís Lára Kjartansdóttir**, Melási 10, Garðabæ, lést miðvikudaginn 16. febrúar.

**Dagmar Aðalheiður Júlíusdóttir**, Lindarsíðu, Akureyri, lést fimmtudaginn 17. febrúar.

**Guðmundur Thorlacius**, Hrafnistu, Reykjavík, lést föstudaginn 18. febrúar.

**Haraldur Guðbergsson**, Barmahlíð 4, Sauðárkróki, lést föstudaginn 18. febrúar.

**Ólafur Jónsson**, fyrrverandi framkvæmdastjóri, Lækjartúni, Ölfusi, lést föstudaginn 18. febrúar.

**Ásta Linddal Stefánsdóttir**, Vestri Grund, Stokkseyri, lést laugardaginn 19. febrúar.

**Gestur Þórarinsson**, Urðarbraut 4, Blönduósi, lést laugardaginn 19. febrúar.

**Sólveig Kristjánsdóttir**, Gullsmára 9, Kópavogi, lést laugardaginn 19. febrúar.

**Sæmundur Jónsson**, frá Bjargi, Stóru-Breiðuvík, Eskifirði, lést laugardaginn 19. febrúar.

**Katrín Kristjánsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, lést sunnudaginn 20. febrúar.

**Lúðvík S. Þórðarson**, Brautarholti, Dalabyggð, lést sunnudaginn 20. febrúar.

**Óskar Þór Gunnlaugsson**, Bræðraborgarstíg 49, Reykjavík, lést sunnudaginn 20. febrúar.

**Þorkell Jóhannesson**, prentari, Álfaskeiði 58, Hafnarfirði, lést sunnudaginn 20. febrúar.

**Anna Birna Grímólfsdóttir**, Nesbala 64, Seltjarnarnesi, lést mánudaginn 21. febrúar.



†

*Móðir okkar,*

**Steinunn Jónsdóttir**
Kleppsvegi 62, áður Skipasundi 30,

andaðist að morgni þriðjudagsins 22. febrúar.
Jarðarförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 1. mars kl. 15.

**Edda Guðmundsdóttir,**
**Jóna K. Hutchins.**

## AFMÆLI

**Sigurður Þorkelsson**, fyrrverandi ríkisféhirðir, er 73 ára í dag.

**Sigurður Kristjánsson** barnalæknir er fimmtugur í dag.



**Helga Soffía Konráðsdóttir** prestur er 45 ára í dag.

**Gottskálk Dagur Sigurðarson** leikari er 31 árs í dag.

## JARÐARFARIR

13.00 **Jón Marinó Stefánsson**, Austurbergi 30, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

13.30 **Guðmundur Bjarni Árnason**, Knarrarnesi, verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju.

13.30 **Magnús Einar Finnsson**, Eikarlundi 16, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Herdís Jóna Guðnadóttir**, Flyðrugranda 16, Reykjavík, verður jarðsungin frá Neskirkju.

SÓLSTEINAR
**10-40% afsláttur**
af legsteinum út febrúar



**Kársnesbraut 98 • Kópavogi**
**564 4566 • www.solsteinar.is**

# Aldraðir fá dagvistun

Í byrjun árs var í fyrsta sinn opnuð á Seltjarnarnesi dagvistun fyrir aldraða. Í tilkynningu bæjarfélagsins kemur fram að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafi fallist á umsókn Seltjarnarnesbæjar um rekstarleyfi dagvistar síðastliðið haust.

„Dagvistin er mikil þjónustuaukning fyrir aldraða, sem hingað til hafa þurft að sækja þjónustuna vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið,“ segir í tilkynningunni, en Sigríður Karvelsdóttir er umsjónarmaður dagvistarinnar og Jórunn Ólafsdóttir starfsmaður. Þær segja starfið hafa farið vel af stað. „Við höfum fengið góðar viðtökur og viðbrögð jafnt frá notendum þjónustunnar sem og aðstandendum þeirra,“ segir Sigríður. „Þetta er lítil eining og við vinnum öll náið saman. Þessi hópur sem hefur myndast hér er einstaklega góður og jákvæður og ég á von á að það fjölgi í honum á næstunni.“

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri segist ánægur með að bærinn geti loks boðið íbúum upp á þessa þjónustu. „Þetta er mikið framfaramál fyrir alla Seltirninga og ég er glaður að við getum þannig bætt lífskjör þeirra sem lögðu grunn að þeim góða bæ sem við búum í í dag,“ segir hann. ■



**DAGVISTUN Á SELTJARNARNESI** Eins og sjá má unir fólk hag sínum vel í nýhafinni dagvistun aldraðra á Seltjarnarnesi. Á myndinni eru þær Sigríður Karvelsdóttir umsjónarmaður og Jórunn Ólafsdóttir, starfsmaður dagvistunarinnar, ásamt nokkrum þeirra sem þjónustuna nýta.






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

20 21 22 **23** 24 25 26

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- ☐ 19.15 **Grindavík** og **Haukar** mætast í Grindavík í 1. deild kvenna í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Keflavík** og **ÍS** mætast í Keflavík í 1. deild kvenna í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Njarðvík** og **KR** mætast í Njarðvík í 1. deild kvenna í körfubolta.
- ☐ 19.15 **ÍBV** og **Þór Ak.** mætast í Vestmannaeyjum í DHL-deild karla í handbolta.

**Ath.** Þrjár útsendingar frá meistaradeildinni á Sýn og tvær á Sýn 2 í kvöld.

Ertu í átaki?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!




Skyndileg breyting á mataræði og lífsháttum getur dregið úr innri styrk, valdið tímabundnu ójafnvægi á ónæmiskerfinu, þróttleysi og vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ dregur úr þessum áhrifum og flýtir fyrir því að jafnvægi náist á ný.

www.ms.is

# sport

sport@frettabladid.is

**Við furðum okkur...**

... á því að leikmaður, sem hefur ekki fengið refsistig skuli aðeins fá eins leiks bann fyrir krossinn, sem er mesta refsing sem handboltadómari getur beitt á leikvelli. Það gerðist í tilfelli Vilhelms Gunnarssonar, leikmanns Stjörnunnar, sem fékk aðeins eins leiks bann þrátt fyrir að Hlynur Leifsson, dómari leiksins, hafi veitt honum krossinn.

*„Það vita allir að Petr Cech hefur haldið markinu hreinu lengi en hann hefur ekki spilað gegn mér.“*



***Samuel Eto'o, framherji Barcelona, er ánægður með sig.***

# Eiður Smári byrjar gegn Barcelona í kvöld

**Jose Mourinho hefur óvænt tilkynnt byrjunarlið Chelsea sem mætir Barcelona í einum af leikjum ársins í kvöld. Okkar maður Eiður Smári er í byrjunarliðinu en Damien Duff er ekki leikfær.**

**FÓTBOLTI** Með fjarveru Duffs riðlast sóknarleikur Chelsea ennfrekar en fyrir var ljóst að Arjen Robben gæti ekki leikið með vegna meiðsla. Eiður Smári byrjar inn á ásamt Didier Drogba í framlínu Chelsea og því gæti farið svo að Mourinho skipti yfir í hefðbundið 4-4-2 leikkerfi í fyrsta sinn í langan tíma. William Gallas mun harka af sér þrátt fyrir smávægileg meiðsli og leysa af Wayne Bridge í stöðu vinstri bakvarðar, en hann ökklabrotnaði gegn Everton um helgina.

Barcelona er með hvorki meira né minna en fjóra leikmenn á hliðarlínunni með slitin krossbönd en ættu að geta stillt upp sama liði og undanfarnar vikur. Sóknarmaðurinn Samuel Eto'o, sem hefur átt frábært tímabil fyrir Barcelona eftir að hafa verið keyptur frá Mallorca í sumar, segir að Chelsea munu sjá eftir því að hafa ekki lagt sig harðar fram í að tryggja sér starfskrafta hans. „Forráðamenn sýndu áhuga en ekkert meira. Þeir munu sjá eftir því þegar mörkin mín slá félagið út úr Meistaradeild Evrópu,“ segir Eto'o og greinilegt að það er enginn skortur á sjálfstrausti á þeim bænum.

AC Milan varð fyrir miklu áfalli um helgina þegar Andrej Shevchenko kinnbeinsbrotnaði og var þar með útilokaður frá þátttöku í risaslagnum gegn Man.Utd í kvöld. Á sama tíma eru góðar líkur á því að markamaskína Man.Utd, Ruud van Nistelrooy, muni vera í byrjunarliðinu í fyrsta skipti í þrjá mánuði. Alex Ferguson kveðst enn vera að velta því fyrir sér hvort hann eigi að spila Hollendingnum sem hefur skorað ótrúleg 36 mörk í 37 meistaradeildarleikjum, þar af átta í riðlakeppninni fyrr í vetur. „Þetta er stór ákvörðun sem bíður mín. Hann hefur verið frá í þrjá mánuði og óvíst hvort hann sé kominn í nægilegt leikform. Ég vona að ákvörðun mín verði sú rétta,“ segir Ferguson.

Auk þessara risaleikja eru tveir leikir á dagskrá í kvöld. Inter Milan fara í heimsókn til núverandi meistara í Porto og í Þýskalandi mætast Werder Bremen og Lyon. **-vig**




**KLÁR Á NÝ** Ruud van Nistelrooy hefur náð sér af ökklameiðslunum sem hafa hrjáð hann síðustu þrjá mánuði og svo gæti farið að hann verði í byrjunarliðinu í kvöld.

Dómur féll hjá aganefnd HSÍ í gær:

## Væg bönn fyrir krossinn

**HANDBOLTI** Aganefnd HSÍ dæmdi Harald Þorvarðarson, leikmann Selfoss, í þriggja leikja bann á fundi sínum í gær. Haraldur og Vilhelm Sigurðsson, leikmaður Stjörnunnar, fengu báðir krossinn svokallaða í leik Selfoss og Stjörnunnar á föstudag en það er bein brottvikning úr leik og krossinum er beitt þegar brot eru mjög gróf að mati dómara. Vilhelm fékk eins leiks bann. Fyrir leik Selfoss og Stjörnunnar hafði krossinum ekki verið beitt í tæp fimm ár.

Bann Haraldar skýrist af því að hann var kominn með fimm refsistig fyrir leikinn en leikmenn fá átta refsistig fyrir krossinn. Þegar leikmenn ná tíu refsistigum fara þeir í þriggja leikja bann. Vilhelm var með engin refsistig fyrir og sleppur því með eins leiks bann.

Þetta var mikill átakaleikur því Jón Þór Þorvarðarson, leikmaður Selfoss og yngri bróðir Haraldar, fékk að auki rauða spjaldið í leiknum en fyrir slíkt fá leikmenn aðeins þrjú refsistig og sleppa því við bann. **-hbg**



**HARALDUR ÞORVARÐARSON** Dæmdur í þriggja leikja bann af aganefnd HSÍ í gær.

BENNA GOLF
GOLFHERMIR

GOLFMÓT Í GOLFHERMI!

Minningarmót um **Benedikt Reyni Ásgeirsson** verður haldið dagana 24. – 28. febrúar í golfhermi okkar í **Þorlákshöfn**.

Leikinn verður **Betri bolti** (Texas Scramble) 18 holur á vinsælasta vellinum hjá okkur, **Pebble Beach**. Mótsgjald er **2.000 kr.**

Glæsileg verðlaun eru í boði, þar á meðal **flugmiði til London með Iceland Express.**

Skráning fer fram í síma **894 1088**

Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar, www.bennagolf.tk

Hraunbakka 1 • 815 Þorlákshöfn • Iceland • Box 97
Sími: 894 1088 • Fax: 483 3941 • www.bennagolf.tk • golfhermir@haflidi.is

16 liða úrslit Meistaradeildarinnar hófust í gær:

## Heimaliðin hrósuðu sigri

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu hófust í gær og í þeim öllum voru það heimaliðin sem hrósuðu sigri.

Arsenal varð fyrir miklu áfalli í München þegar Perúmaðurinn Claudio Pizarro skoraði tvö mörk í upphafi hvors hálfleiks og þegar þriðja markið leit dagsins ljós virtist sem að Evrópudraumur Arsenal væri orðin að martröð einu sinni enn. Mark Kolo Toure í blálokin heldur hinsvegar smá spennu í einvíginu fyrir seinni leikinn á Highbury.

Liverpool vann hinsvegar Bayer Leverkusen, 3–1, þrátt fyrir að leika án fyrirliða sína Stevens Gerrards. Bæði Norðmaðurinn John Arne Riise og Þjóðverjinn Dietmar Hamann skoruðu mörk beint úr aukaspyrnum í leiknum en mark Franca eftir þrjár mínútur í uppbótartíma gæti reynst Liverpool skeinuhætt.

Real Madrid og PSV Eindhoven unnu bæði 1–0 sigra, Ivan Helguera skoraði sigurmark Real með skalla eftir aukaspyrnu frá David Bekcham. Sigur Real Madrid gat verið mun stærri en liðið náði ekki að skora fleiri mörk þrátt fyrir flott tilþrif.



**EITT ÓVERJANDI** John Arne Riise skoraði mark beint úr aukaspyrnu í 3–1 sigri Liverpool á Leverkusen í gær.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Meistaradeild Evrópu*

| | |
|---|---|
| BAYERN MÜNCHEN–ARSENAL | 3–1 |

1–0 Claudio Pizarro (4.), 2–0 Claudio Pizarro (58.), 3–0 Hasan Sailihamidzic (65.), 3–1 Kolo Touré (88.).

| | |
|---|---|
| REAL MADRID–JUVENTUS | 1–0 |

1–0 Ivan Helguera (31.).

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL–B. LEVERKUSEN | 3–1 |

1–0 Luis García (15.), 2–0 John Arne Riise (35.), 3–0 Dietmar Hamann (90.), 3–1 Franca (90.).

| | |
|---|---|
| PSV EINDHOVEN–MÓNAKÓ | 1–0 |

1–0 Alex (8.).

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| WEST BROM–SOUTHAMPTON | 0–0 |

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 27 | 21 | 5 | 1 | 50–8 | 68 |
| **MAN. UTD.** | **27** | **17** | **8** | **2** | **45–16** | **59** |
| ARSENAL | 27 | 17 | 6 | 4 | 63–31 | 57 |
| **EVERTON** | **27** | **14** | **6** | **7** | **31–28** | **48** |
| LIVERPOOL | 27 | 13 | 4 | 10 | 41–29 | 43 |
| **MIDDLESB.** | **27** | **11** | **8** | **8** | **41–35** | **41** |
| BOLTON | 27 | 11 | 7 | 9 | 35–32 | 40 |
| **CHARLTON** | **26** | **11** | **5** | **10** | **30–36** | **38** |
| TOTTENH. | 26 | 10 | 6 | 10 | 33–30 | 36 |
| FULHAM | 26 | 8 | 5 | 13 | 33–44 | 29 |
| **BLACKB.** | **27** | **6** | **10** | **11** | **24–36** | **28** |
| C. PALACE | 27 | 5 | 7 | 15 | 30–45 | 22 |
| **SOUTH.** | **27** | **3** | **11** | **13** | **28–43** | **20** |
| NORWICH | 27 | 3 | 11 | 13 | 26–51 | 20 |
| **WBA** | **27** | **2** | **12** | **13** | **23–49** | **18** |

### *DHL-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| VÍKINGUR–HAUKAR | 21–40 |

**Mörk Víkings:** Andrea Olsen 7, Natasa Damiljanovic 6, Steinunn Þorsteinsdóttir 4, Ásta Agnarsdóttir 2, Sigrún Brynjólfsdóttir 1, Helga Birna Brynjólsdóttir 1. Ylfa Helgadóttir varð 4 skot og Erna María Eiríksdóttir varð 3 skot.
**Mörk Hauka:** Hanna G. Stefánsdóttir 14, Ramune Pekarskyte 7, Ragnhildur Guðmundsdóttir 4, Martha Hermannsdóttir 3, Ingibjörg Karlsdóttir 3, Erna Þráinsdóttir 3, Anna Guðrún Halldórsdóttir 2, Harpa Melsted 2, Inga Fríða Tryggvadóttir 2. Helga Torfadóttir varð 4 skot (á 15 mín.), Kristina Matuzeviciute varði 22 skot á 45 mín.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 18 | 15 | 2 | 1 | 544–417 | 32 |
| **ÍBV** | **18** | **15** | **0** | **3** | **524–449** | **30** |
| STJARNAN | 17 | 8 | 3 | 6 | 432–406 | 19 |
| **VALUR** | **18** | **9** | **0** | **9** | **429-439** | **18** |
| FH | 18 | 7 | 4 | 7 | 479-502 | 18 |
| **GRÓTTA/KR** | **17** | **5** | **0** | **12** | **385–430** | **10** |
| VÍKINGUR | 18 | 4 | 0 | 14 | 428–491 | 8 |
| **FRAM** | **17** | **3** | **1** | **13** | **382–467** | **7** |

EM í handbolta:

## Ísland mætir Hvít-Rússum

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í umspili fyrir EM í Sviss sem fram fer í byrjun næsta árs. Íslenska liðið á erfitt verkefni fyrir höndum gegn Hvít-Rússum. Fyrri leikurinn er hér heima 11. eða 12. júní og seinni leikurinn viku síðar í Hvíta-Rússlandi.

„Ég er þokkalega sáttur við þennan drátt því það var hægt að lenda gegn sterkari liðum eins og Pólverjum, Ungverjum eða Portúgölum,“ sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gær. Viggó segist lítið þekkja til Hvít-Rússa.

„Ég veit sáralítið um þá en það er næst á dagskrá að afla sér upplýsinga um liðið. Þessi þjóð hefur framleitt marga góða menn í gegnum árin og það er hefð fyrir góðum handbolta þarna þannig að þeir eru eflaust með fínt lið. Við eigum samt að klára þetta dæmi,“ sagði Viggó. **-hbg**

**UMSPIL FYRIR EM Í SVISS:**

- RÚMENÍA-SERBÍA
- **SVÍÞJÓÐ-PÓLLAND**
- ÍSLAND-HVÍTA-RÚSSLAND
- **NOREGUR-BOSNÍA**
- ÍSRAEL-FRAKKLAND
- **TÉKKLAND-PORTÚGAL**
- GRIKKLAND-ÚKRAÍNA
- **LITHÁEN-SPÁNN**
- MAKEDÓNÍA-UNGVERJALAND
- **AUSTURRÍKI-SLÓVAKÍA**


BARCELONA - CHELSEA
MANCHESTER UNITED - AC MILAN
Emirates
STÆRSTU NÖFNIN MÆTAST Í KVÖLD
Í kvöld 19:30 Barcelona - Chelsea Sýn
Í kvöld 19:00 Manchester United - AC Milan Sýn 2
Í kvöld 21:40 Manchester United - AC Milan Sýn
Í kvöld 21:40 Barcelona - Chelsea Sýn 2
Í kvöld 21:40 Porto - Inter Milan Sýn
515 6100 • syn.is • Skífan • Og Vodafone
sýn
– besta sætið



















## STUÐ MILLI STRÍÐA : Aldrei tekið smók??!!

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** VELUR SKEMMTISTAÐI EFTIR GÆÐI REYKSINS.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Miklar eru umræðurnar um reykingafrumvarpið. Ég er hlynnt þessu frumvarpi. Hver sem er má pirra sig yfir því ef hann vill. Ég er svo gjörsamlega andsnúin reykingum að ég hef litla sem enga samúð með reykingafólki í dag. Sérstaklega þeim ungu því þeir vissu jú allir af skaðsemi reykinga áður en þeir byrjuðu.

Ég er ein af þeim furðulegu einstaklingum sem aldrei hafa tekið smók. „Aldrei??!!“ Nei, aldrei. Fólk næstum því rekur upp óp í hvert sinn sem ég segi þetta. Eins og þetta sé eitthvað skrítið. Ég hef aldrei séð ástæðu til þess að kaupa mér uppvafin laufblöð, kveikja í þeim og anda reyknum inn í mig. Hvorki þegar ég var lítil og áhrifagjörn gelgja né núna þegar ég er....jahh....aðeins stærri. Ég vorkenni samt pínu fólki sem var svo miklir vitleysingar þegar það var ungt að það byrjaði að reykja.

Ég hef oft spurt fólk hvaða mögulegu ástæðu það geti gefið mér fyrir því að byrja að reykja. Ég hef ekki enn fengið ástæðu sem réttlætir þetta rugl. Mikið væri líka gott að geta hrist rassinn á skemmtistöðum bæjarins án þess að eiga von á augnsviða og ógleði af völdum sígarettureyks á meðan. Það liggur við að við vinkonurnar séum farnar að velja skemmtistaði eftir gæði reyksins sem þar inni er.

„Eigum við að fara þangað? - Nei það er svo asskolli vondur reykur þarna, ha. Ég höndla ekki þennan vonda reyk, förum frekar þangað því þar er miklu betri reykur.“ Ég gæti talað um þetta endalaust, að minnsta kosti á meðan ég er bara hér ein að skrifa þetta inn á tölvuna mína og enginn háværr reykingamaður er til þess að þagga niður í mér og segja við mig að ég sé ekki skyldug til þess að djamma eða fara út að borða og eitthvað álíka mikið rugl. Mikið óskaplega er þetta ljúft.

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



TÓNLIST

# Stríðsöxin grafin

Josh Homme, söngvari Queens of the Stone Age, og Nick Oliveri, fyrrverandi bassaleikari sveitarinnar, ætla hugsanlega að starfa saman á ný seinna á þessu ári og grafa þar með stríðsöxina.

Þessir fyrrum samherjar hafa lítið sem ekkert talast við síðan Homme rak Oliveri óvænt úr hljómsveitinni á síðasta ári. Að sögn gítarleikarans Troy Van Leeuwen munu liðsmenn Queens of the Stone Age líklega spila á næstu plötu Mondo Generator, núverandi hljómsveitar Oliveri.

Margir telja að lagið Everybody Knows You're Insane sem verður á nýjustu plötu Queens, Lullabies to Paralyze, fjalli um Oliveri. Leeuwen hefur borið þessar sögusagnir til baka. „Við þekkjum fullt af fólki sem hagar sér asnalega og þá er ég ekki endilega að tala um ofbeldisfulla hegðun,“ sagði hann. „Það gæti þess vegna verið almenningur í Bandaríkjunum.“



**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Josh Homme, til vinstri, og Nick Oliveri áður en sá síðarnefndi var rekinn úr Queens of the Stone Age.

Nýjasta smáskífulag plötunnar, Little Sister, kemur út þann 14. mars. Platan sjálf er væntanleg viku síðar. ■



**SEGÐU MÉR ALLT** Marta Nordal og Ellert A. Ingimundarson í hlutverkum sínum.

# Steinbarn?

**LEIKLIST**

ARNÓR BENÓNÝSSON

**Segðu mér allt**
Frumsýnt 18. febrúar 2005 Borgarleikhúsinu Nýja sviði.

**Höfundur**: Kristín Ómarsdóttir
**Leikstjóri**: Auður Bjarnadóttir
**Leikmynd og búningar:** Rebekka A. Ingimundardóttir
**Leikarar**: Álfheiður Örnólfsdótti, Ellert A. Ingimundarson, Marta Nordal, Þór Tulinius, Edda Björg Eyjólfsdóttir

**Niðurstaða:** Glitrandi fínir kaflar en heildarsvipurinn sjálfhverfur og ófullnægjandi.

Leikritið Segðu mér allt fjallar á yfirborðinu um fatlað barn sem elst upp hjá venjulegri fjölskyldu á Íslandi nútímans. Eins og gerist og gengur í venjulegum fjölskyldum er hamingjan ekki alls ráðandi og foreldrarnir takast á með tilheyrandi hávaða og sættast líka með tilheyrandi hávaða. Og í þessari hringekju hvunndagsins upplifir barnið þá tilfinningu að það sé rót vandans og leitar á náðir draumsins þar sem allt er fullkomið og allar langanir uppfyllast og foreldrarnir eru yfirmáta elskulegir og góðir. Ekki mjög flókið við fyrstu sýn og kannski svolítið klisjukennt. En eins og oft í verkum Kristínar er ekki allt sem sýnist og mörk draums og veruleika óskýr og fljótandi. Þannig finnst mér að fatlaða barnið og aðbúnaður þess og upplifanir séu ekki aðalviðfangsefni verksins heldur samböndin tvö og líta megi á barnið sem táknGervinG, eins konar steinbarn, sem falið er í öllum samböndum. Steinbarn sem getið er úr ófullnægðum löngunum og þrám einstaklinganna sem sambandið mynda. Og verkið hverfist um þessa ófullnægju, raunverulega parið leitar á náðir kynlífsins til að reyna að gefa sambandinu merkingu og innihald en hið dreymda í yfirborðskennda elskusemi og efnishyggju þar sem allt er fullkomið á yfirborðinu að minnsta kosti og ljótleikanum útrýmt. En hvorug aðferðin gengur upp og ófullnægjan ríkir ein eins og kannski í því samfélagi klámvæðingar og efnishyggju sem við lifum í. Einhvern veginn fannst mér að þetta væri það sem brynni á höfundinum í þessu verki, sjálfhverfir einstaklingar nútímans eru ekki þess umkomnir að mynda samböndsem veita lífsfyllingu og í slíkum samböndum er ekkert pláss fyrir börn.

Kristín hefur áður í verkum sínum fengist við sambönd sem byggjast á sambandsleysi og einhvern veginn fannst mér hún ekki bæta miklu við með þessu verki. Sjálfhverfan og ófullnægjan tók verkið einhvern veginn yfir og náði aldrei því flugi sem nauðsynlegt er til að halda athygli áhorfandans. Vissulega var fullt af finum atriðum sem báru bestu höfundareinkenni Kristínar, lipur flæðandi samtöl sem lituðust af kaldhæðnum húmor og skemmtilegri beitingu tungumálsins. En það dugði bara ekki til að mynda heildstæða sterka leiksýningu í tvo klukkutíma. Verkið hverfðist einhvern veginn inn í sjálft sig og fjarlægðist eftir því sem á leið.

Leikstjórinn Auður Bjarnadóttir á rætur sínar í ballettinum og uppsetningin bar þess vitni. Mikið um stórar stílfærðar hreyfingar stundum meðan texti var fluttur stundum án texta. Stundum gekk þetta upp og bætti einhverju við verkið, en varð oftar ekki, þó það væri skemmtilegt útaf fyrir sig, stundum svolítið álímt og hefði ef til vill hentað í verki sem ekki byggðist á svona massífum texta. Annars var aðalgallinn á leikstjórn Auðar að það vantaði skýrari fókus í uppsetninguna, en eins og í verkinu sjálfu fullt af skemmtilegum hugmyndum og tilraunum en heildarsvipinn og ögunina vantaði.

Leikmynd Rebekku var stílhrein og falleg í einfaldleika sínum og þjónaði verkinu vel í fyrri hlutanum en varð síðan eins og óútskýrður aðskotahlutur í þeim síðari. En það er kannski ekki Rebekku að kenna því sýningin í heild sinni einhvern veginn rann úr greipum manns eftir því sem á leið.

Lýsingin var skemmtileg og mikið verið að leika sér með framog hliðarlýsingu sem varpaði skuggum á bakveggi. Og eins og annað gekk það stundum upp og stundum ekki.

En þá að því sem ánægjulegast var við þessa sýningu og það er frammistaða leikaranna. Þau stóðu sig öll með prýði og sköpuðu skýra og trúverðuga einstaklinga innan þess ramma sem þeim var fenginn. Sérstaklega fannst mér ánægjulegt að fylgjast með Ellerti og sjá hversu mikinn þroska hann hefur tekið út sem leikari.

Sem sagt uppseting á nýju íslensku leikriti þar sem verið er að gera tilraunir með óhefðbundna nálgun. Glitrandi fínir kaflar en heildarsvipurinn sjálfhverfur og ófullnægjandi. ■


Eldfugl - Tilbúinn í matinn



Eldfugl fæst í eftirtöldum tegundum; gordon bleu, nuggets, borgari, spjót, strimlar, bollur, texmex úrb.læri, snitzel, buffalóvængir og hunangslæri.

Kjúklingur sem framleiddur er undir vörumerkinu Eldfugl hefur verið eldaður og er tilbúinn til notkunar.

SPENNANDI TÆKIFÆRI
JÖRÐ TIL SÖLU !!

BJARNASTAÐIR Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

Jörðin Bjarnastaðir liggur við Biskupstungnabraut og er 257 ha. þar af ræktað land 13,9 ha. Jörðin sem er vel staðsett, er að mestu algróinn og skiptist í tún, framræstar mýrar og vallendisholt.

Jörðin er í fallegu umhverfi í þjóðleið á vinsælu sumarbústaðasvæði og er þaðan stutt í þéttbýli t.d. Selfoss, Hveragerði, Laugarás, Reykholt, Laugarvatn og einnig í ýmsa afþreyingu og útivist, s.s. golfvelli, sundlaugar og fleira. Heitt og kalt vatn er til staðar frá veitum sveitafélagsins.

Landið liggur að Biskupstungnabraut og Sólheimavegi. (sjá meðf. mynd).
Húsakostur á jörðinni er m.a. : íbúðarhús, fjós, fjárhús, 4 svínahús, fóður- og áburðargeymslur.

Notkunarmöguleikar: Hefðbundinn búskapur, svínarækt, hrossarækt, sumarhúsabyggð ofl.
Brunabótamat á húsakosti ásamt mati á jörð og ræktun er um kr. 166 milljónir.
Upplýsingar verða gefnar í síma 444 – 8706 og einnig má senda fyrirspurnir á henryg@kbbanki.is

Óskað er eftir tilboðum þar sem fram kemur tilboðsverð og greiðsluskilmálar.

Tilboðsfrestur er til 4. mars 2005.
Tilboð sendist til KB banka, b.t. Henrý Þór Rekstarfélaginu Viðjum ehf. Borgartúni 19. 105 R.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.






matur o.fl.
- Á FÖSTUDÖGUM
- Smáauglýsingasíminn er 550 5000
- auglysingar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ











**UPPISTAND**

# zard með aukasýningu

grínistinn Eddie Izzard mun aukasýningu með uppistandi Broadway eftir að miðar upp á fyrri sýninguna þann á aðeins átta mínútum.

kasýningin verður daginn hófst miðasala á hana í gær. fáir miðar eftir og fást þeir annars í verslunum Skífunn- á event.is. Enginn möguleiki narri aukasýningu, en aðeins ðar eru í boði. „Ég held að það rei hægt að búast við svona sölu. Þetta er líka búið að bera fljótt að. Sýningin var staðfest fyrir fimm dögum og það var engin brjáluð markaðsherferð í gangi,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Event sem flytur Izzard til landsins. „Maður fann það í kringum sig að það væri mikil spenna fyrir þessu enda hafði ég fengið langflestar beiðnir um að fá Eddie Izzard hingað.“

Grunur lék á um að miðarnir á fyrri sýninguna myndu klárast á skömmum tíma eins og hafði gerst í nágrannalöndunum deginum áður. „Þá grunaði að þetta myndi gerast og voru með opna daga í planinu fyrir þennan túr. Það er enginn smá hiti fyrir Izzard og aðeins ein ástæða fyrir því. Hann er örugglega einn besti uppistandarinn í heiminum í dag,“ segir Ísleifur. ■



**EDDIE IZZARD** Breski grínistinn mun halda tvær sýningar hér á landi í næsta mánuði.




















## UPPISTAND

# Izzard með aukasýningu

Breski grínistinn Eddie Izzard mun halda aukasýningu með uppistandi sínu á Broadway eftir að miðar seldust upp á fyrri sýninguna þann 9. mars á aðeins átta mínútum.

Aukasýningin verður daginn eftir og hófst miðasala á hana í gær. Eru örfáir miðar eftir og fást þeir meðal annars í verslunum Skífunnar og á event.is. Enginn möguleiki er á annarri aukasýningu, en aðeins 800 miðar eru í boði. „Ég held að það sé aldrei hægt að búast við svona sölu. Þetta er líka búið að bera fljótt að. Sýningin var staðfest fyrir fimm dögum og það var engin brjáluð markaðsherferð í gangi,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Event sem flytur Izzard til landsins. „Maður fann það í kringum sig að það væri mikil spenna fyrir þessu enda hafði ég fengið langflestar beiðnir um að fá Eddie Izzard hingað.“

Grunur lék á um að miðarnir á fyrri sýninguna myndu klárast á skömmum tíma eins og hafði gerst í nágrannalöndunum deginum áður. „Þá grunaði að þetta myndi gerast og voru með opna daga í planinu fyrir þennan túr. Það er enginn smá hiti fyrir Izzard og aðeins ein ástæða fyrir því. Hann er örugglega einn besti uppistandarinn í heiminum í dag,“ segir Ísleifur. ■



**EDDIE IZZARD** Breski grínistinn mun halda tvær sýningar hér á landi í næsta mánuði.










BÍÓTILBOÐ
Frá kl. 8 til 11 á kvöldin


i'm lovin' it
argus 05-0068

Ekta ítalskt bragð úr þínum ofni
Ítalskar þunnar gæðapizzur, svo góðar að þú gætir haldið að þú værir á ítölskum veitingastað


- Ert þú búin(n) að prófa?
hausverk / 5122



## VIÐ TÆKIÐ | Hvenær kemur Truman Show?

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** LEYFIR SÉR AÐ EFAST UM RAUNVERULEIKA RAUNVERULEIKASJÓNVARPSINS.

Raunveruleikasjónvarp hefur tröllriðið sjónvarpinu á undanförnum árum. Karl- og kvenkynspiparsveinar velja sér maka, strandaglópar berjast um milljónir og ekki síst, tvær heimskar og ríkar stelpur ferðast um Bandaríkin. Tíunda þáttaröðin um bandarísku strandaglópana er hafin og fólk um allan heim fylgist með venjulegu fólki breytast í svikahrappa og lygara. Telur sér trú um að þetta sé raunverulegt.

En ég kaupi þetta ekki. Ástæðan fyrir því er einföld. Þetta er tíunda þáttaröðin, og þeir sem eru í þættinum væntanlega miklir aðdáendur eldri þátta. Hafa hugsað með sér, þegar þeir sáu síðustu þáttaröð, að þeir gætu malað þetta. En það sem þeir vita eru viðbrögð áhorfenda við vissum yfirlýsingum og aðgerðum. Sumir þáttakendur geta því orðið elskaðir af þjóðinni, þó þeir nái kannski ekki á leiðarenda. Geta fengið auglýsingasamninga og fimmtán mínútna frægð. Ætli það sé tilviljun, að það er alltaf einn sem svíkur alla og kemst langt? Eða alltaf einn sem er rosalega heiðarlegur og svíkur engan? Svo eru líka alltaf einhverjar stelpur sem strippa vegna þess að þá geta þær orðið að kyntáknum.

Nei, þetta raunveruleikasjónvarp er að deyja drottni sínum, vegna þess að þátttakendur eru farnir að leika hetjurnar sínar úr fyrri þáttaröðum. Þau eru ekki lengur trú sjálfum sér, heldur einfaldlega lélegar eftirhermur.

Sjónvarpið hefur verið að bregðast við þessu og er spurningin í dag eingöngu hversu langt það á eftir að ganga. Það líður ábyggilega ekki á löngu þar til við fáum að sjá raunveruleikasjónvarp sem endist í þrjátíu ár. Það líður ekki á löngu þar til raunverulegt Truman Show verður á dagskrá sjónvarpsins á mánudagskvöldum.



**TRUMAN SHOW** Þess verður vafalaust ekki langt að bíða að Truman verði að raunveruleika.



**20.00** *Leikur*

**Gettu betur. Spurningakeppni framhaldsskólanna en í kvöld eigast við Menntaskólinn á Egilsstöðum og Menntaskólinn á Akureyri.**



**20.30** *Söngur*

**American Idol. Keppendur vestan hafs halda áfram að heilla dómnefndina í von um að verða næsta poppstjarna.**



**21.00** *Raunveruleiki*

**America's Next Top Model. Allir keppendur fara í Peter Coppola-myndverið í greiðslu og förðun og ýmis vandamál koma upp á.**

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (9:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (21:42)

**18.30** **Língó og Stitch (20:28)** (Lilo & Stitch)
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00 Gettu betur (3:7)**
**21.00** **Óp** Umsjónarmenn eru Kristján Ingi Gunnarsson, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Þóra Tómasdóttir.
**21.25** **Regnhlífarnar í New York (6:10)** Þáttaröð um bækur í öllum regnbogans litum: Stórar bækur, litlar, íslenskar bækur, bandarískar, norskar, líka skáldsögur, ævisögur og spennusögur. Umsjón þáttarins annast Þorsteinn J. og Sigurður G. Valgeirsson.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Handboltakvöld**
**22.40** **Í brennidepli** Fréttaskýringaþáttur í umsjón Páls Benediktssonar. e. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**23.25** Mósaík **0.00** Kastljósið **0.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey (e) **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Two and a Half Men (e) **13.05** The Osbournes (e) **13.35** Whose Line is it Anyway **14.00** Idol Stjörnuleit (e) **15.30** Idol Stjörnuleit (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir**
**20.30 American Idol 4 (11:43)**
**21.20** **You Are What You Eat (6:8)** (Mataræði) Matarvenjur okkar eru eins ólíkar og við erum mörg. Hjá sumum er mataræðið hreint og beint skelfilegt. Alltof margir spá ekkert í hvað þeir láta ofan í sig og afleiðingarnar eru hræðilegar.
**21.45** **Life Begins (6:6)** (Nýtt líf) Breskur myndaflokkur frá höfundi Cold Feet. Maggie hefur fengið sinn skerf af mótlæti en það reynir virkilega á hana þegar eiginmaðurinn gengur á dyr. Maggie, sem brátt kemst á miðjan aldur, á tvo unglinga og uppeldið lendir alfarið á henni.
**22.35** **Oprah Winfrey** (Supernanny Shapes Up Bratty Kids)

**23.20** Falling Sky (Bönnuð börnum) **0.50** Guinevere (Bönnuð börnum) **2.30** Fréttir og Ísland í dag **3.50** Ísland í bítið (e) **5.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**17.45** Bingó (e)

**18.30** **Innlit/útlit (e)** Vala Matt fræðir sjónvarpsáhorfendur um nýjustu strauma og stefnur í hönnun og arkitektúr.
**19.30** **Malcolm In the Middle (e)** Dewey fær það verkefni að selja sælgæti fyrir skólann. Hann notar slagorðið „Þetta sælgæti styður Bandaríkin" til að selja það og veldur það ýmsum flækjum.
**20.00** **Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber.
**21.00 America's Next Top Model**
**22.00** **The Mountain – Fjallið** Maður að nafni F. Robert Chapin vinnur að góðgerðamálum með Gennie. Hún er óánægð með það þar eð Robert er fyrrverandi fangi. Hún segir að hún hafi verið neydd til að vinna með honum. En þá hittir hún hann og hann heillar hana upp úr skónum.

**22.45** **Jay Leno**
**23.30** Judging Amy (e) **0.15** The Swan – nýtt! (e) **1.00** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Born Romantic (Bönnuð börnum) **8.00** Joe Somebody **10.00** The Diamond of Jeru **12.00** The Martins **14.00** As Good as It Gets **16.15** Joe Somebody **18.00** The Diamond of Jeru **20.00** The Martins **22.00** Beverly Hills Cop 2 (Bönnuð börnum) **0.00** As Good as It Gets **2.15** Born Romantic (Bönnuð börnum) **4.00** Beverly Hills Cop 2 (Bönnuð börnum)

### OMEGA

8.00 Ron Phillips 8.30 Ísrael í dag 9.30 T.D. Jakes 10.00 Joyce M. 10.30 Acts Full Gospel 11.00 Miðnæturhróp 11.30 Um trúna 12.00 Freddie Filmore 12.30 Billy Graham 13.30 Í leit að vegi Drottins 14.00 Joyce M. 14.30 Blandað efni 16.00 Sherwood Craig 16.30 Maríusystur 17.00 Miðnæturhróp 17.30 T.D. Jakes 18.00 Joyce M. 19.30 Ron Phillips 20.00 Ísrael í dag 21.00 Gunnar Þorst. 21.30 Joyce M. 22.00 Ewald Frank 22.30 Joyce M.

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjóntónlist **21.00** Níubíó. Pie in the Sky **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.00** Nordic Combined Skiing: World Championship Oberstdorf Germany **15.00** Tennis: ATP Tournament Dubai United Arab Emirates **16.30** Tennis: WTA Tournament Doha **18.00** Nordic Combined Skiing: World Championship Oberstdorf Germany **19.30** Olympic Games: Olympic Magazine **20.00** Golf: U.S. P.G.A. Tour Nissan Open **21.00** Golf: the European Tour **21.30** All Sports: Wednesday Selection **21.45** News: Eurosportnews Report **22.00** Football: UEFA Cup **23.30** Nordic Combined Skiing: World Championship Oberstdorf Germany

**BBC PRIME**
**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Search **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** The Really Wild Show **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Location, Location, Location **19.30** Design Rules **20.00** Safe as Houses **21.00** We Got a New Life **22.00** Red Cap **22.50** Murder in Mind **23.40** Black Cab **0.00** American Visions **1.00** Presumption: The Life of Jane Austen

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Seconds from Death **12.30** Demolition Squad **13.00** Dogs with Jobs **13.30** Insects from Hell **14.00** Frontlines of Construction **15.00** Marine Machines **16.00** Wild Giants of Denali **17.00** Battlefront **18.00** Seconds from Death **18.30** Demolition Squad **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Insects from Hell **20.00** Wild Giants of Denali **21.00** Frontlines of Construction **22.00** Marine Machines **23.00** Battlefront

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Vets in Practice **12.30** Emergency Vets **13.00** Air Jaws **14.00** Whales of the Med **15.00** Wildlife SOS **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Air Jaws **20.00** Whales of the Med **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Killing for a Living **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice

**DISCOVERY**
**12.00** Ultimate Ten **13.00** Building the Ultimate **13.30** Massive Machines **14.00** Extreme Machines **15.00** Paranal **16.00** John Wilson's Fishing Safari **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A 4X4 is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Industrial Revelations – The European Story **21.00** Hitler's Doctors **22.00** Hannibal **23.00** Forensic Detectives **0.00** Europe's Secret Armies

**MTV**
**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Hit List UK **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Making the Video **20.00** Punk'd **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** The Lick **23.00** Pimp My Ride **23.30** Dirty Sanchez **0.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Oprah Winnfrey Fabulous Life Of **20.30** Mel Gibson Fabulous Life Of **21.00** Halle Berry Rise & Rise Of **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CLUB**
**12.20** Arresting Design **12.45** Lofty Ideas **13.10** Use Your Loaf **13.35** City Hospital **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** Crimes of Fashion **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** City Hospital **18.45** Crimes of Fashion **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** My Messy Bedroom **22.25** What Men Want **22.50** Hotter Sex

**E! ENTERTAINMENT**
**13.00** E! News Live **13.30** The Soup **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Celebrities Uncensored **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **18.00** The Soup **18.30** Extreme Close-Up **19.00** E! News Live **19.30** Behind the Scenes **20.00** E! Entertainment Specials **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Scream Play **23.00** 101 Most Shocking Moments in... **0.00** E! News Live **0.30** Dr. 90210

**BBC FOOD**
**12.00** Food Source New Zealand **12.30** Island Harvest **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Rick Stein's Food Heroes **14.30** Kitchen Takeover **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Gondola On the Murray **16.30** Ready Steady Cook **17.00** The Italian Kitchen **17.30** Rocco's Dolce Vita **18.00** Two Fat Ladies **18.30** Dinner in a Box **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Rick Stein's Food Heroes **20.30** Rick Stein's Taste of the Sea **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Chalet Slaves **22.30** Ready Steady Cook

**CARTOON NETWORK**
**12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**ÓP** *Sjónvarpið* **kl. 21.00**

## *Snaróðir litboltaiðkendur*

Í þættinum í kvöld fá áhorfendur að sjá viðtal við leikstjórann David Yates en hann mun leikstýra nýjustu Harry Potter-myndinni, Fönixreglunni. Einnig verður litið inn á uppákomu Þjóðleikhússins „Fimmtán, bráðum tuttugu“ þar sem framhaldsskólanemar, leiklistarnemar og leikarar Þjóðleikhússins skelltu sér í spuna undir stjórn Unnar Aspar leikkonu. Einnig munu snaróðir litboltaiðkendur sýna áhorfendum sitt sport. Hljómsveit þáttarins er afar skemmtileg að þessu sinni en þar munu koma saman í fyrsta skiptið Jói Idol, Villi Naglbítur og Kalli Olgeirs og verður gaman að sjá hvers konar lag þeir eiga eftir að semja.



Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Þóra Tómasdóttir og Kristján Ingi Gunnarsson þáttastjórnendur.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Once you go black; you'll need a wheelchair.“**

**Svar:** Latell Spencer úr kvikmyndinni White Chicks frá árinu 2004.



**19.30, 21.40, 23.30**

*Íþróttir*

**Sextán liða úrslit meistaradeildar Evrópu. Barcelona gegn Chelsea og viðureign Man. Utd. og AC Milan í beinni.**

## SÝN

**17.00** Jing Jang **17.45** David Letterman

**18.30 Heimsbikarinn á skíðum** Nýjustu fréttir af framgöngu skíðamanna á heimsbikarmótum.

**19.00 The World Football Show**

**19.30 UEFA Champions League** (Barcelona – Chelsea) Bein útsending frá fyrri leik Barcelona og Chelsea í 16 liða úrslitum. Þetta eru tvímælalaust tvö af bestu liðum Evrópu en félögin hafa leikið frábærlega í vetur. Í sviðsljósinu verða kappar eins og Ronaldinho og Didier Drogba. Athygli er vakin á því að leikur Manchester United og AC Milan er samtímis í beinni á Sýn2.

**21.40 UEFA Champions League** (Man. Utd. – AC Milan) Útsending frá fyrri leik Manchester United og AC Milan í 16 liða úrslitum. Athygli er vakin á því að leikur Barcelona og Chelsea er samtímis á dagskrá Sýnar2.

**23.30** UEFA Champions League (Porto – Inter) **1.10** David Letterman

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **17.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið (e) **19.00** I Bet You Will **19.30** Idol Extra (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.30** Animatrix **22.03** Jing Jang **22.40** Real World: San Diego

### MGM

**12.20** Big House, U.S.A. **13.45** Valdez Is Coming **15.15** Return to Treasure Island **16.30** Marty **18.00** Silent Victim **19.55** Caveman **21.25** Roadhouse 66 **23.00** Davy Crockett, Indian Scout **0.10** What Happened Was... **1.40** Vietnam, Texas **3.10** The Fantasticks

### TCM

**20.00** Lolita **22.30** Period of Adjustment **0.25** Ringo and His Golden Pistol **1.55** The Mask of Fu Manchu **3.00** Alfred the Great

### HALLMARK

**12.00** Search and Rescue **13.45** The Monkey King **15.15** Barbara Taylor Bradford's Voice of the Heart **17.00** Touched By An Angel **17.45** Breathing Lessons **19.30** Law & Order Iv **20.15** Sally Hemings: An American Scandal **21.45** Free of Eden

### DR1

**12.05** B¢gernes by **12.20** Nærbillede **12.50** Dyre-Internatet **13.20** Hvad er det værd? **13.50** Ryd op i dit liv **14.20** Bedre bolig **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie **16.00** Trolddomsæsken **16.30** Junior **17.00** Det, der med b¢rn **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Nyhedsmagasinet **18.30** Rabatten **19.00** Nationen **19.20** DR Dokumentar – Hvide verden **20.00** TV Avisen **20.25** Profilen **20.50** SportNyt **21.00** Luk ¢jnene op **22.55** OBS **23.00** Onsdags Lotto **23.05** Arbejdsliv **23.35** Boogie

### SV1

**12.10** Sixties **13.30** Skidor: Längd-VM 2005 **15.00** Rapport **15.05** Plus **15.35** Familjen Anderson **16.00** Sverige! **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.01** Ella på två ställen **17.25** De första stegen **17.30** Corneil & Bernie **18.00** Barnen från Åkerstorp **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Djurgalen **20.00** Music of the Heart **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Miraklet

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.00** Hrafnaþing með Ingva Hrafni Jónssyni.

**14.03** Er það svo með Ólafi B. Guðnasyni. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni.

**19.30** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Það rignir í Nantes **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** **Útvarpssagan, Saga sonar míns** **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.26** Spegillinn

**19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.20** Öskrið sprengir kyrrðina

**23.05** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.26** Spegillinn **20.00** Gettu betur **21.00** Konsert **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið - Það besta úr vikunni **9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson (Íþróttir eitt) **16.00** Jói Jó

**18.30** Kvöldfréttir Stöðvar 2 og Bylgjunnar **19.30** Bjarni Ólafur Guðmundsson - Danspartí Bylgjunnar.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**09.03** Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

**12.25** Smáauglýsingar (Sími: 904-1994) **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Á föstunni **14.03** Gústaf Níelsson **15:03** Óskar Bergsson

**16.03** Viðskiptaþátturinn: (Blaðamenn Viðskiptablaðsins) **17.05** Tölvur og tækni **18.00** Heil og Sæl **20.00** Endurflutningur

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying





## HRÓSIÐ

*...fær Þórunn Antonía Magnúsdóttir, söngkona í The Honeymoons, sem hefur slegið í gegn í Bretlandi. Tískuritið Elle segir Þórunni vera eina af átta tískufrömuðum poppsins í Bretlandi.*

## 3 SPURÐIR

**Á að banna reykingar á skemmtistöðum?**



**BIRGIR NIELSEN**
Trommari og pylsukaupmaður.

### Herbergi með öflugri loftræstingu

„Nei, ég er ósammála öllum þessum boðum og bönnum. Ég held að frekar ætti að bjóða skemmtistöðum upp á að vera með sérstakar reykingaálmur inni á veitingastöðum. Það er erfitt að banna reykingar bara alveg. Hins vegar er hvergi betra að reykja en undir beru lofti en ég held að fyrsta skrefið væri að bjóða upp á herbergi með öflugri loftræstingu. Það er miklu betri leið fyrir alla aðila."



**HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR**
Leikkona.

### Brjálæðislega hlynnt því

„Já, ég er algjörlega brjálæðislega hlynnt því. Þetta er bara tímaspursmál því ef Írar geta þetta þá getum við þetta! Í Bandaríkjunum væri bara algjörlega út úr kú að reykja við hliðina á fólki sem er að borða. Hver er líka ekki búinn að fá ógeð á að fara á skemmtistaði og vera að kafna úr reyk. Það eru sjálfsögð mannréttindi að fá að anda að sér fersku lofti. Þetta hefur líka áhrif á mig vegna vinnu minnar. Það er hræðilegt að hugsa til þess hversu margir hafa dáið vegna óbeinna reykinga."



**SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR**
Óperusöngkona.

### Matur og reykur fara illa saman

„Ég veit ekki með skemmtistaðina en ég er alla vega hlynnt því að reykingar verði bannaðar á veitingastöðum. Ég hef sjálf lent í því að þurfa að syngja þar sem loftið er mettað af reyk og það er hrikalegt. Í hvert sinn sem maður dregur andann er maður í rauninni að reykja, en ég reyki nú ekki sjálf. Ég held hins vegar að erfiðara verði um vik á skemmtistöðum því þetta fer svolítið saman, að skemmta sér og reykja og erfitt fyrir reykingafólk að sleppa því. En matur og reykur fara ekki vel saman."



**Lárétt:** **2** matur, **6** keyri, **8** hjúpur, **9** jarðsprunga, **11** hita, **12** veglynd, **14** veiða, **16** bardagi, **17** gljúfur, **18** tíu, **20** óreiða, **21** steintegund.

**Lóðrétt:** **1** mann, **3** svar, **4** ekki í hættu, **5** samræða, **7** laus tungan, **10** forföður, **13** í æskublóma, **15** vingjarnleiki, **16** óhreinka, **19** lét af hendi

**Lausn.**

**Lárétt:** **2** kjöt, **6** ek, **8** ára, **9** gjá, **11** yl, **12** göfug, **14** fanga, **16** at, **17** gil, **18** tug, **20** rú, **21** agat.

**Lóðrétt:** **1** segg, **3** já, **4** öryggir, **5** tal, **7** kjöftug, **10** afa, **13** ung, **15** alúð, **16** ata, **19** ga.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Brynja.
2. Sjö krónur.
3. Þórunn Antonía Magnúsdóttir.

birta

» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á MIÐVIKUDÖGUM



**VILLI BINGÓ** Hann yfirgefur skjáinn um hríð eða þar til í haust. Síðasti bingóþáttur vetrarins verður sýndur á sunnudaginn.

SKJÁR EINN: SÍÐASTA BINGÓ VETRARINS

# Heldur áfram að blóta í haust

Það er eins gott að hlamma sér fyrir framan skjáinn á sunnudaginn þegar síðasti bingóþáttur vetrarins verður sýndur á Skjá einum. „Þetta verður klikkaður lokaþáttur en Bingóið mun örugglega dúkka aftur upp á skjánum næsta haust," segir Vilhelm Anton Jónsson eða Villi bingó. Aðspurður um hvað taki nú við hjá honum segir hann: „Ég hef ekki hugmynd um hvað ég ætla að gera núna. Það er aldrei að vita nema ég byrji að vinna í nýjum sjónvarpsþætti eða fari aftur að vinna á auglýsingastofu. Einnig gæti ég farið að mála eða bara snúið mér að spilamennskunni," segir Villi en eins og flestir vita er hann söngvari hljómsveitarinnar 200.000 naglbítar.

Hann hefur einnig komið víða við í sjónvarpinu því auk bingóþáttarins vinsæla hefur hann verið þáttastjórnandi unglingaþáttarins At í Ríkissjónvarpinu og þáttarins Úti að grilla með Kára og Villa á Skjá einum.

Villi er afar sáttur við Bingó vetrarins og segir þáttinn hafa fengið frábærar viðtökur. „Þættirnir féllu greinilega vel í kramið hjá landanum og fengu frábærar viðtökur. Ég vil þakka fólki fyrir að taka jafn virkan þátt í Bingóinu og það gerði. Það er fínt að hætta á meðan þetta er enn ferskt og koma sterkur inn næsta haust. Ég vil reyndar biðja alla afsökunar á blótinu í mér í þáttunum en ég get samt lofað því að ég held áfram að blóta næsta haust."

Að sögn Villa mega Bingóaðdáendur búast við þrusugóðum lokaþætti á sunnudaginn. „Við gefum bara allt draslið sem við eigum eftir og einnig verða alls kyns hressandi uppákomur og mikið stuð," segir Villi hress eins og alltaf. Hann minnist einnig á leikrit sem hann er að fara að semja tónlist fyrir. „Það verður sýnt í Borgarleikhúsinu, Oddur Bjarni leikstýrir því og það heitir Riðið inn í sólarlagið. Þetta er mjög töff leikrit um lífið og tilveruna og mjög fyndið. Svo er aldrei að vita nema ég sjáist á skjánum í sumar."

hilda@frettabladid.is




# Hagaskóli hreppti Mímisbrunn

Hagaskóli hreppti hinn vinsæla farandverðlaunagrip Mímisbrunn á mánudagskvöld. Þá fór fram úrslitakeppni Nema hvað, spurningakeppni grunnskólanna. Hagaskóli keppti þar við Laugalækjarskóla í beinni útsendingu á Útvarpsstöð Samfèss. Bæði lið mættu til leiks með stóran hóp stuðningsliðs með sér sem hvatti sína til dáða.

Lið Hagaskóla var sem fyrr skipað þeim Þórði Sævari Jónssyni, Birni Reyni Halldórssyni og Hafsteini Gunnari Hauksyni. Marteinn Sindri Jónsson, Stefán Þór Helgason og Arnór Smári Jónsson skipuðu sem fyrr lið Laugalækjarskóla.

Leikar fóru þannig að Hagaskóli sigraði með 33 stigum gegn 22 stigum Laugalækjarskóla sem vann einmitt keppnina í fyrra en Hagaskóli hefur tvívegis hampað Mímisbrunni áður. ■



**SPURNINGAKEPPNIN NEMA HVAÐ** Liðsmenn Hagaskóla sigruðu Laugalækjarskóla á mánudaginn var. Frá vinstri: Þórður Sævar Jónsson, Börn Reynir Halldórsson og Hafsteinn Gunnar Hauksson.




Ef þú ert snar í snúningum geturðu náð þér í frábæran Peugeot á ótrúlega góðu verði.



## 307

1.4i, 90 hestöfl, 5 gíra, 5 dyra, 6 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, 5 þriggja punkta belti, rafmagn í rúðum, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, álfelgur aukabúnaður á mynd.

Verð var frá ~~1.790.000~~ nú **1.645.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **17.164** kr.



## 307 SW - glerþak

2.0i, 136 hestöfl, sjálfskiptur með öllu, 16" álfelgur, tiptronic sjálfskiptingu, loftkælingu og ... Frábær fjölskyldubíll!

Verð var frá ~~2.440.000~~ nú **2.245.000** kr.
Mánaðargreiðla* frá **23.493** kr.

HÉR & NÚ / SÍA



## 206

1.4i, 75 hestöfl, X-line innrétting, 16v, 5 gíra, 5 dyra, 4 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum, 5 þriggja punkta öryggisbelti, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, þokuljós aukabúnaður á mynd.

Verð var frá ~~1.499.000~~ nú **1.380.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **14.392** kr.



## 206 SW

1.4i, 75 hestöfl, X-line innrétting, 16v, 5 gíra, 5 dyra, 4 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum, 5 þriggja punkta öryggisbelti, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, álfelgur aukabúnaður á mynd.

Verð var frá ~~1.569.000~~ nú **1.429.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **14.960** kr.



## 807 ST – 7 manna

2.0i, 138 hestöfl, sjálfskiptur, skrikvörn, fjarstýrð og rafdrifin opnun á hliðarhurðum, 7 stakir stólar, framsæti snúningsstólar, þakbogar. Öruggasti bíllinn í sínum flokki, fékk 5★af 5 mögulegum í árekstrarprófi.

Verð var frá ~~3.340.000~~ nú **2.990.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **31.279** kr.

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

**Sumir aka um á bílum - aðrir aka um á Peugeot.**
Hönnun, glæsileiki og akstursseiginleikar setja Peugeot í sérflokk.
Komdu og mátaðu Peugeot, upplifðu mjúka fjöðrun og hönnun sem á sér engan líka.
Upplifðu Peugeot sem næsta kost.

3ja ára ábyrgð - 12 ára ryðvarnarábyrgð.

*Bílasamningur Lýsingar: 30% út og greiðslur til 84 mánaða. Einnig er hægt að velja 10% eða 20% útborgun.

PEUGEOT

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR
SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

# Í svarta þoku

Það sást varla á milli bíla á Hringbrautinni í gær. Bílalestin mjakaðist áfram. Svo virtist sem sumir rötuðu ekki – þyrftu að sjá næstu götuvita til að geta haldið akstri áfram. Hugurinn fór á flug. Merkilegt hversu sumt fólk á erfitt með að rata og það þarf þá ekki neina þoku til. Svo virðist sem hið eðlilega og sjálfsagða sé sumu fólki algjörlega hulið. Jafnvel í bjartviðri. Meðan aðrir rata hvert sem er.

**FYRIR MEIRA** en þrjátíu árum var ég háseti á Valafellinu frá Ólafsvík þar sem Jónas Guðmundsson var skipstjóri. Einn daginn sá ekki lunninga á milli vegna þoku, fyrir þá sem ekki skilja þýðir það að ekki sá yfir þveran bátinn. Í þá daga voru tæki til siglinga fábreyttari en nú. Jónas sat í skipstjórastólnum með kveikt á dýptarmælinum einum tækja og fann allar okkar netabaujur einsog heiðskírt væri. Sá rataði fínt. Allt gekk einsog í sögu og við á Valafellinu vorum langt komnir með að draga öll netin þegar báturinn Fengur birtist fyrirvaralaust út úr þokunni. Skipstjórinn þar var enginn Jónas. Sá var ekki búinn að finna eina einustu bauju og þeir höfðu engin net dregið.

**ÞAÐ ERU MARGIR** þannig, einsog skipstjórinn á Feng. Sigla, eða vaða um og koma ekki neinu í verk. Sama hvort skyggni er gott eða slæmt. Þeir eru ekki afreksmenn, sem betur fer kannski. Svo eru enn aðrir sem framkvæma allt sem þeim kemur til hugar eða er sagt. Gleyma að spyrja, eða kæra sig ekki um það, hvað er rétt og hvað er best. Með göslagangi ná þeir kannski að komast til metorða, því miður ekki alltaf tímabundið.

**AÐ ÞÓKNAST ÞEIM** sem fara með vald á hverjum tíma er þekkt íþrótt. Sigurlaunin geta verið ágæt og langt umfram verðleika. Stundum endast þau ævilangt. Það er kannski verst, það er þegar valdsins menn skipa göslurunum á bekk þar sem ættu einungis að sitja þeir sem til þess hafa unnið. Bara þeir sem hafa ratað rétta leið, bæði þegar skyggni er gott og eins þegar svarta þoka er yfir. Einsog Jónas forðum daga. Þeir sem eru einsog skipstjórinn á Feng verða að læra að það þarf verðleika til að sóma sér á besta stað.




